CARLOS MENDEZ

*Grillar chorizo-pylsur fyrir starfsfélagana*

• matur • helgin

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



ÓLÖF JARA SKAGFJÖRÐ

*Æfir hlutverk Sandyar í Grease*

FÖSTUDAGUR FYLGIR Í DAG




JÓHANNA GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR

*Glæsileg í keppniskjólnum*

Erlendir blaðamenn fullir af áhuga

FÓLK 42




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. maí 2009 — 109. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR

### Uppákomur alla helgina



Fífa fagnar 30 ára afmæli með fjögurra daga afmælishátíð.

TÍMAMÓT 26

### Hittu Jarvis Cocker



Óvæntur gestur í veislu hjá Erpi Eyvindarsyni suður með sjó.

FÓLK 33

### Átök um Evrópu

„Fyrsta orrustan snerist um aðildina að EFTA. Þá heyrðust raddir sem fullyrtu að EFTA-aðild myndi grafa undan sjálfstæði og fullveldi þjóðarinnar“, skrifar Úlfar Hauksson.

UMRÆÐAN 24

### Á leið í Vesturbæinn?



Sigurður Ingimundarson gæti verið á förum frá Keflavík yfir til KR.

ÍÞRÓTTIR 38

## VEÐRIÐ Í DAG




**SVIPAÐ OG Í GÆR** Í dag verða víðast norðan 8-15 m/s. Snjókoma eða slydda norðanlands, slydda eða rigning norðaustan og austan til annars þurrt og bjart með köflum. Hiti 0-12 stig, mildast SA-lands.

VEÐUR 4

# AGS sver af sér viðræður

**Fastafulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á Íslandi segir Icesave-deilur vera tvíhliða deilur Breta og Íslendinga sem þeir blandi sér ekki í. Gordon Brown sagði á breska þinginu að stjórnvöld ættu í viðræðum við AGS um endurgreiðslu Íslendinga vegna innlána. Ólíðandi og undarleg ummæli, segir Steingrímur J. Sigfússon.**

**UTANRÍKISMÁL** „Mér finnast þetta undarleg ummæli og ólíðandi,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra um ummæli Gordons Brown, forsætisráðherra Breta, á breska þinginu á miðvikudag. Þar sagði Brown að bresk stjórnvöld ættu í viðræðum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um hversu hratt Íslendingar endurgreiði breskum stjórnvöldum vegna innlána.

Brown var að svara óundirbúinni fyrirspurn um Christies-sjúkrahúsið í Manchester sem tapaði innlánum sínum í Kaupþing Singer & Friedlander, sem var breskur banki, undir eftirliti breska fjármálaeftirlitsins. Hann sagði þó að í þessu tilfelli hafi Bretar ekki verið eftirlitsaðilarnir.

„Ábyrgðin liggur fyrst hjá íslenskum yfirvöldum að borga. Því eigum við í samningaviðræðum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og aðrar stofnanir um það hversu hratt Íslendingar geta borgað þær skuldir sem þeir eru í ábyrgð fyrir,“ sagði Brown. Tap á innlánum hjá Kaupþing Singer & Friedlander er ekki á ábyrgð íslenskra stjórnvalda og engin opinber krafa þar um hefur komið fram frá breskum stjórnvöldum.

Ekki hafði borist svar frá breskum stjórnvöldum um það hvers konar viðræður þau eigi við AGS, hvaða annarra stofnana Gordon Brown var að vísa til, eða hvort hann hafi með þessu verið að lýsa yfir nýrri kröfu á hendur íslenskum stjórnvöldum, þegar Fréttablaðið fór í prentun.

„Við lítum á þetta sem tvíhliða mál þessara ríkja [Íslands og Bretlands] og ætlumst til að aðrir geri það líka,“ segir Steingrímur. „Það er alvarlegt fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn ef það er stoð fyrir þessu.“

Steingrímur segir að auðvitað ráði Íslendingar því ekki við hverja Bretar tali og Brown verði að bera ábyrgð á þessum ummælum. „Hann hefur líklega verið í nauðvörn þarna í þinginu.“ Steingrímur segir þó hafa borið á því að Bretar líti ekki á Icesave-deilurnar sem tvíhliða viðræður.

Franek Rozwadowski, fastafulltrúi AGS á Íslandi, þvertekur fyrir að sjóðurinn eigi í viðræðum við Breta vegna Icesave. „Þetta er tvíhliða mál sem þarf að vera leyst tvíhliða,“ segir Franek. Hann segir sjóðinn ekki blanda sér í slíkar deilur milli aðildarríkja sjóðsins og það sé ekki gert í þessu tilfelli. **-ss**



**SÝND VEIÐI EN EKKI GEFIN** Þessi einbeitti veiðimaður stóð í ströngu í miðju Elliðavatni í gær þegar ljósmyndari blaðsins átti leið þar hjá. Í vatninu má finna bæði urriða og bleikju en ekki fylgir sögunni hvort aflabrögð voru mikil. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fjármálaráðgjöf verður efld:

## Átta vikna bið eftir ráðgjöf

**FÉLAGSMÁL** Ásókn í þjónustu Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna þrefaldaðist í apríl. Átta vikna bið er eftir viðtali við ráðgjafa stofunnar. Þessu verður mætt með verulega efldri þjónustu og bættri upplýsingagjöf til fólks í greiðsluvanda.

Undir handleiðslu félags- og tryggingamálaráðherra hefur síðustu daga verið unnið að því að stórefla Ráðgjafarstofuna svo þjónustan geti talist eðlileg. Verður starfsfólki fjölgað og gripið til annarra nauðsynlegra ráðstafana. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins verða aðgerðir í þessum efnum kynntar í dag.

Hörð gagnrýni hefur komið fram að undanförnu á þjónustu og upplýsingamiðlun stjórnvalda vegna greiðsluvanda einstaklinga. Hafa ráðherrar svarað því til að ýmis úrræði séu til staðar en viðurkennt um leið að miðlun upplýsinga hafi ekki verið nógu góð. **- bþs / sjá síðu 10**

Framsóknarmönnum gert að flytja úr þingflokksherbergi sínu til áratuga:

## Framsókn fúl yfir flutningum

**STJÓRNMÁL** Yfirstjórn Alþingis hefur ákveðið að Framsóknarflokkurinn og VG skipti á þingflokksherbergjum í þinghúsinu.

Ástæðan er sú að nýr fjórtán manna þingflokkur VG rúmast ekki í því herbergi sem flokkurinn hefur haft til umráða undanfarin kjörtímabil. Herbergi Framsóknarflokksins er talsvert stærra.

Framsóknarflokkurinn hefur haft afnot af sama þingflokksherberginu frá því að núverandi herbergjaskipan var komið á í þinghúsinu einhvern tíma á stríðsárunum. Eru þingmenn flokksins ósáttir við að þurfa að yfirgefa herbergið enda saga þess og flokksins samofin. Hefur forysta Framsóknar óskað eftir fundi með forseta þingsins til að ræða málið.

Framsóknarflokkurinn fékk níu menn kjörna í kosningunum í apríl, sama fjölda og VG hafði á síðasta kjörtímabili.

Herbergin eru hlið við hlið á fyrstu hæð þinghússins, andspænis herbergi Sjálfstæðisflokksins. **- bþs**










## SPURNING DAGSINS



*Þorbjörg, eigið þið fyrir salti í grautinn?*

„Já, og svo höfum við alltaf vegasaltið.“

Boðið verður upp á hafragraut þrisvar í viku í leikskólum Reykjavíkurborgar í hagræðingarskyni. Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir er formaður leikskólaráðs.

HB Grandi hefur tekið nýjan rafskautaketil í notkun í verksmiðju á Vopnafirði:

# Spara 3,3 milljónir lítra af olíu

**SJÁVARÚTVEGUR** HB Grandi hefur sett upp rafskautaketil í fiskimjölsverksmiðju sinni á Vopnafirði og framvegis verður innlend raforka notuð til þess að knýja vélar verksmiðjunnar. Kemur hún í stað svartolíu sem notuð hefur verið fram að þessu.

Vilhjálmur Vilhjálmsson, deildarstjóri uppsjávarsviðs HB Granda, segir um merkan áfanga að ræða. „Það er ekki nóg með að orkukostnaður lækki verulega við þessa breytingu, heldur mun draga gríðarlega úr losun gróðurhúsalofttegunda við framleiðslu á fiskmjöli og lýsi. Undanfarin ár hefur þurft að brenna um 3,3 milljónum lítra af svartolíu á ári til þess að keyra verksmiðjuna með tilheyrandi losun gróðurhúsalofttegunda. Nú heyrir sú losun vonandi að mestu leyti sögunni til.“



**FRÁ VOPNAFIRÐI** Fiskimjölsverksmiðjan á staðnum hefur verið gerð umhverfisvæn.

Kolmunnavinnslu er lokið á Vopnafirði en tækifærið til að keyra rafskautaketilinn var notað síðustu vinnsludagana. Enn gæti þó orðið einhver bið á því að framleiðsla á fiskmjöli og lýsi með innlendum orkugjafa hefjist af krafti á Vopnafirði. Tvö af uppsjávarveiðiskipum HB Granda eru á tilraunaveiðum á laxsíldartegundum, en laxsíld hefur ekki fundist enn í veiðanlegu magni. Síldveiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum hefjast væntanlega í júní. _- shá

Réðst á lögreglumenn:

# Síbrotamaður fer inn í þrjú ár

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest þriggja ára fangelsisdóm yfir síbrotamanni á fertugsaldri fyrir fjölda brota. Maðurinn, Már Ívar Henrysson, var ákærður í alls 25 liðum og sakfelldur í öllum tilvikum. Hann réðst meðal annars nokkrum sinnum á lögregluþjóna og stal 21 sjónvarpstæki úr gámi við verslun Byko.**

**Þá er hann sakfelldur fyrir fjölda annarra þjófnaðarbrota og umferðarlagabrota. Hann er einnig sviptur ökurétti í fimm ár. Þá segir í dómnum að hann hafi af fremsta megni reynt að hylja slóð sína. Maðurinn á sakaferil sem nær aftur til ársins 1994.** - sh

# Bílafloti lögreglu allur einkavæddur

**Rekstur alls bílaflota íslensku lögreglunnar hefur verið boðinn út. Ríkið hyggst lána hæstbjóðanda fyrir kaupum á flotanum og bílarnir verða síðan leigðir lögreglunni. Ríkisendurskoðun taldi þörf á að endurskoða reksturinn árið 2006.**

**STJÓRNSÝSLA** Dómsmálaráðuneytið hefur óskað eftir tilboðum í rekstur bílamiðstöðvar lögreglunnar. Til stendur að semja við einkaaðila um að taka miðstöðina í Skógarhlíð yfir ásamt öllum lögreglubílum á landinu. Munu þeir sjá um rekstur bílanna og annars sérstaks búnaðar, viðhald og endurnýjun í sex ár. Viðsemjandinn á að geta tekið við verkinu í síðasta lagi 1. október á þessu ári.

Kostnaðarmat liggur ekki fyrir, en ljóst er að kostnaðurinn við rekstur miðstöðvarinnar og bílanna hleypur á tugum ef ekki hundruðum milljóna á ári. Miðstöðin hefur verið stærsta einstaka verkefni Ríkislögreglustjóra og kostnaður við hana numið allt að þriðjungi af heildarrekstrarkostnaði – var til dæmis 330 milljónir árið 2005 og um 90 milljónir árið 2007.

Flotinn, alls 165 bílar og vélhjól, er metinn á 550 milljónir króna. Til stendur að ríkið láni fyrir kaupum á öllum ökutækjunum með verðtryggðu láni sem greitt skal upp að fullu á samningstímanum. Embætti ríkislögreglustjóra er síðan skuldbundið til að kaupa flotann aftur endurverðmetinn að samningstímanum liðnum. Húsnæðið í Skógarhlíð verður leigt viðsemjanda.

Gerð er krafa um að viðsemjandinn stofni sérstakt félag um rekstur bílamiðstöðvarinnar og jafnframt að sérstakt eignarhaldsfélag verði undir því sem sjái um bílana.

Félaginu er meðal annars falið að endurnýja bílaflotann eftir þörfum lögreglu í samræmi við reglur og kröfur um aldur og ástand ökutækjanna. Viðgerðar- og viðhaldskostnaður umfram 110 milljónir á ári verður hins vegar í höndum dómsmálaráðuneytisins. Þar sem lögregluembætti eru á landsbyggðinni þarf félagið að hafa samning við löggilt bifreiðaverkstæði.

Bílamiðstöðin var sett á fót árið 2000 til þess að rekstur allra lögreglubíla væri á einni hendi. Ríkislögreglustjóri leigði lögregluembættum síðan bílana. Fjórir starfa nú við bílamiðstöðina.

Árið 2006 gerði Ríkisendurskoðun stjórnsýsluúttekt á embætti Ríkislögreglustjóra þar sem fram kom að stofnun Bílamiðstöðvarinnar verið framfaraskref í bílamálum lögreglunnar, en hún ætti hins vegar rekstrarvandræði að stríða og stæði ekki undir sér eins og til var ætlast. Það bitnaði á getu hennar til að endurnýja flotann eins og þurfti. Þann vanda þyrfti að leysa.

stigur@frettabladid.is



**BRÁTT Í EINKAEIGU** Einkaaðilinn sem tekur við verkinu þarf að sinna öllu viðhaldi á bílunum, meðal annars vegna skemmda, og endurnýja flotann ef þörf krefur. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

## ÖKUTÆKIN OG BÚNAÐURINN

Íslensk lögregluyfirvöld eiga 165 ökutæki. Þau eru:

- 85 merktir fólksbílar
- 30 ómerktir fólksbílar
- 16 stærri sendibílar
- 15 jeppar
- 15 bifhjól
- 4 minni sendibílar

Búnaðurinn sem er um borð í bílunum og nýju einkafélagi verður falið að annast, endurnýja og halda við, er margs konar. Meðal annars (athugið að búnaðurinn er ekki endilega í öllum bílum):

- Ratsjár
- Upptökubúnaður
- Talstöðvar
- Leiðsögutæki
- Farsímar
- Tölvubúnaður
- Forgangsljós
- Hjartastuðtæki
- Vopnabúnaður



**Í FRÍBÚÐINNI** Tónlist, bækur og fatnaður er meðal þess sem má fá ókeypis í Fríbúð hústökufólksins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hústökufólk á Vatnsstíg:

# Fríbúð fær að vera opin í bili

**LÖGREGLAN Fríbúð hústökufólks við Vatnsstíg 4 var opnuð að nýju í gær, en lögregla aðhafðist ekki vegna þess.**

**„Við höfum ákveðið að gera ekkert í bili allavega,“ segir Sveinn Erlendsson, varðstjóri hjá lögreglunni. Hann telur að beðið verði eftir beiðni frá eiganda hússins um að það verði rýmt, en það hefur staðið autt í nokkur ár.**

**Í tilkynningu frá hústökufólkinu segir að opnun búðarinnar sé yfirlýsing um staðfestu og andspyrnu. Borgin sé fyrir fólkið, en ekki auðjöfra og verktaka. Í Fríbúð megi gefa og þiggja veraldlega hluti og er öllum boðið að vera með.** - kóþ

Sparifjáreigendur í Hollandi:

# Ræða Icesave við sendiherra

**EFNAHAGSMÁL** Sparifjáreigendur í Hollandi, sem hafa tapað fé á Icesave-reikningum Landsbankans, hafa fengið boð um að hitta sendiherra Íslands gagnvart Hollandi um miðjan mánuðinn. Þetta segir Gerard van Vliet, forsvarsmaður hópsins, í samtali við Vísi.

Hópurinn telur að neyðarlögin frá 6. október, sem verja innstæður Íslendinga, mismuni sparifjáreigendum eftir þjóðerni. Þetta brjóti gegn EES-samningnum. -kóþ



**KANNABIS** Ræktunin var stutt á veg komin í Berufirðinum.

Kannabisræktun í Berufirði:

# Tóku ólöglegt gras á sveitabæ

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Eskifirði upprætti í gær kannabisverksmiðju á sveitabæ í Berufirði á Austurlandi. Ræktunin var stutt á veg komin en fullkomnum tækjabúnaði hafði verið komið upp til framleiðslunnar.

Lögreglan eystra vinnur að rannsókn málsins í samstarfi við fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Enginn hefur verið handtekinn en tveir hafa verið yfirheyrðir og hafa réttarstöðu sakbornings.

Að sögn lögreglunnar eystra hefur verið fylgst með mannlausum sveitabæjum vegna frétta um kannabisræktun að undanförnu. Fylgst hafði verið með bænum þar sem ræktunin fannst í þrjár vikur vegna gruns um að þar færi eitthvað misjafnt fram. - shá

Átök í Breiðholti:

# Fimm teknir eftir ryskingar

**LÖGREGLUFRÉTTIR Fimm menn voru handteknir eftir ryskingar á stigagangi fjölbýlishúss við Kríuhóla í Reykjavík skömmu eftir hádegi í gær. Tveir voru fluttir á slysadeild, annar með höfuðáverka en hinn minna slasaður.**

**Að sögn lögreglu lítur út fyrir að hinir fimm handteknu hafi ráðist að hinum slösuðu í húsinu. Rannsókn lögreglunnar á vettvangi stóð enn yfir síðdegis í gær. Til stóð að yfirheyra mennina í gærkvöldi. Að sögn lögreglu eru þeir af austurevrópskum uppruna.** - kg






Siglingamenn í Reykjavík telja sig ofsótta af yfirvöldum í kjölfar smyglmála:

# Allir stimplaðir dópsmyglarar

**ÚTIVIST** Siglingamenn telja sig ofsótta og hafa risið til varnar almenningsáliti og meintum neikvæðum viðhorfum innan lögreglu, tollgæslu og Landhelgisgæslunnar samkvæmt pistli á heimasíðu siglingaklúbbsins Brokeyjar. Pistillinn er undir fyrirsögninni „Skútufólk ofsótt“ og segir að ekki megi hreyfa seglbát án þess að tollurinn mæti á staðinn.

„Þetta er farið að minna illilega á það viðhorf sem birtist eftir títtnefnt slys fyrir nokkrum árum þar sem ölvun átti þátt í að hraðbátur steytti á skeri með skelfilegum afleiðingum,“ segir í pistlinum. „Þegar rætt var við fólk sem starfaði hjá lögreglu og Landhelgisgæslu var augljóst að flestir töldu skemmtibátasiglara alltaf dauðadrukkna á ferð í bátum sínum og full ástæða til að sýna þessum lýð í tvo heimana. Nú virðist alveg ljóst að skútusiglarar eru allir stimplaðir dópsmyglarar og skal fylgjast náið með þeim hvar sem til þeirra næst. Staðreyndin er hins vegar sú að skútusiglarar eru íþróttafólk og fjölskyldufólk“ segir í pistlinum „að stunda íþrótt sína í keppni eða rólegheitasiglingu um sundin“.

Sigurður Skúli Bergsson aðstoðartollstjóri kannast ekki við neikvæð viðhorf, ofsóknir eða meira eftirlit með siglingamönnum nú en áður. Hvorki Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, né Halldór Nellet, framkvæmdastjóri hjá Landhelgisgæslunni, kannast við neikvæð viðhorf eða aukið eftirlit. Halldór segir að farið sé í eftirlit á sumrin en ekkert óvenjulegt hafi komið upp. - ghs



**MÁ EKKI HREYFA BÁT** Siglingamenn hjá Brokey telja að skútumenn séu ofsóttir því að ekki megi hreyfa seglbát án þess að tollurinn mæti á staðinn, samkvæmt pistli á heimasíðu Brokeyjar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




# Nokkrir athyglisverðir punktar

## e-Vildarkortið kemur vel út – heima og heiman!

e-korthafar fá endurgreiðslu af öllum innlendum færslum. Í hvert skipti sem þú verslar við yfir **200 samstarfsaðila e-kortsins** safnarðu endurgreiðslu í **beinhörðum peningum** sem þú getur notað í hvað sem þú vilt.




Þannig ræðurðu hvort þú setur þá fjármuni í daglegan rekstur heimilisins eða gerir vel við þig og þína og ferð til útlanda – **á besta mögulega verðinu, á þeim tíma sem þér hentar best.** Nánar á www.ekortin.is

Fíton/SÍA

KAUPÞING

Samanburður: Innanlandsvelta upp á 2.500.000 kr. á ári með Gull e-Vildarkorti annars vegar og Classic Icelandair American Express hins vegar.

VILDARKORT
ekortin.is

## GENGIÐ 06.05.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,08 | 126,68 |
| Sterlingspund | 190,22 | 191,14 |
| Evra | 167,79 | 168,73 |
| Dönsk króna | 22,524 | 22,656 |
| Norsk króna | 19,164 | 19,276 |
| Sænsk króna | 15,785 | 15,877 |
| Japanskt jen | 1,281 | 1,2884 |
| SDR | 189,15 | 190,27 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

206,6519

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjármálaráðherra fagnar boðaðri vaxtalækkun í næsta mánuði:

# Myndarlegt skref í rétta átt

**EFNAHAGSMÁL** „Ég fagna því að Seðlabankinn taki þetta myndarlega skref, og ekki síður að hann hvetji bankana til að fara jafnvel enn hraðar niður með vexti,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.

Seðlabankinn tilkynnti í gær um 2,5 prósentustiga lækkun á stýrivöxtum, niður í 13 prósent úr 15,5 prósentum. Bankinn boðaði einnig vaxtalækkun á næsta vaxtaákvörðunardegi í júní.

„Vaxtalækkunarferlið er hratt, sem er mjög ánægjulegt, þótt eftirvæntingin eftir lægri vöxtum sé enn mjög mikil,“ segir Steingrímur.

Hann segir einnig jákvætt að bankinn kveði fast að orði um væntanlega vaxtalækkun eftir innan við mánuð.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra gaf ekki kost á viðtali í gær.

- bj, kóþ



**STEINGRÍMUR JÓHANN SIGFÚSSON** Fjármálaráðherra er ánægður með hratt vaxtalækkunarferli Seðlabankans, en segir miklar væntingar eftir frekari lækkunum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Stýrivextir evru aldrei lægri:

## Eins prósents vextir í Evrópu

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabanki Evrópu tilkynnti um stýrivaxtalækkun í gær. Vextir lækka niður í eitt prósent, en þeir voru áður 1,25 prósent. Um leið verður 60 milljörðum evra dælt út í hagkerfin með skuldabréfakaupum.

Þetta er í sjöunda skipti sem seðlabankinn lækkar vexti síðan í október 2008, þegar þeir voru 4,25 prósent. Jean-Claude Trichet, bankastjóri Evrópska seðlabankans, útilokar ekki frekari vaxtalækkanir á næstunni.

Gengi evru hækkaði gagnvart dollara, eftir tilkynninguna. Stýrivextir í Bandaríkjunum eru á bilinu 0 til 0,25 prósent. - kóþ

Þingmaður Borgarahreyfingar:

## Of varlega farið í vaxtalækkun

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabankinn verður að vera varfærinn, en með 2,5 prósentustiga stýrivaxtalækkun er of varlega farið miðað við það neyðarástand sem er í efnahagsmálum, segir Þór Saari, þingmaður Borgarahreyfingarinnar.



**ÞÓR SAARI**

„Mér fannst lækkunin of lítil, þetta er hvorki í samræmi við verðbólgu né verðbólguhorfur,“ segir Þór. Ekki sé verið að leyfa almenningi að njóta góðs af því þótt aðstæður fyrir vaxtalækkun hafi skapast. - bj

Bjarni Benediktsson:

## AGS hindri frekari lækkun

**EFNAHAGSMÁL** „Ég tel að vextir eigi að vera mun lægri en þetta,“ segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokks.



**BJARNI BENEDIKTSSON**

„Það er eins og Seðlabankinn bíði eftir skýringum frá ríkisstjórninni. Bankinn gerir ráð fyrir skattahækkunum, sem vekur spurningar um hvort milli ríkisstjórnar og AGS hafi tekist samkomulag um þetta.“ AGS kunni að halda aftur af vaxtalækkunum.

„Ef maður horfir á gríðarlegan vaxtamun milli Íslands og evrusvæðisins og að viðbættum gjaldeyrishöftum, þá skilur maður ekki þær röksemdir til fulls, [að háir vextir haldi uppi gengi krónu].“ - kóþ

# Yfirlýsing dregur úr vonleysinu segir ASÍ

**ASÍ og SA eru sammála um að vaxtalækkun Seðlabankans sé jákvæð, en ganga hefði átt lengra. Kemur ekki í veg fyrir að fyrirtækjum blæði út, segir formaður SA. Kemur í veg fyrir að hægt sé að losa um jöklabréfavandann að mati ASÍ.**

**EFNAHAGSMÁL** Forsvarsmenn ASÍ og Samtaka atvinnulífsins (SA) fagna því að stýrivextir Seðlabankans hafi lækkað um 2,5 prósent í gær, en eru sammála um að lækkunin hafi verið of lítil.

„Þetta er eins og ég óttaðist en ekki eins og ég vonaðist til,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ. Hann segir jákvætt að Seðlabankinn taki stærra skref en síðast, en ASÍ telji að ástæða hefði verið til þess að lækka stýrivextina mun meira.

Yfirlýsing peningastefnunefndar Seðlabankans um að von sé á frekari vaxtalækkunum í júní mun hafa jákvæð áhrif, að mati Gylfa. Það dragi úr vonleysi og horfur séu á verulegum lækkunum á næstu tveimur til fjórum mánuðum, eins og seðlabankastjóri hafi upplýst á fundi með fulltrúum ASÍ og SA í gær. Þá geti fyrirtæki farið að undirbúa framkvæmdir með von um betri tíð á næstunni.

„Þetta er stórt skref fyrir Seðlabankann en mjög lítið skref fyrir atvinnulífið,“ segir Þór Sigfússon, formaður SA. Einnig skipti verulegu máli að lofað sé kröftugri lækkun í júní haldi spár bankans.

„Þessi aðgerð kemur ekki í veg fyrir að fyrirtækjunum í landinu haldi áfram að blæða út,“ segir Þór. Vextirnir þurfi að komast undir tíu prósent sem fyrst, og helst lægra. Vandinn með háa vexti sé sá að þá borgi sig frekar að geyma peninga í banka en að fjárfesta, sem skapi vítahring þar sem fyrirtæki fái ekki fjármagn.

„Ef menn lækka vexti í um það bil fimm prósent er líklegra að þeir sem eigi peninga fari að huga að framkvæmdum, bankarnir eru yfirfullir af fjármunum,“ segir Þór.

Gylfi segir augljóst að Seðlabankanum muni ganga illa að fá erlenda aðila sem eigi fjármuni hér á landi til að breyta krónunum í evruskuldabréf. Seðlabankinn hefur kynnt slíka leið til að losa um meðal annars svokölluð jöklabréf.

Ástæðan er sú að meðan vextir eru mun hærri hér en á evrusvæðinu borgi sig ekki fyrir fjármagnseigendurna að skipta eignum sínum í evrubréf því bankavextirnir séu svo háir hér á landi.

Réttara væri að nota tímabil gjaldeyrishafta til að lækka vexti hér hratt og mikið, þannig að ekki sé meira en fjögurra prósenta munur á Íslandi og evrusvæðinu.

brjann@frettabladid.is



**GYLFI ARNBJÖRNSSON**



**ÞÓR SIGFÚSSON**

### BJÓÐA ASÍ OG SA Á RÖKSTÓLA

Settur verður af stað nýr vinnuhópur fulltrúa Seðlabankans, ASÍ og Samtaka atvinnulífsins (SA) til að greina stöðuna, segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.

Svein Harald Øygard seðlabankastjóri bauð forsvarsmönnum ASÍ og SA að taka þátt í vinnuhópnum á fundi eftir að vaxtaákvörðun bankans hafði verið kynnt í gær.

„Við horfum með mikilli jákvæðni til breytts fyrirkomulags,“ segir Gylfi. „Fyrri bankastjórn vildi hafa mjög lokað ferli um sínar vaxtaákvarðanir og neitaði formlegu samstarfi þar sem hún taldi það raska sínu sjálfstæði. Það er mikið fagnaðarefni að seðlabankastjóri taki svona á þessu máli og ástæða til að þakka það,“ segir Gylfi.

Gauti B. Eggertsson:

## Stjórnmálafólk tjái sig ekki

**EFNAHAGSMÁL Gauti Eggertsson, hagfræðingur við Seðlabankann í New York, segist stöðu sinnar vegna ekki vera í aðstöðu til að ræða um stýrivaxtalækkun gærdagsins. Hún sé þó skref í rétta átt.**

**Á heimasíðu sinni fjallar Gauti hins vegar um hegðun stjórnmálamanna í vaxtaákvörðunarferlinu.**

**„Það er vondur siður ef íslenskir stjórnmálamenn ætla að fara að taka upp á því að lýsa því yfir hverju þeir búast við þegar Seðlabankinn tekur stýrivaxtaákvarðanir, jafnvel daginn áður en slíkar ákvarðanir en teknar,“ segir þar. Gild rök séu fyrir því að þær séu ekki teknar á vettvangi stjórnmálanna.** - kóþ

Sigmundur Davíð:

## Háir vextir lækki gengið

**EFNAHAGSMÁL** „Það má færa rök fyrir því að svona háir vextir veiki krónuna frekar en hitt, enda stafi veikingin að miklu leyti af háum vaxtagreiðslum til erlendra krónubréfaeigenda,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknar.



**SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON**

Háir vextir hafi ekki dugað til að styrkja krónu hingað til og til lengri tíma séð séu lægri vextir líklegri til þess, og til að styrkja efnahagslífið yfir höfuð.

„Þetta er allt of lítið, allt of seint. En það er gott að þetta sé í rétta átt. Ég skil bara ekki að ekki sé búið að lækka þá meira, eins og í öðrum löndum.“ - kóþ

NÝR KRÆKLINGUR

SUSHI

SIGIN GRÁSLEPPA

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**HELGARHORFUR**

Þótt hvasst sé víða á landinu í dag lægir í nótt, fyrst vestan til. Á morgun verður hæg norðvestlæg eða breytileg átt en þó áfram stíf norðvestan átt allra austast. Lægir smám saman. Víðast nokkuð bjart veður sunnan- og vestanlands annars skýjað og þurrt. Hiti 0-8 stig, mildast SA-til. Á sunnudag verða suðvestan 5-10 m/s með skúraveðri, sýst fyrir austan. Milt.



**Á MORGUN**
8-13 m/s austanlands annars hæglætisveður

**MÁNUDAGUR**
5-10 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 24° |
| Amsterdam | 14° |
| Basel | 23° |
| Berlín | 22° |
| Billund | 14° |
| Eindhoven | 15° |
| Frankfurt | 21° |
| Friedrichshafen | 19° |
| Gautaborg | 16° |
| Kaupmannahöfn | 16° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 15° |
| New York | 24° |
| Orlando | 33° |
| Osló | 12° |
| París | 17° |
| Róm | 22° |
| Stokkhólmur | 12° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Amerískir dagar

*ekta nautasteikur á amerískum dögum*

100% FULLMEYRNAÐ GÆÐAKJÖT
TILBÚIÐ BEINT Á PÖNNUNA, OFNINN EÐA GRILLIÐ
LEIÐBEININGAR

ÍSLANDS NAUT
*Stolt kjötmeistarans*




**Ribeye** *úr framhrygg* — 2.209 kr/kg. Merkt verð 3.398.-

**Nautaprime** *úr framhrygg* — 2.209 kr/kg. Merkt verð 3.398.-

**Entrecote** *úr spjaldhrygg* — 2.209 kr/kg. Merkt verð 3.398.-

**Roaststeik úr entrecote** *úr spjaldhrygg* — 2.079 kr/kg. Merkt verð 3.198.-

ÓDÝRT Í HAGKAUP

NEW ORLEANS SVÍNARIF — 947 kr/kg. Merkt verð 1.579.-

TEXAS MARINERAÐAR KJÚKLINGABRINGUR — 1.949 kr/kg. Merkt verð 2.998.-

WESTERN KJÚKLINGALUNDIR — 1.884 kr/kg. Merkt verð 2.998.-

*Restaurant Style* 2 hamborgarar stk x 120 gr m/ brauði og sósu

RESTAURANT STYLE 2 HAMBORGARAR — 503 kr/pk. Merkt verð 629.-

## Wishbone salatsósur

Caesar Vinagrette
Blue Chesse
Creamy Caesar
Italian dressing
Ranch dressing
Thousand Island

**Edge to Edge pizzur**
- frá Chicago Town

**Pringles Rice Infusion snakk** — Nýtt á USA dögum — 399 kr/stk.
- 3 tegundir

**Skreyttir kleinuhringir** — 99 kr/stk. Verð áður 158.-
- margar tegundir

**Ritz kex með ostabragði** — Nýtt á USA dögum
- spennandi nýjung

**BBQ og Buffalo vængir** — ÓDÝRT Í HAGKAUP — 2 FYRIR 1 — 679 kr/pk.
- fulleldaðir

**Coke 2 lítra, 4 í pakka** — ÓDÝRT Í HAGKAUP — 599 kr/pk. Verð áður 899.-
- 2 Ltr. Coke, Coke Light eða Coke Zero

**Jim Beam & Famous Dave´s**
- frábærar BBQ sósur

**Pepperidge Farm kökur**
- fjórar tegundir

Gildir til 10. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**



*Telur þú að stjórnarmyndunarviðræður taki of langan tíma?*

| | |
|---|---|
| Já | 79,4 |
| Nei | 20,6 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefði gengi krónu þolað frekari stýrivaxtalækkun?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is vísir

Ný könnun Capacent á lestri dagblaða:

# Sterk staða Fréttablaðsins

**FJÖLMIÐLAR** Fréttablaðið hefur mikla yfirburðastöðu á íslenskum dagblaðamarkaði samkvæmt nýrri lestrarkönnun Capacent. Hvern dag má gera ráð fyrir að rúmlega 50 þúsund fleiri landsmenn lesi Fréttablaðið að meðaltali en Morgunblaðið.

Meðallestur á hvert tölublað Fréttablaðsins mælist nú 61,9 prósent. Það er örlítið minni lestur en mældist í síðustu könnun, en þá lásu 63,7 prósent Íslendinga blaðið.

Lestur Morgunblaðsins minnkar einnig milli kannana, en þó heldur meira, lækkar úr 42,7 prósentum í 40,1 prósent. Lestur DV og Viðskiptablaðsins er ekki kannaður af Capacent

Yfirburðastaða Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði er enn meira afgerandi ef litið er eingöngu til lesenda á aldrinum 18 til 49 ára. Meðallestur á hvert tölublað í þeim hópi mælist 63,2 prósent hjá Fréttablaðinu, en 31,1 prósent hjá Morgunblaði.

Lestur Fréttablaðs í aldurshópnum umfram Morgunblaðið er því 103 prósent, eða ríflega tvöfaldur.

Lestur Fréttablaðsins minnkar á landsbyggðinni. Má rekja það til samdráttar á upplagi og dreifingarsvæði blaðsins, en til þeirra aðgerða var gripið í hagræðingarskyni síðla vetrar.

Staða Fréttablaðsins er hins vegar ákaflega sterk á höfuðborgarsvæðinu, og styrkist milli kannana. Að meðaltali lesa 73 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins Fréttablaðið en 44,2 prósent Morgunblaðið.

Í aldurshópnum 12 til 54 ára er Fréttablaðið með að meðaltali ríflega tvöfalt fleiri lesendur á höfuðborgarsvæðinu en keppinauturinn.

Könnun Capacent var gerð í síma og nær yfir tímabilið 1. febrúar til 1. maí. Niðurstöðurnar eru byggðar á svörum 2.554 manns á aldrinum 12 til 80 ára.




Lesendur 12-80 ára allt landið.
Heimild: Capacent



**BÖRN Á FLÓTTA** Flóttamannastraumurinn eykst hratt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hörð átök í Pakistan:

## Þúsundir flýja átakasvæðin

**PAKISTAN, AP** Þúsundir skelfingu lostinna Pakistana flúðu átakasvæðin í Swat-dal, þar sem talibanar berjast við hersveitir ríkisstjórnarinnar. Fólkið streymdi inn í yfirfullar flóttamannabúðir og sjúkrahús með örþreytt og svöng börn. Margir höfðu þurft að fara krókaleiðir til að komast fram hjá vegatálmum talibana.

Þriggja mánaða gamall friðarsamningur ríkisstjórnarinnar við talibana rann út í sandinn í síðustu viku. Ríkisstjórnin virðist staðráðin í að vinna fullnaðarsigur á talibönum, þótt það geti kostað langt stríð í dalnum. - gb

Grunaðir um ölvun:

## Stjörnduðu bát við Geirsnef

**LÖGREGLUFRÉTTIR Fjórir menn voru handteknir eftir að lítill skemmtibátur sem þeir voru um borð í strandaði við Geirsnef um hálfþrjúleytið í gærdag. Til stóð að yfirheyra mennina í gærkvöldi, en þeir voru grunaðir um ölvun.**

**Neyðarlínu barst tilkynning um strandið og gerði Landhelgisgæslunni viðvart. Að sögn lögreglu sakaði engan við strandið en báturinn mun hafa skemmst töluvert. Engir aðrir bátar urðu á vegi þess sem strandaði.**

**Eigandi bátsins var um borð og var handtekinn.** - kg

# Sparnaðarleið háð aðgerðum stjórnar

**Viðbrögð við launalækkun gegn frítöku voru jákvæð, að sögn bæjarstjóra Akureyrar. Borgarstjóri sér ekki fyrir sér að gripið verði til launaskerðingar gegn frítöku á þessu ári. Laun þeirra lægst launuðu verða ekki lækkuð.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Framgangur þessarar hugmyndar er meira og minna háður því hvað ný ríkisstjórn mun gera varðandi sveitarfélögin og við munum því væntanlega taka ákvörðun um þetta seinna í þessum mánuði," segir Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarstjóri á Akureyri, um niðurskurð hjá sveitarfélaginu með launaniðurskurði gegn frítöku.

Samband íslenskra sveitarfélaga leitar nú leiða til að forðast uppsagnir vegna yfirvofandi niðurskurðar hjá sveitarfélögunum. Vill stjórn sambandsins því veita þeirri hugmynd brautargengi að laun verði lækkuð hjá starfsmönnum sveitarfélaganna í landinu um fimm prósent á móti tíu til tólf frídögum á ári. Miklum sparnaði má ná með þessari leið og koma í veg fyrir uppsagnir. Hugmyndin verður tekin fyrir á samráðsfundi sveitarfélaganna í næstu viku þar sem fjárhagsstaða sveitarfélaganna verður rædd.

Hugmyndin er sprottin frá sveitarstjórnarfólki á Akureyri. „Við kynntum hugmyndina fyrir okkar stjórnendum fyrir páskana og þeir aftur kynntu hana á meðal starfsmanna. Viðbrögðin voru heilt yfir góð," segir Sigrún. Hún segir að stórar ákvarðanir verði ekki teknar hjá sveitarfélögum landsins fyrr en ný ríkisstjórn sýnir á spilin. Upphaflega hugmyndin var að frítökuleiðin tæki gildi í haust hjá afmörkuðum hópi starfsfólks en annars í upphafi næsta árs.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, segir að frítökuleiðin verði tekin alvarlega til skoðunar ef vilji sveitarfélaganna verður í þá átt. „Við stöndum frammi fyrir sömu rekstrarforsendum og önnur sveitarfélög, en það skal þó sagt að ekki kemur til greina að lækka lægstu laun hjá Vestmannaeyjabæ."

Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri segir hugmyndinga um fimm prósent leiðina hafa verið rædda á vettvangi SÍS eins og margar aðrar hugsanlegar leiðir til sparnaðar. Hins vegar hafi engin afstaða verið tekin til hennar á vettvangi borgarstjórnar Reykjavíkur. „Það liggur fyrir hvað við hyggjumst gera í starfsmannamálum hjá okkur á þessu ári og kemur fram í aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar. Allar frekari ákvarðanir verða unnar í þverpólitísku sátt og í samráði við starfsfólk okkar og stéttarfélög þeirra." Hanna Birna sér ekki fyrir sér að gripið verði til skerðingar á launum gegn frítöku á þessu ári, enda myndi slík ákvörðun ekki samræmast gildandi fjárhagsáætlun borgarinnar.

svavar@frettabladid.is



**FRÁ HÚSAVÍK** Hugmynd um launalækkun gegn frítöku næði ekki til þeirra lægst launuðu. FRÉTTABLAÐIÐ/KK



**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR**



**SIGRÚN BJÖRK JAKOBSDÓTTIR**

Fangar ákærðir fyrir afbrot:

## Pólstjörnufangi með fíkniefni

**DÓMSMÁL Tveir refsifangar á Litla-Hrauni hafa verið ákærðir fyrir hafa smáræði af kannabisefnum og e-töfludufti í fórum sínum í fangelsinu. Annar fanganna, Einar Jökull Einarsson, hlaut níu og hálfs árs dóm fyrir að flytja 40 kíló af fíkniefnum til landsins í Pólstjörnumálinu svokallaða. Hann var höfuðpaurinn í því máli.**

**Hinn fanginn er Guðmundur Freyr Magnússon, sem hlaut þriggja og hálfs árs fangelsi árið 2007 fyrir nokkur brot, meðal annars fyrir að fara ránshendi um hús í Þorlákshöfn og kveikja síðan í því. Kona og tvö börn sváfu í húsinu en sluppu ómeidd.** - sh

Styrkir til Sjálfstæðisflokksins:

## Verður skilað fyrir 1. júní

**STJÓRNMÁL** Sjálfstæðisflokkurinn mun í mánuðinum endurgreiða Landsbankanum og FL-Group að mestu þá styrki sem flokkurinn þáði fyrir síðustu kosningar. Þetta segir Bjarni Benediktsson, formaður flokksins.

Alls fékk flokkurinn 60 milljónir frá fyrirtækjunum og mun endurgreiða Landsbanka 25, en FL-Group þrjátíu.

„Við erum að vinna í því í samræmi við getu okkar að endurgreiða þeim," segir Bjarni, spurður um fjárhagsstöðu flokksins. Peningarnir fari til þeirra lögaðila sem halda utan um fyrirtækin, en þau eru bæði komin í þrot. - kóþ



**BJARNI BENEDIKTSSON**




Yfirlæknir á geðdeild segir fyrstu mánuði ársins með rólegasta móti:

# Komum á geðdeild fækkar

**HEILBRIGÐISMÁL** „Miðað við síðustu ár hafa þessir fyrstu mánuðir ársins verið með rólegasta móti hjá okkur," segir Halldóra Ólafsdóttir, yfirlæknir á bráðamóttöku og göngudeild geðdeildar Landspítalans. Tölur yfir komur á deildina fyrstu fjórtán vikur þessa árs sýna að þeim hefur fækkað talsvert frá fyrri árum.

Halldóra segir starfsfólk deildarinnar stöðugt fylgjast með fjölda sjúklinga og álagi á starfsfólk. „Nákvæmar tölur yfir komur fyrstu fjórtán vikur ársins sýna fram á töluverða fækkun. Síðustu tvö til þrjú árin hefur ekki verið óalgengt að komurnar á þessum árstíma hafi verið á bilinu 160 til 200 á viku og jafnvel rúmlega það. Fyrstu fjórtán vikur þessa árs voru komurnar frá 110 og upp í 160 talsins. Við höfum ekki nákvæmar tölur yfir komurnar síðustu tvo mánuði eða svo, en mér sýnist að fleiri hafi sótt til okkar á þeim tíma en var í byrjun árs. Sú fjölgun er þó ekkert yfirgengileg," segir Halldóra.

Að sögn Halldóru er ekki vitað hverju þessi fækkun í byrjun sætir. „Hugsanleg ástæða gæti verið sú að fólk telji sig ekki lengur hafa efni á að koma til okkar. Maður heyrir það sums staðar, bæði frá sjúklingum og öðrum. En það gætu líka verið einhverjir aðrir þættir sem koma þar inn í. Þetta er auðvitað fremur lítil bráðamóttaka og miklur sveiflur í þessu," segir Halldóra Ólafsdóttir. - kg



**HALLDÓRA ÓLAFSDÓTTIR**



**GEÐDEILD** Yfirlæknir segir hugsanlega ástæðu fyrir fækkun sjúklinga vera þá að fólk hafi ekki efni á að leita til geðdeildar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# SHOW ROOM REYKJAVIK

SÝNING Fatahönnunarfélags Íslands Í Portinu í Hafnarhúsinu 8. og 9. maí 2009

Andersen & Lauth, ásta créative clothes, AFTUR, BIRNA, Cintamani, E-label, ELM, Farmers Market, GuSt, HANNA, KRON by KRONKRON, ÍSTEX, kvk, LHÍ, Lúka Art&Design, Lykkjufall, María Lovísa, MUNDI, NIKITA, 66°Norður, Nostrum, REY, Thelma / Skaparinn, STEiNUNN

Opnar föstudag 8.maí kl. 17-19
Opið laugardag 9.maí kl. 10-17

SMIRNOFF

fi

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hver er þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins?*
2. *Hver skoraði sigurmark Barcelona í meistaradeildarleiknum gegn Chelsea?*
3. *Á hvað mörgum af hundrað bestu plötum Íslandssögunnar kemur Tómas Tómasson við sögu?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Sænski ræðismaðurinn í Recife hitti íslenska kókaínsmyglarann í gær:

# Ragnar fékk lyf og peninga

**LÖGREGLUMÁL** Ræðismaður Svíþjóðar í Recife í Brasilíu hitti kókaínsmyglarann Ragnar Erling Hermannsson í Cotel-fangelsinu í gær fyrir atbeina íslenskra stjórnvalda. Hann lét Ragnar hafa peninga og ætlar að aðstoða við að útvega honum lögmann.

„Hann er í þokkalegu yfirlæti strákurinn núna,“ segir Hermann Þór Erlingsson, faðir Ragnars, sem hefur verið í sambandi við fangelsisstjórann í Cotel-fangelsinu og setið fundi vegna málsins í utanríkisráðuneytinu. „Hann hefur fengið lyf við þessari magakveisu sem hann fékk, þessari matareitrun, og líður þannig séð bara vel miðað við aðstæður.“

Ragnar, sem var handtekinn á flugvellinum í borginni með 5,7 kíló af kókaíni í fórum sínum, þarf enn að dúsa við daprar aðstæður í fjölmennum fangaklefa. „Markmiðið er að fá góðan lögmann í þetta strax þannig að það sé hægt að reyna að koma honum sem fyrst yfir í skárra fangelsi,“ segir Hermann, og á þar við sérstakt útlendingafangelsi þar sem aðstæður eru yfirleitt betri. „Það var gott að fá þessar góðu fréttir af honum þótt við hefðum auðvitað viljað tala við hann sjálf,“ segir faðir hans. **- sh**



RAGNAR ERLING HERMANNSSON

**ENGIR SAMNINGAR UM FANGAFLUTNINGA**

Ekki eru í gildi samningar á milli íslenskra og brasilískra stjórnvalda um fullnustu refsidóma og flutning fanga. Slíkur samningur hefur verið í burðarliðnum en ekki liggur fyrir hvenær þeirri vinnu lýkur.

Ekki er hægt að aðhafast nokkuð í máli Ragnars fyrr en hann hlýtur dóm. Þess getur hins vegar verið langt að bíða.

Skorað á ráðamenn:

# Meðferðarúrræði séu varin

**HEILBRIGÐSMÁL Fagdeild geðhjúkrunarfræðinga hvetur ráðamenn og stjórnendur í geðheilbrigðismálum til að standa vörð um þær forvarnir og meðferðarúrræði sem þegar eru í boði. Einnig að leita allra leiða til að styðja og efla geðheilbrigði landsmanna á þessum erfiðu tímum. Þetta kemur fram í ályktun frá fagdeildinni.**

**Í ályktuninni segir að reynslan sýni að samfélagslegt ástand eins og nú er á Íslandi reyni mjög á andlega heilsu landsmanna. Forvarnir og meðferðarúrræði séu nauðsynleg til að draga úr þeim samfélagslega skaða sem gæti orðið í kjölfarið.** **- kg**

Prófessor í viðskiptafræði:

# Gengi krónu áfram veikt

**EFNAHAGSMÁL Ólíklegt er að miklar breytingar verði á gengi krónunnar á næstunni, og líklegast að bandaríkjadalur verði á bilinu 110 til 130 krónur næstu árin.**



INGJALDUR HANNIBALSSON

**Þetta kom fram í máli Ingjalds Hannibalssonar, prófessors við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, á opnum fundi um samkeppnishæfni í gær. Hann sagði veikt gengi krónunnar henta útflutningsfyrirtækjum vel.**

**Til að komast út úr kreppunni þurfi Íslendingar að beina sjónum sínum að útflutningi, og byggja á sjávarútvegi, orkufrekum iðnaði, almennum iðnaði og þjónustu, sagði Ingjaldur.** **- bj**

Bankavextir lækka í kjölfar lækkunar stýrivaxta:

# Jákvætt að boðuð sé meiri lækkun

**VIÐSKIPTI** Kaupþing og Glitnir lækkuðu þegar hjá sér vexti í kjölfar ákvörðunar peningastefnunefndar Seðlabankans í gær um að lækka stýrivexti.

„Þetta er skref í rétta átt en það er ljóst að margir hefðu viljað sjá meiri lækkun,“ segir Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, og bendir á að þar á bæ hafi verið tekið að lækka vexti þegar í janúar. „Enda höfum við talið brýnt að fyrirtækjunum í landinu yrðu tryggð lífvænleg rekstrarskilyrði og að greiðslubyrði heimilanna lækkaði. Í því sambandi er mjög jákvætt að peningastefnunefnd Seðlabankans boði frekari og umtalsverða lækkun vaxta á næsta vaxtaákvörðunarfundi sínum í byrjun júní.“

Í tilkynningu Nýja Kaupþings er lækkun stýrivaxta einnig fagnað og hún sögð „mikilvægt skref í að lækka vaxtabyrði hjá heimilum og fyrirtækjum í landinu“.

Báðir bankar lækka vexti frá og með næsta mánudegi, 11. maí. Nýja Kaupþing lækkar innlánsvexti um 2,5 til 4,0 prósent og útlánsvexti um 3,0 til 4,0 prósent.

Lækkun vaxta hjá Íslandsbanka á óverðtryggðum inn- og útlánum nemur 1,0 til 6,4 prósentustigum og á verðtryggðum inn- og útlánum nemur 0,95 til 1,0 prósentustigs.

Landsbankinn brást ekki sérstaklega við lækkun stýrivaxta í gær, en í tilkynningu peningastefnunefndar voru bankarnir sérstaklega hvattir til að lækka vexti.

**- óká /** **sjá einnig síðu 18**



**LEIÐTOGAR MÚSLIMA Í FRAKKLANDI** Almenningur á Vesturlöndum hefur ýmsar ranghugmyndir um afstöðu múslima til samfélagsins. NORDICPHOTOS/AFP

# Múslimar í Evrópu telja sig utangarðs

**Ný skoðanakönnun á afstöðu múslima á Vesturlöndum til samfélagsins leiðir í ljós að þeir vilja tengjast þjóðfélaginu betur. Atvinnuleysi og fátækt einangra þá frekar frá samfélaginu en trúarskoðanir.**

**BRETLAND, AP** Atvinnuleysi og fátækt er frekar uppspretta spennu milli múslima á Vesturlöndum og annarra íbúa þar en ólíkar trúarskoðanir. Þetta er niðurstaða nýrrar skoðanakönnunar, sem gerð var hjá Gallup á afstöðu múslima í 27 ríkjum á vesturhveli jarðar.

Skoðanakönnunin er sögð vera sú stærsta sinnar tegundar síðan árásirnar á Bandaríkin voru gerðar haustið 2001.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að Vesturlandabúar, aðrir en múslimar, hafi misskilið hrapallega afstöðu múslima til samfélagsins, og það hafi hamlað tilraunum til að bæta samskiptin.

Könnunin sýnir að múslimar á Vesturlöndum eru tryggari búsetulandi sínu, umburðarlyndari og líklegri til að hafna ofbeldi en aðrir Vesturlandabúar telja þá vera.

Hins vegar finnst múslimum, einkum í Bretlandi, Þýskalandi og Frakklandi, þeir vera utangarðs í samfélaginu. Ástæða þess er einkum sú að þeim finnst þeir eiga erfiðara með að fá atvinnu en aðrir landsmenn, og eru yfirleitt tekjulægri.

Samkvæmt þessari könnun telja aðeins tíu prósent múslima í Bretlandi sig hafa aðlagast samfélaginu vel, en 35 prósent múslima í Þýskalandi og 46 múslima í Frakklandi.

Aftur á móti segjast 77 prósent múslima í Bretlandi hafa sterka breska þjóðerniskennd, þótt aðeins um helmingur annarra íbúa Bretlands segi þjóðerniskennd sína sterka. Í Frakklandi er þetta hlutfall um helmingur, jafnt meðal múslima sem annarra landsmanna, en í Þýskalandi eru hlutföllin svipuð og í Bretlandi.

Þýskir múslimar treysta líka dómskerfi, fjármálastofnunum og kosningaframkvæmd mun betur en aðrir Þjóðverjar. Franskir múslimar bera aftur á móti minna traust til stofnana samfélagsins, þar á meðal lögreglunnar, en almenningur í Frakklandi.

Höfundar könnunarinnar segja niðurstöðurnar sýna að ekkert sé hæft í því að múslimar taki trú sína fram yfir tryggð við samfélagið sem þeir búa í. Ekkert sé heldur hæft í því að harðar aðgerðir, sem stjórnvöld hafa víða á Vesturlöndum gripið til gegn herskáum múslimum, hafi orðið til þess að draga úr tryggð múslima almennt við samfélagið sem þeir búa í.

„Þessi könnun sýnir að margar af þeim skoðunum sem fólk hefur á múslimum og aðlögun þeirra að samfélaginu gætu ekki verið fjær lagi,“ segir Dalia Mogahed, framkvæmdastjóri rannsóknarmiðstöðvar Gallups, sem gerði þessa könnun. „Evrópskir múslimar vilja vera þátttakendur í samfélaginu og leggja sitt af mörkum.“

**gudsteinn@frettabladid.is**




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 46173 05/09

**VINNINGSHAFINN Í BORGARLITAKEPPNI ICELANDAIR**

Ásdís Jana Ólafsdóttir, 7 ára, frá Akureyri, hreppti vinninginn í Borgarlitakeppni Icelandair; flugfar fyrir tvo til einhvers af áfangastöðum Icelandair í Evrópu. Hana langar að fara til Parísar með foreldrum sínum og stóru systur og lenda í ævintýrum með þeim í Disneylandi.

Um leið og við óskum Ásdísi Jönu til hamingju með vinninginn þökkum við öllum börnunum sem tóku þátt í leiknum í Mín barnaborg, 25. apríl, og sendu okkur svo fallega litaðar myndir.

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

Föstudag til sunnudags

# Útsölu**lok**

**Enn meiri verðlækkun**

af öllum útsöluvörum

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



**LISTRÆNN ÓRANGÚTAN** Ekki er annað að sjá en þessi órangútan í dýragarði í Heidelberg í Þýskaland sé bara nokkuð stoltur þar sem hann bendir á mynd sem hann málaði sjálfur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Borgin sögð vinna að lausn í deilu sinni við tónlistarskólastjóra í Reykjavík:

# Reynt að finna fjármagn í tónlistarskóla

**MENNTUN** Vilji er fyrir hendi hjá borginni að leysa deilu tónlistarskólastjóra og Reykjavíkurborgar og verið er að skoða hvort hægt sé að leggja fram viðbótarfjárveitingu til skólanna, segir Kjartan Magnússon, formaður menntaráðs borgarinnar.

Forsaga málsins er sú að menntaráð ákvað í janúar að skera niður framlög til tónlistarskóla um tólf prósent, í ljósi breyttra efnahagsaðstæðna. Tónlistarskólastjórum var tilkynnt um þetta 14. janúar. Þá var skólaár þeirra hálfnað. Þeir skildu tíðindin svo að skorið yrði frá og með næsta skólaári, sem hefst í september. Reykjavíkurborg miðaði hins vegar við almanaksár, og ætlaðist til að niðurskurðurinn hæfist strax í janúar.



**SIGURÐUR SÆVARSSON**



**KJARTAN MAGNÚSSON**

„Það varð þarna misskilningur, og rétt að viðurkenna það,“ segir Kjartan Magnússon. „Auðvitað er erfitt að skera niður á miðju skólaári og það er fullur skilningur á því. En það eru auðvitað fjölmargir aðrir aðilar sem treysta á fjárstuðning frá borginni og voru í miðju kafi í janúar.“ Kjartan segist hafa orðið fyrir vonbrigðum með fund með skólastjórunum á þriðjudag. Þar hafi hann mælst til að stofnuð yrði viðræðunefnd um hvernig mætti ná fram þessum sparnaði, en skólastjórar hafi hafnað því.

Formaður Samtaka tónlistarskólastjóra í Reykjavík, Sigurður Sævarsson, segir að ekki hafi þótt ástæða til að skipa fulltrúa í nefnd, enda hafi ekkert nýtt komið fram á fundinum. „Við slógum það ekkert út af borðinu. En hvað eigum við að ræða um í nefndinni ef við höfum ekkert í höndum um hvað hægt er að gera í málinu?“ spyr hann, en tekur fram að hann sé bjartsýnn á að lausn finnist.

Niðurskurðurinn hefði áhrif á átján skóla, sem eru með frá fimmtíu og upp í á fimmta hundrað nemendur hver. Sjálfur rekur Sigurður Nýja tónlistarskólann og er með 185 nemendur. Tólf prósenta niðurskurður þýddi sjö milljóna tekjutap fyrir hann, aftur í tímann. Hvernig fyndi Sigurður þetta fé? „Ég þyrfti að taka lán, en veit ekki hvernig ég myndi borga það,“ segir Sigurður. **- kóp**

Júlíus hæfur í hesthúsamáli:

## Segja áhyggjur Ólafs óþarfar

**SKIPULAGSMÁL** „Ekki er of seint að iðrast í þessu máli og enn er hægt að forða umhverfis- og skipulagsslysi við Elliðaárnar,“ segir í bókun sem Ólafur F. Magnússon lagði fram í skipulagsráði í gær þegar rædd var ný tillaga um skipulag hesthúsabyggðar við Elliðaár.



**JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON**

Á fundinum bókaði Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður skipulagsráðs, að yfirlögfræðingur skipulags- og byggingarsviðs telji Júlíus hæfan til að taka þátt í afgreiðslu málsins en hann hafði vikið sæti við fyrri umfjöllun.

Ólafur sagði óviðunandi, ólýðræðislegt og ófaglegt að málið væri unnið að tjaldabaki. Fulltrúar meirihlutans sögðu áhyggjur Ólafs ónauðsynlegar og lítt skiljanlegar. **- gar**

**KENÍA**

### Dæmdur fyrir manndráp

Thomas Cholmondeley, fertugur Keníumaður af velþekktri ætt hvítra landnema, var í gær dæmdur sekur um manndráp, en sýknaður af morðákæru. Hann varð svörtum veiðiþjófi að bana á landareign sinni árið 2006, og hafði þá rúmu ári fyrr drepið annan veiðiþjóf, og var sá einnig svartur á hörund.

**SVÍNAFLENSAN**

### Tveir milljarðar gætu smitast

Keiji Fukuda, yfirmaður hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni, segir hugsanlegt að þriðji hver jarðarbúi, samtals tveir milljarðar manna, gætu smitast af svínaflensuveirunni, fari svo að allsherjar heimsfaraldur brjótist út.

**MÓTMÆLI**

### Heimili landsmanna brenna

Nýir tímar boða til mótmæla við Alþingishúsið í dag klukkan 13. Síðan skal gengið að Stjórnarráðinu. „Við viljum minna stjórnvöld á að heimili landsmanna eru að brenna í skuldum,“ segir í tilkynningu hópsins.

# Fjármálaráðgjöf til heimilanna stórefld

**Ásókn í þjónustu Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna þrefaldaðist í apríl. Átta vikna bið er eftir viðtali við ráðgjafa stofunnar. Þessu verður mætt með verulega efldri þjónustu og bættri upplýsingagjöf til fólks í greiðsluvanda**

**FÉLAGSMÁL** Starfsemi Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna verður stórefld og upplýsingagjöf um úrræði vegna greiðsluvanda bætt frá því sem nú er.



**ÁSTA RAGNHEIÐUR JÓHANNESDÓTTIR**



**ÁSTA S. HELGADÓTTIR**

Fljótlega í kjölfar falls bankanna í október var stöðugildum Ráðgjafarstofunnar fjölgað og þótt einhver bið væri eftir viðtali við ráðgjafa annaðist stofan eftirspurn ágætlega.

Í nýliðnum aprílmánuði stórjókst ásókn í þjónustuna, svo nam þreföldun frá því sem áður var. Varð stofan ófær um að mæta þessari stórauknu ásókn og nemur nú biðtími eftir viðtali við ráðgjafa átta vikum.




**STARFSEMIN EFLD** Starfsfólki Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna verður fjölgað og bætt verður úr upplýsingagjöf til almennings um úrræði vegna greiðsluvanda.

Undir handleiðslu Ástu R. Jóhannesdóttur félags- og tryggingamálaráðherra hefur síðustu daga verið unnið að því að stórefla Ráðgjafarstofuna svo þjónustan geti talist eðlileg. Verður starfsfólki fjölgað og gripið til annarra nauðsynlegra ráðstafana. Tólf manns vinna á stofunni í dag. Þá ætla stjórnvöld að bæta upplýsingagjöf til fólks um möguleg úrræði til að mæta greiðsluvanda.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins verða aðgerðir í þessum efnum kynntar í dag.

Hörð gagnrýni hefur komið fram að undanförnu á þjónustu og upplýsingamiðlun stjórnvalda vegna greiðsluvanda einstaklinga. Hafa ráðherrar svarað því til að ýmis úrræði séu til staðar en viðurkennt um leið að miðlun upplýsinga hafi ekki verið nógu góð. Úr því á að bæta.

Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna sem Ásta S. Helgadóttir stýrir veitir fólki sem á í verulegum greiðsluerfiðleikum og komið er í þrot með fjármál sín endurgjaldslausa ráðgjöf. Hefur hún meðal annars milligöngu um samninga við lánardrottna.

Þá veitir stofan upplýsingar um þau nýju og sértæku úrræði sem ákveðin hafa verið með lagabreytingum og reglugerðum á undanförnum vikum. **bjorn@frettabladid.is**

**Opnum í dag kaffihús í hjarta Hafnarfjarðar.**

Kaffi Hafnarfjörður
Strandgata 29
Hafnarfjörður

Matarmikil **súpa** og **brauð** í hádeginu. **Kaffi** frá Illy og gómsætar **kökur** o.fl. til kl. **21.00** á kvöldin.

***Verið velkomin.***




**FJÖLSKYLDUMEÐFERÐ -NÁM Á MEISTARASTIGI**

Fræðileg og hagnýt þekking
Klínísk færni í fjölskyldufræðum
Lotubundin kennsla – hentar með vinnu
Metið til eininga í Félagsráðgjafadeild HÍ

**Umsóknarfrestur til 11. maí**
**Nánari upplýsingar í síma 525 4444 og á endurmenntun.is**

Eigandi Símabæjar kvartar yfir dræmum viðtökum við viðskiptahugmynd:

# Selur GSM-minjasafnið sitt

**FÓLK** „Þegar maður fær svona móttökur veltir maður því ósjálfrátt fyrir sér hvernig er almennt tekið á móti fólki með góðar hugmyndir hér á þessu landi,“ segir Gylfi Gylfason, eigandi Símabæjar í Mjóddinni. Gylfi hefur síðustu tólf ár safnað notuðum GSM-símum sem hann býður nú til sölu. Hann kvartar yfir dræmum viðtökum frá atvinnuþróunarfélögum landsins.

Að sögn Gylfa telur GSM-minjasafnið nú á sjötta hundrað síma. Þar innan um leynist hreinustu gullmolar í GSM-sögunni, eins og fyrsti Nokia-síminn og fyrstu árgerðir Ericsson, Motorola, Siemens og Panasonic. Slíkir símar seljist jafnvel fyrir hundruð evra á erlendum uppboðsvefsíðum.

„Þetta safn er einstakt á heimsvísu, enda vekur það mikla athygli allra sem frétta af því,“ segir Gylfi. „Það væri tilvalið fyrir aðila úti á landi að setja safnið upp og bjóða upp á einhvers konar hliðarþjónustu í kringum það þar, til að örva ferðaþjónustuna. Með það fyrir augum sendi ég fyrirspurnir til allra atvinnuþróunarfélaga landsins, en hef ekki fengið eitt einasta svar. Ég hef ákveðið verð í huga fyrir safnið, sem er langt undir því sem ég gæti fengið erlendis. En ef ég fæ ekkert tilboð á næstu vikum fer safnið á sölu á eBay, sem er mér þvert um geð.“



**YFIR 600 SÍMAR** Gylfi segir tilvalið að setja á stofn fyrsta GSM-minjasafn heims á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gylfi er þess fullviss að GSM-minjasafnið myndi vekja lukku. „Fólk borgar sig unnvörpum inn á Reðursafnið. Mitt safn er þó að minnsta kosti fjölskylduvænt,“ segir Gylfi Gylfason. **- kg**



# VORTILTEKT!

## NÚ HREINSUM VIÐ ÚT

# 30-50% AFSLÁTTUR

Við eigum von á nýrri vörulínu frá **King Koil Comfort solution** og ætlum því, ánæstu dögum, að selja eldri gerðir

**með allt að 50% afslætti.**

COMFORT solutions®

By King Koil®



# 30% AFSLÁTTUR!



Af sængurfattnaði og heilsukoddum

ARGH! 040409

rekkjan

H E I L S U R Ú M

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16



**SÍÐASTI STÖÐUMÆLIRINN** Síðasti stöðumælirinn í London var tekinn niður í gær við hátíðlega athöfn, meira en hálfri öld eftir að sá fyrsti var settur upp. Nú eru menn farnir að borga fyrir stæði með farsímum eða krítarkortum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Búið er að sprengja rúmlega 60 prósent af Bolungarvíkurgöngum:

# Slá í gegn í byrjun október

**SAMGÖNGUMÁL** Vinna við Bolungarvíkurgöng, einnig nefnd Óshlíðargöng, gengur vel og er samtals búið að sprengja 3.152 eða rúmlega 60 prósent af heildarlengd ganganna. Í síðustu viku voru sprengdir 60 metrar Hnífsdalsmegin og heildarlengdin þar 1.540 metrar, Bolungarvíkurmegin voru einnig sprengdir 60 metrar og er heildarlengdin þeim megin orðin 1.612 metrar.

Göngin verða fullkláruð með vegskálum um 5,4 kílómetrar að lengd og er áætlað að starfsmenn Ósafls ehf., sem sér um gröft Bolungarvíkurganga, slái í gegn í október næstkomandi.

Rúnar Ágúst Jónsson, staðarstjóri Ósafls, segir vinnuna ganga samkvæmt áætlun. Bergið sem verið er að sprengja sé viðráðanlegra en á tímabili þegar farið var í gegnum setlög. Átti það sérstaklega við um göngin Hnífsdalsmegin. Á þeim tíma var verkhraðinn um 45 metrar á viku. Ósafl er með 60 starfsmenn við gangavinnuna um þessar mundir. **- shá**




**STAÐA VERKSINS** Göngin á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur eru mikil samgöngubót fyrir íbúa Vestfjarða. MYND/VEGAGERÐIN

Ofbeldismaður á skilorð:

# Dæmdur fyrir tvær árásir

**DÓMSMÁL Ríflega tvítugur maður hefur verið dæmdur í hálfs árs skilorðsbundið fangelsi fyrir tvær líkamsárásir, þar af aðra sérlega hættulega, að því er segir í ákæru.**

**Maðurinn sló annan hnefahöggi í andlitið á Akureyri í júní í fyrra og hlaust nefbrot af árásinni. Þá sló hann rúmlega þrítuga konu í höfuðið með glerflösku og hlaut konan af því átta sentimetra skurð á höfuðið.**

**Unnt þykir að skilorðsbinda refsinguna vegna þess að maðurinn kveðst hafa bætt ráð sitt, hann sé hættur að drekka áfengi og eigi nýfætt barn. - sh**



**SVEIN HARALD ØYGARD** Seðlabankastjóri og starfsfólk hans metur áhrif kreppunnar á heimilin.

Seðlabankinn skoðar heimili:

# Fá aðgang að sköttum fólks

**FJÁRMÁL** Seðlabanki Íslands ætlar að gera rannsókn á áhrifum fjármálakreppunnar á heimili landsmanna. Í þessu skyni hefur Seðlabankinn fengið heimild Persónuverndar til að samkeyra upplýsingar um tekjur einstaklinga frá Ríkisskattstjóra við upplýsingar sem bankinn hafði áður fengið frá Íbúðalánasjóði, bönkum, fjármögnunarfyrirtækjum og sparisjóðum í sama tilgangi.

Persónuvernd segi Seðlabankann ætla að fá upplýsingar frá Ríkisskattstjóra um tekjur skattskyldra einstaklinga. Öll vinnsla persónuupplýsinga fari fram undir eftirliti tilsjónarmanns Persónuverndar og persónuupplýsingar verði dulkóðaðar áður en þær verði samkeyrðar. **- gar**

Borgarahreyfingin:

# Þrjár forsendur fyrir ályktun

**STJÓRNMÁL Þinghópur Borgarahreyfingarinnar telur að þrjár forsendur verði að vera til staðar til að fallast megi á þingsályktunartillögu um aðildarviðræður við Evrópusambandið. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Borgarahreyfingunni.**

**Forsendurnar eru að tryggð verði gagnsæ og hlutlaus miðlun fræðslu frá sérstakri upplýsingastofu á vegum Alþingis sem skuli skipuð fagfólki og taka mið af reynslu nágrannaþjóða við þjóðaratkvæðagreiðslur. Endanlegur samningur verði almenningi aðgengilegur. Samninganefndin verði skipuð á faglegum forsendum og njóti ráðgjafar tveggja óháðra erlendra sérfræðinga og loks að tryggt verði jafnt vægi atkvæða allra landsmanna við þjóðaratkvæðagreiðslu um samninginn. - ghs**

**BORGARBYGGÐ**

### Ásókn í matjurtagarða

Viðbrögð við auglýsingu Borgarbyggðar um matjurtagarða til leigu á Hvanneyri og í Borgarnesi voru svo góð að frestur til að sækja um garð var framlengdur til dagsins í dag, föstudaginn 8. maí. Leiguverð er á bilinu 1.000 til 5.000 krónur eftir stærð garðsins.

# Reykjanesbær tapar tveggja ára útsvari

**Rúmlega átta milljarða tap hjá Reykjanesbæ í fyrra byggist meðal annars á tapi Hitaveitu Suðurnesja og kostnaði vegna hruns krónunnar. Bæjarstjórinn segir ríkisstjórnina þurfa að standa með Reyknesingum í mikilli atvinnuuppbyggingu.**

**SVEITARSTJÓRNIR** „Þetta eru að mjög miklu leyti reiknaðir liðir sem snúa að gengistapi sem auðvitað eru eðlilegar vonir til að snúist við,“ segir Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, um 8,1 milljarðs króna tap sveitarfélagsins á síðasta ári.

Í yfirliti frá Reykjanesbæ kemur fram að neikvæð staða sveitarfélagsins byggist á fjórum þáttum; skráðu tapi vegna eignarhluta í Hitaveitu Suðurnesja, framkvæmdum í Helguvík, fjármagnskostnaði bæjarsjóðs og í fjórða lagi auknum útgjöldum vegna verklegra framkvæmda í lok árs og aukinnar fjárhagsaðstoðar og húsaleigubóta.

Sé tapinu deilt niður á alla fjórtán þúsund íbúa Reykjanesbæjar lenda 580 þúsund krónur á hverjum einstaklingi. Það svarar einnig til tveggja ára útsvarstekna sveitarfélagsins.

Árni segir tölurnar vissulega ekki hljóma vel en bendir á að gengistap og fjármagnsliðir séu sjö og hálfur milljarður af upphæðinni. Útkoman byggi á óhagstæðu gengi krónunnar í árslok. „Ef það snýst við hreinsast þetta auðvitað út að stórum hluta,“ segir hann.

Í skýringum Reykjanesbæjar segir að stærsti einstaki áhrifavaldurinn á neikvæða stöðu sé rúmlega fjögurra milljarða króna reiknað tap vegna 35 prósenta eignarhlutar í Hitaveitu Suðurnesja, sem tapaði 11,7 milljörðum í fyrra. Árni segir þessa tölu ekki snerta bæjarsjóð beint. Bærinn þurfi hins vegar að standa skil á eigin fjármagnskostnaði.

„Við erum fyrst og fremst að leggja áherslu á að greiða og semja um okkar skuldir og það hefur gengið ágætlega. Það er gríðarleg vinna alla daga að halda utan um þessi verkefni og fjármagna þau en það er ekkert öðruvísi hjá okkur en hjá öðrum sveitarfélögum,“ segir Árni.

Þrátt fyrir allt segir Árni ástæðu til bjartsýni vegna mikillar og margvíslegrar atvinnuuppbyggingar sem sé langt komin á veg. Hann nefnir þar meðal annars álver, kísilver, gagnaver og uppbyggingu í heilsuþjónustu og skólastarfsemi. Reykjanesbær hafi bundið mikið fé í höfn í Helguvík sem eigi eftir að skila sér.

„Það vantar lokahnykkinn en við þurfum að finna fyrir því að ríkisstjórn, hver sem hún er, standi með okkur og fylgi þessu verkefni eftir, sérstaklega í landi sem er nánast lokað fyrir fjármagni. Ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að það verði gert,“ segir bæjarstjórinn í Reykjanesbæ. **gar@frettabladid.is**



**SVARTNÆTTI?** Þrátt fyrir gríðarlegt gengistap segist bæjarstjórinn í Reykjanesbæ bjartsýnn þar sem atvinnuuppbygging muni skila miklu til samfélagsins.

> Við erum fyrst og fremst að leggja áherslu á að greiða og semja um okkar skuldir og það hefur gengið ágætlega.
>
> **ÁRNI SIGFÚSSON**
> BÆJARSTJÓRI Í REYKJANESBÆ



Foreldrar fá öruggari svör um leikskólapláss en áður:

# 2007-börnin fá öll leikskólapláss

**LEIKSKÓLAR** Öllum börnum fæddum árið 2007 stendur leikskólapláss til boða í haust. „Við erum búin að senda bréf til foreldranna um að það er til pláss fyrir þessi börn, þó kannski ekki í þeim leikskólum sem eru efst á óskalista foreldranna,“ segir Ragnhildur Erla Bjarndóttir, sviðsstjóri leikskólasviðs hjá Reykjavíkurborg.

Fullmannað er í öllum leikskólum Reykjavíkur, sem þýðir að öll leikskóláplássin nýtast. Ragnhildur segir mörg ár síðan tekist hafi að gefa foreldrum vilyrði fyrir plássi svona snemma að vori; undanfarin ár hafi alltaf reynst nauðsynlegt að slá varnagla vegna manneklu á leikskólum. „Þetta er allt önnur staða en á sama tíma í fyrra, þá vantaði svo mikið af starfsfólki.“

Auk þess að taka inn 2007-börnin fá börn fædd snemma á árinu 2008 pláss í sumum tilvikum, auk þess sem börn með sérþarfir komast að. Ástandið er að sögn Ragnhildar aðeins mismunandi eftir hverfum. Hún segir Breiðholtið og Grafarvoginn aðeins vera að eldast sem hverfi en í Grafarholti geti þurft að setja börn í leikskóla utan heimahverfis. Það sé svo misjafnt hvort foreldrar þiggi það eða velji dagmömmu í hverfinu.



**LEIKSKÓLABÖRN** Öll pláss á leikskólum borgarinnar eru nýtt um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANNA MARGRÉT

Þrátt fyrir aukið atvinnuleysi segist Ragnhildur ekki sjá merki þess að börn séu tekin af leikskólum vegna minni tekna foreldra.

Um 5.900 börn eru á leikskólum Reykjavíkurborgar, 900 á einkareknum leikskólum og 740 hjá dagforeldrum. Þjónustutrygging er greidd til foreldra 700 barna sem nýta sér ekki aðra dagvistun. **- sbt**







## Húsbílar • Hjólhýsi • Fellihýsi • Tjaldvagnar • Bátar Sæþotur • Mótorhjól • Torfæruhjól • Fjórhjól Vélsleðar • Fatnaður • Sumar- og vetrarvörur

# Allt að 70% afsláttur!!






| Nokkur verðæmi | Verð áður | Verð nú | Afsláttur |
|---|---|---|---|
| FRANK THOMAS Titanium Pro Jakki | 26.100 | 7.830 | 18.270 |
| DETHLEFFS FIAT T 002 Húsbíll | 9.790.000 | 7.580.000 | 2.210.000 |
| DETHLEFFS 515 DB Hjólhýsi | 4.990.000 | 3.690.000 | 1.300.000 |
| STARCRAFT 2102 Fellihýsi | 1.699.000 | 1.290.000 | 409.000 |
| CAMP-LET ROYAL Tjaldvagnar | 999.000 | 860.000 | 139.000 |
| SEA DOO SPEEDSTER 150 215 Bátur | 3.860.000 | 2.890.000 | 970.000 |
| FRANK THOMAS Striker Buxur | 17.999 | 5.397 | 12.593 |
| SEA DOO RXT X Sæþotur | 2.345.000 | 1.880.000 | 465.000 |
| YAMAHA XVS 1300 MIDNIGHT Mótorhjól | 2.040.000 | 1.490.000 | 550.000 |
| YAMAHA YZ125LC 08 Krosshjól | 976.000 | 650.000 | 326.000 |
| CAN-AM OUTLANDER MAX 650 Fjórhjól | 2.010.000 | 1.599.000 | 411.000 |
| SKI-DOO MXZ X 800 Vélsleði | 1.905.000 | 1.190.000 | 715.000 |
| SCOTT SHIELD Jakki | 34.900 | 24.430 | 10.470 |






YAMAHA can-am ski-doo NOLAN Camp-let
FRANK THOMAS SCOTT X-lite NAZRAN STARCRAFT
rukka iXS SEA-DOO Dethleffs

MotorMax

**Mótormax • Klettháls 13 • Sími 563-4400 • www.motormax.is**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
1359 KS
KS LAMBAHRYGGUR Í SNEIÐUM
1359 kr./kg.
1359 KS
KS LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
1359 kr./kg.
1398 KS
KS LAMBAHRYGGUR FROSINN
1398 kr./kg.
998
N.F BLEIKJUBITAR BEINHREINSAÐIR
998 kr./kg.
1798 KS
KS FERSKT LAMBAPRIME
1798 kr./kg.
1298
N.F BLEIKJUFLÖK TERYAKI MARINERUÐ
1298 kr./kg.
898
NF SJÓFRYST ÝSUFLÖK
ÝSUFLÖK ROÐ OG BEINLAUS
898 kr./kg.
MERKT VERÐ 998 KR./KG. 10% AFSLÁTTUR
ÝSUFLÖK M/ROÐI OG BEINI
698 kr./kg.
PEPSI
PEPSI MAX
Egils APPELSÍN
69
PEPSI, PEPSI MAX & EGILS APPELSÍN 500ml dós 69 kr.
TILBOÐ 50% MEIRA MAGN - SAMA VERÐ
179
MYLLU SAMLOKUBRAUÐ 770 gr 179 kr.
198
BÓNUS SMÁBRAUÐ 198 kr.
197
MYLLU BEYGLUR 197 kr.
219
MYLLU HVÍTLAUKSBRAUÐ 219 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

20 ára BÓNUS 1989 - 2009

1078
KS LAMBALÆRI FROSIÐ
1078 kr./kg.

298
KS LAMBASVIÐ FROSIN
298 kr./kg.

398
ÍSLENSK FLÚÐAMOLD
20 LÍTRA POKI 398 kr.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

1298
GRASBÆTIR
5 KG 1298 kr.
10 KG 1998 kr.

1498
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1498 kr./kg.

498
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
498 kr./kg.

1598
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR
1598 kr./kg.

1498
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1498 kr./kg.

239
HOLTA FERSKIR KJÚLINGAVÆNGIR
40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 398 KR. 239 kr./kg.

98
489
BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK 98 kr
BÓNUS PYLSUR 10 STK
489 kr./kg. PYLSAN CA 25 KR STK

198
BÓNUS KALDAR GRILLSÓSUR
hvítlauks og pipar 270 ml 198 kr.

598
BÓNU ÍSPINNAKASSI 24 STK
598 kr. PINNINN 25 KR STK.

298
BÓNUS FORSOÐNAR
ÍSLENSKAR KARTÖFLUR
900 gr 298 kr.

219
BÓNUS SNAKK
160 gr 219 kr.

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

## „ORÐRÉTT“

### Verra en fyrirlitna landið

**„Mikil líkindi eru með prestunum, þegar þeir tala um fyrirheitna landið, og orðum Samfylkingarmanna um Evrópusambandið.“**

HALLDÓR BLÖNDAL, FYRRVERANDI ALÞINGISMAÐUR
**Morgunblaðið 7. maí**

### Dáleiðsla 101

**„Pendúll skoðana hefur nú enn á ný sveiflast í þá átt, að fara eigi til viðræðna við Evrópusambandið um aðild.“**

BJÖRN BJARNASON, FYRRVERANDI ALÞINGISMAÐUR
**bjorn.is 7. maí**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HILMAR HILMARSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI OG NEMI

# *Skrifar og fer yfir ritgerðir*

„Það er allt fínt að frétta af mér. Ég klára prófin í næstu viku og það er það skemmtilegasta við vorið. Svo hrúgast verkefnin inn hjá fyrirtækinu sem ég stofnaði fyrir skömmu ásamt tveimur vinum mínum,“ segir Hilmar Hilmarsson, framkvæmdastjóri textaráðgjafar- og þýðingarfyrirtækisins Morfem ehf. og nemi í almennum málvísindum við Háskóla Íslands. „Það er nóg að gera hjá okkur. Tveir okkar eru í þessu í fullu starfi og sjálfur er ég í hálfu starfi með náminu. Auk þess erum við með nokkurn fjölda verktaka í vinnu fyrir okkur við tilfallandi verkefni.“

Að sögn Hilmars tekur Morfem að sér þýðingar, yfirlestur og textaráðgjöf fyrir fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga. „Við vorum allir atvinnulausir og þótti því gráupplagt að gera eitthvað í málunum og stofna fyrirtæki þar sem reynsla okkar og menntun nýttist. Við byrjuðum á því að leigja okkur skrifstofuhúsnæði og síðan hefur þetta gengið vonum framar. Til að mynda bjóðum við námsmönnum upp á yfirlestur á ritgerðum og sú þjónusta hefur notið mikilla vinsælda.“



Hilmar segist ánægður með þá ákvörðun að boðið verði upp á sumarnám við Háskólann í sumar, og ætlar að nýta sér það. „Það er gott að geta flýtt náminu með þessum hætti, og auðvitað eru þetta mjög góðar fréttir fyrir alla þá sem annars hefðu séð fram á atvinnuleysi í sumar.“

Hilmar fer ekki út fyrir landsteinana í sumarleyfi. „Ég fór á tvenna tónleika með AC/DC í Svíþjóð í mars. Það nægir í bili,“ segir Hilmar.

## LÚDÓMANÍA

■ Borðspilið sívinsæla Lúdó er einfölduð útgáfa af leiknum Pachisi, sem fyrst er vitað um að hafi verið leikinn á Indlandi á sjöttu öld eftir Krist. Lúdó nýtur vinsælda víða um heim, en kallast þó ekki sama nafni í öllum löndum. Til að mynda kallast Lúdó „Fia“ í Svíþjóð, „Ludi“ á eyjunum í Karíbahafinu og „Mensch ärgere dich nicht“ í Þýskalandi. Ef rokkhljómsveitin Lúdó og Stefán hefði orðið til í Rostock en ekki í Reykjavík hefði sveitin því að öllum líkindum verið skýrð „Mensch ärgere dich nicht und Stephan“. Frændur okkar Danir nota hugtakið „Ludoman“ yfir langt leidda fjárhættuspilara.




**tilveran** *nær og fjær*

## SJÓNARHÓLL
FYRNINGARLEIÐIN

### *Fyrningarleið er alveg ófær*

Tónlistarmaðurinn Bubbi Morthens hefur oft tjáð sig um málefni landsbyggðarinnar og sjávarútvegsins en hvað finnst honum um fyrningarleiðina svokölluðu og þann farveg sem það mál er að fara?



„Staðan er þessi, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, kvótinn er fastur á fárra manna höndum og það verður ekkert gert í þessum málum. Fyrningarleiðin er ekkert annað en kattarþvottur nú þegar þetta er sett fram tveimur áratugum of seint.“

Heldur þú að þetta hafi verið kosningabrella hjá stjórnarflokkunum að setja hana á dagskrá? „Nei, ég tel að Jóhanna og Steingrímur hafi talið að þetta væri eitthvað sem vert væri að berjast fyrir en það breytir því ekki að kvótakerfinu fæst ekki breytt, það þyrfti byltingu til.“

Verður þetta kvótakerfi til eilífðarnóns? „Maður ætti nú ekki að tala um að neitt kerfi vari til eilífðar, það er nú eitt af því sem þetta bankahrun hefur kennt okkur.“

# Gaf sjálfum sér 50 fjallvegahlaup

**Stefán Gíslason, hlaupari og umhverfisfræðingur, gaf sjálfum sér í fimmtugsafmælisgjöf árið 2007 að hlaupa fimmtíu fjallvegi á tíu árum, eða fimm á ári. Nú tveimur árum síðar er hann búinn að hlaupa tíu fjallvegi og ætlar að ljúka minnst fimm til viðbótar í sumar.**




* Bláu liturinn sýnir þær leiðir sem Stefán ætlar að ganga í ár. Svarti liturinn sýnir þær leiðir sem hann hefur gengið hingað til.

„Mér datt þetta í hug nokkrum mánuðum áður en ég átti afmæli. Ég hugsaði þetta þannig að annaðhvort biði manns hægfara afturför hvað líkamlegt atgervi varðar, og jafnvel andlegt líka, eða maður gerði eitthvað í því til að treina skrokkinn sem lengst. Þetta kallast að búa sér til tilgang,“ segir Stefán Gíslason, hlaupari og umhverfisfræðingur í Borgarnesi.

Gísli hefur hlaupið í áratugi og farið í götuhlaup endrum og sinnum „en með því að gera eitthvað svona meira afmarkað og sérstakt og láta alla vita af því þá var ég búinn að búa til pressu á mig. Mér fannst að ég ætti kannski að gera eitthvað svona á þessum „tímamótum“. Reyndar hafði blundað í mér í mörg ár að reyna að búa mér til ástæðu til að vera meira úti í náttúrunni og hlaupa á fjöll en hafði alltaf nóg annað að gera en að fara í egóflippi að hlaupa yfir fjöll.“

Stefán hefur gert lista yfir rúmlega fimmtíu fjöll sem hann ætlar að hlaupa á tíu árum. „Ég vil helst ekki klára þetta strax af því að ég vil halda þessari pressu en ég miða við fimm á ári. Ég tók þrjá vegi 2007 og sjö í fyrra. Ég er því búinn að hlaupa tíu af þessum fimmtíu. Listinn er samt ekki endanlega niðurnegldur, ég er enn að velta fyrir mér nýjum leiðum sem mér hefur verið bent á. Ég hef á tilfinningunni að þegar upp er staðið verði þetta fleiri leiðir. Kannski tekur maður einhvern tíma saman lista yfir topp 50. Það er til svo mikið af leiðum sem væri gaman að fara.“

Við val á hlaupaleiðum hefur Stefán fjórar viðmiðanir; lengdin þarf að vera 10-55 kílómetrar þó að Arnarvatnsheiði, sem er 70 kílómetrar, sé á listanum, leiðirnar þurfa að tengja saman tvo áhugaverða staði og mega gjarnan vera gamlar þjóðleiðir eða póstleiðir með sögu því að hluti af skemmtuninni er að grúska í sögunni og svo mega þetta vera fáfarnir bílvegir á jaðri vegakerfisins. „Ég reyni líka að dreifa þessu um landið,“ segir hann.

Þrjú hlaup eru Stefáni minnisstæð. Laugaveginn segir hann sérstaka leið, langt og líkamlega erfitt keppnishlaup. Í fyrra fór hann frá Ólafsfirði til Siglufjarðar. Í Rauðskörðum milli Ólafsfjarðar og Héðinsfjarðar lenti hann í miklum ógöngum dagana eftir að ísbjörninn hafði verið á vappi í Skagafirðinum.

„Ég fann ekki réttu leiðina upp þrátt fyrir góðra manna ráð og lenti í sjálfheldu í klettum. Ég hef oft verið með einhverja með mér en þarna var ég einn og þetta var mjög óþægilegt, líka vegna þess að ekkert farsímasamband er í Héðinsfirði og því ekki hægt að láta vita af sér. Ég ætlaði ekki að vera meira en fimm tíma, annars ætti að fara að leita að mér og af því að ég tafðist svo mikið þá náði ég ekki þessum tímamörkum en var kominn í símasamband þannig að ég gat látið vita af mér og það slapp.“

Í september fór ég ásamt fjórum öðrum yfir Gaflfellsheiði, frá Ljárskógum við Búðardal norður hálendið milli Hrútafjarðar og Dala og niður í Bitrufjörð. „Þetta var á 100 ára ártíð pabba. Pabbi dó árið 2000 og ég og bróðir minn höfum reynt að hlaupa alltaf góða vegalengd á fæðingardegi hans. Hann ólst upp á Brunngili, innst í Bitrufirði, þar sem leiðin kemur niður. Við fengum vont veður, mikinn mótvind alla leið, þoku og rigningu. Við vorum orðin mjög þreytt og slæpt. Þetta var erfið leið og tók langan tíma. Maður fór að hugsa um það eftir á að við svona aðstæður deyr maður ef maður getur ekki haldið áfram.“ **ghs@frettabladid.is**



**VIL EKKI KLÁRA STRAX** „Ég vil helst ekki klára þetta strax,“ segir Stefán Gíslason, fjallvegahlaupari úr Borgarnesi.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**LENTI Í SJÁLFHELDU** Stefán lenti í sjálfheldu í klettunum í Rauðskörðum en hann beygði of snemma af leið, rétt áður en hann kom upp á brúnina.
MYND/ÚR EINKASAFNI

**Gorenje** þvottavél




A Orkunýtni
A Þvottahæfni

1200 snúninga þvottavél
WA50120
Einföld, hljóðlát þvottavél og góð þvottavél með íslenskum leiðavísi.

Tilboð **86.900**

RÖNNING

Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200

**Stjarnan** | N1 Íslandsmeistari kvenna
**Haukar** | N1 Íslandsmeistari karla

# Til hamingju með N1 titilinn!

N1 DEILDIN

N1 óskar **Stjörnunni** og **Haukum** innilega til hamingju með Íslandsmeistaratitil kvenna og karla í handknattleik. Við þökkum öllum liðunum, starfsfólki HSÍ og að sjálfsögðu áhorfendum á öllum leikjunum samfylgdina í vetur. Við hlökkum til að taka upp þráðinn í N1 deildinni næsta haust!

**Meira í leiðinni**



Fíton/SÍA

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 63 **Velta:** 219 milljónir

**OMX ÍSLAND 15** 245 **+2,26%**

**OMX ÍSLAND 6** 653 **+2,03%**

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **BAKKAVÖR** | 5,47% |
| **MAREL FOOD SYST.** | 4,89% |
| **ÖSSUR** | 1,48% |

MESTA LÆKKUN

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 2,90 +0,00% ... Atlantic Airways 173,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 560,00 +0,00% ... Bakkavör 1,35 +5,47% ... Eik Banki 83,00 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 119,50 +0,00% ... Icelandair Group 4,50 +0,00% ... Marel Food Systems 51,50 +4,89% ... Össur 96,30 +1,48%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Harkalegur samdráttur eftir ofþenslu

Seðlabanki Íslands spáir því að samdráttur í landsframleiðslu á árinu verði 11 prósent en bankinn hafði áður spáð 10 prósenta samdrætti. Þá spáir Seðlabankinn því að gengi krónunnar haldist veikt fram á seinni hluta næsta árs, en taki svo að styrkjast hægt.



**ÞÓRARINN G. PÉTURSSON**

Í Peningamálum, efnahagsriti Seðlabankans, sem út kom í gær og var kynnt um leið og stýrivaxtalækkun kemur fram að horfur séu dekkri en áður og að bati hagkerfisins verði hægari en talið var.

Fram kom í máli Þórarins G. Péturssonar, aðalhagfræðings bankans, að aukinn samdráttur í landsframleiðslu sé fyrst og fremst rakinn til lakari vöruskipta og frestunar á stóriðjuframkvæmdum, svo sem í Helguvík. Útflutningur er talinn verða lakari vegna áframhaldandi erfiðra markaðsaðstæðna í helstu viðskiptalöndum landsins.

Peningastefnunefndin gerir einnig ráð fyrir að aðhald í ríkisfjármálum verði aukið í sumar. Gert er ráð fyrir verulegum niðurskurði útgjalda hins opinbera og að skattar verði hækkaðir, auk annarra tekjuaukandi aðgerða sem kæmu til framkvæmda í áföngum fram til ársins 2011.

Þá segir Þórarinn fyrirséð að einkaneysla heimilanna fari hægt af stað eftir bankakreppu, samdráttur hennar sé þegar hafinn. „Í stað skuldadrifinnar einkaneyslu þá tekur við tímabil þar sem heimilin reyna að byggja upp efnahag sinn á ný með sparnaði og niðurgreiðslu skulda," segir hann.

Bent er á í Peningamálum að atvinnuleysi sé í sögulegu hámarki og kunni enn að aukast verulega. Nú spáir Seðlabankinn því að atvinnuleysi verði um 11 prósent frá byrjun næsta árs og haldist svipað þar til á fyrri hluta 2011. Þá segir Þórarinn gert ráð fyrir að atvinnuleysi minnki smám saman á ný eftir því sem efnahagsumsvif aukist.

Þórarinn segir að setja þurfi niðursveifluna nú í samhengi við að síðustu ár hafi einkaneysla og fjárfesting verið langt umfram það sem nokkurn tímann hefði fengið staðist. „Samdrátturinn er vissulega harkalegur, en við erum að koma út úr verulegri ofþenslu." **- óká**

# Stærra skref en við var búist



**FINNUR ODDSSON** Jákvæður stígandi er í vaxtaákvörðunum peningastefnunefndar Seðlabankans að mati framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Segir raunvexti verða að lækka

„Lækkun Seðlabanka nú kemur ekki á óvart þótt óneitanlega hefði hún þurft að vera meiri til þess að auka flæði súrefnis inn í rekstrarumhverfi fyrirtækja, sem er bágborið þessa stundina," segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

Finnur bendir á að miðað við verðbólguvæntingar séu raunvextir enn mjög háir og kveður þá verða að lækka verulega og sem allra hraðast. Hann segir þó jákvæðan stíganda í vaxtalækkunarferli Seðlabankans, 1,0 prósentustig í mars, 1,5 í apríl og 2,5 prósentustig núna. „Í ljósi þess að verðbólguþrýstingur er lítill sem enginn, er gott svigrúm til áframhaldandi stíganda í vaxtalækkunum Seðlabanka þannig að næsta skref, í júní, komi vöxtum verulega undir 10 prósentin. Þetta er, til skemmri tíma, eitt helsta hagsmunamál fyrir rekstur fyrirtækja og heimila í landinu," segir hann. **- óká**

**Stýrivextir eru 13 prósent eftir lækkun. Enn frekari lækkun er boðuð í júní. Ekki er talið að veik króna trufli áframhaldandi hraða hjöðnunar verðbólgu. Kallað er á lækkun bankavaxta, helst meiri en nemi stýrivaxtalækkuninni.**

Stýrivextir Seðlabanka Íslands standa nú í 13 prósentum eftir 2,5 prósentustiga lækkun í gær samkvæmt ákvörðun peningastefnunefndar bankans.

Lækkunin er meiri en greiningardeildir höfðu spáð, en nálgast tilmæli skuggabankastjórnar Markaðarins. Hún lagði til 3,0 prósentustiga lækkun og yfirlýsingu um annað eins í júní. Peningastefnunefndin boðar þó umtalsverða lækkun á næsta ákvörðunarfundi. Svein Harald Øygard seðlabankastjóri kvaðst ekki vilja tjá sig um tölur í því sambandi, en hann kynnti ákvörðun nefndarinnar ásamt Arnóri Sighvatssyni aðstoðarseðlabankastjóra.

Í umfjöllun IFS Greiningar er bent á að vextirnir séu háir þrátt fyrir lækkun. Nú sé stýrivaxtastigið svipað og 2007 þegar síðasta uppsveifla var í hámarki. „Hins vegar eru raunstýrivextir lágir eða aðeins um 1,1 prósent ef miðað er við 12 mánaða verðbólgu sem mælist um 11,9 prósent. Hins vegar er þriggja mánaða verðbólga aðeins 1,4 prósent á ársgrundvelli. Út frá lágri þriggja mánaða verðbólgu og því sjónarmiði að 12 mánaða verðbólga sé aðeins vandamál fortíðarinnar hefði mátt ætla að tilefni væri til kröftugri stýrivaxtalækkunar," segir þar.



**KYNNA LÆKKUN VAXTA** Svein Harald Øygard seðlabankastjóri og Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri kynntu ákvörðun peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands um lækkun vaxta í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### LEYST ÚR VANDA ÓÞOLINMÓÐRA FJÁRFESTA

Seðlabankinn áætlar að skammtímakrónueignir erlendra aðila nemi 200 til 300 milljörðum króna. „Aðgerðir í því skyni að stuðla að umbreytingu hluta þessara eigna ættu að draga úr tilhneigingu til útflæðis fjármagns. Gengi krónunnar á aflandsmarkaði hefur hækkað umtalsvert nýlega. Aðgerðirnar ættu að stuðla að því að gengi krónunnar þar nálgist gengi hennar á innlendum gjaldeyrismarkaði," segir peningastefnunefnd bankans.

Samkvæmt mati Seðlabankans eiga „óþolinmóðir erlendir fjárfestar" um 40 prósent af heildareignum erlendra fjárfesta í verðbréfum og innstæðum í krónum, eða um 205 milljarða króna. Bankinn birti í gær greiningu á ólíkri stöðu fjárfestanna. „Þetta er öllu lægri tala en oft hefur verið haldið á lofti og reynist mat bankans á rökum reist er væntanlegur þrýstingur á krónuna við afnám gjaldeyrishafta að sama skapi minni," bendir Greining Íslandsbanka á.

Í yfirlýsingu peningastefnunefndar kemur fram að skammtímamarkmið peningastefnunnar sé stöðugleiki í gengismálum. „Gengi krónunnar hefur verið tiltölulega stöðugt frá síðasta fundi nefndarinnar. Það sem helst hefur stutt gengið er umtalsverður afgangur á vöru- og þjónustuviðskiptum. Í ljósi undirliggjandi efnahagsþróunar má ætla að gengi krónunnar muni til lengri tíma litið vera hærra en það hefur verið að undanförnu.

Greining Glitnis vekur athygli á að innlánsvextir Seðlabankans hafi lækkað meira en stýrivextirnir, eða um 3,0 prósentustig. „Þar sem skammtímavaxtastig í fjármálakerfinu miðast fyrst og fremst við innlánsvexti Seðlabankans fremur en stýrivextina sjálfa þessa dagana má því segja að í raun hafi fremur verið um þriggja prósenta vaxtalækkun að ræða," segir þar. Í greinargerð peningastefnufndar eru bankar hvattir til að lækka vexti umfram lækkun stýrivaxtanna.

Peningastefnunefndin segir verðbólguþrýsting hafa haldið áfram að hjaðna líkt og búist var við. „Ekki er reiknað með að gengislækkun krónunnar frá í mars muni seinka hjöðnun verðbólgunnar svo neinu nemi." **olikr@frettabladid.is**


# Hvað myndirðu gera fyrir vinkonuna sem sveik þig?

1. Sæti METSÖLULISTI EYMUNDSSON

Kamryn Matika er í góðu starfi, einhleyp og barnlaus. Hún vinnur frá morgni til kvölds og djammar þess á milli. En svo fær hún afmæliskort sem breytir öllu.




FRUMÚTGÁFA í kilju

„Ég hló og grét frá fyrstu blaðsíðu."
*ADELE PARKS*

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is


# FIH Erhvervsbank ekki lengur til sölu

**Kröfuhafar sáttir við að bankinn verði ekki seldur.**

Tekin hefur verið ákvörðun um að selja ekki FIH Erhvervsbank sem er í eigu gamla Kaupþings. Styðja á við bankann og halda rekstrinum áfram. Mat skilanefndar Kaupþings er að virði bankans sé langt umfram það sem fyrir hann fengist á markaði í ríkjandi aðstæðum.

Þetta kemur fram í nýju yfirliti skilanefndarinnar til kröfuhafa um starfsemi síðasta mánaðar.

Samkvæmt heimildum blaðsins er full sátt um ákvörðunina í hópi kröfuhafanna, sem telja þessa leið vænlegasta til þess að þeir fái greitt upp í kröfur sínar. Yrði bankinn seldur nú væri ólíklegt að andvirðið myndi nægja nema fyrir veði því sem Seðlabanki Íslands á í bankanum. Veðið er til komið vegna 500 milljóna evra neyðarláns Seðlabankans til Kaupþings í október.

FIH er að fullu í eigu bús gamla Kaupþings og sitja tveir fulltrúar skilanefndar bankans í stjórn FIH. Seðlabankinn heldur hins vegar hlutabréfum FIH vegna áðurnefnds veðs. „Stjórn FIH hefur hrint í framkvæmd áætlun um að laga framtíðarstarfsemi FIH að ríkjandi aðstæðum í fjármálageiranum. Hluti af þeirri aðlögun er að leggja af hlutabréfamiðlun, rannsóknir og eignastýringu. Ekki



**KYNNING Í JÚNÍ 2004** Hér sjást Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, og Lars Johansson, forstjóri FIH Erhvervsbank, á kynningu á kaupum Kaupþings á FIH.

er búist við að starfsemi í þessum geirum fái aukið við hagnað FIH, hvorki til skemmri, eða miðlungslangs tíma," segir í greinargerð skilanefndarinnar. Eftir breytingar munu fjöldi starfsmanna og umsvif FIH á sama róli og var áður en Kaupþing keypti bankann um mitt ár 2004.

FIH hefur ásamt fleiri dönskum bönkum sótt um aðstoð þarlendra stjórnvalda á grunni svonefndar „bankpakke II"-áætlunar. Bankinn hefur sótt um 1,7 milljarða danskra króna aðstoð, eða um 37 milljarða íslenskra króna. **- óká**




Meðallestur á tölublað m.v. allt landið, 12–80 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 - apríl 2009.

# Fréttablaðið stendur upp úr

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

## Lestur á höfuðborgarsvæðinu







**Allt sem þú þarft...**

# RISA TAX FREE DAGAR

ALLUR fatı

MESTA

*Landsins mesta vöruvalið!*



## ALLUR FATNAÐUR!

Þú færð allan dömu-, herra- og barnafatnað, undirföt, sokka og sokkabuxur án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.



## ALLIR SKÓR!

Skóaðu þig upp! Skór á alla fjölskylduna án virðisaukaskatts 7.-10. maí.


24 Hagkaup

OPIÐ

ALLAN sólarhringinn

Skeifan & Garðabær

## aður, skór og snyrtivara
## úrvalið á betra verði!

fimmtudag, föstudag, laugardag og sunnudag

*Munið mæðradaginn á sunnudag!*

**ALLAR SNYRTIVÖRUR!**



# TAX FREE DAGAR

**FRÍHAFNARDAGAR**
7.-10. maí afnemum við virðisaukaskatt af ÖLLUM SNYRTIVÖRUM, FATNAÐI OG SKÓM.

*Landsins mesta úrval af snyrtivörum!*

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 10. maí 2009.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ríkisstjórnin og fiskveiðistjórnunin:

## Hægt í réttlætið

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Báðir ríkisstjórnarflokkarnir lofuðu fyrir kosningar að svipta smábátasjómenn og útvegsmenn á tilteknu árabili öllum þeim aflaheimildum sem þeir ráða yfir. Aðgerðin er kennd við bókhaldshugtakið afskrift þó að hún eigi ekkert skylt við það.

Rökin fyrir veiðileyfasviptingunni eru þau að svokölluð úthlutun veiðiheimilda til smábátasjómanna og útvegsmanna á sínum tíma hafi byggst á ranglæti. Nú eru þeir ekki taldir hafa átt rétt til fiskveiða öðrum fremur.

Fiskveiðistjórnunarkerfið með frjálsu framsali var lögfest af vinstristjórn Steingríms Hermannssonar. Einu ráðherrarnir sem knúðu málið fram á Alþingi á þeirri tíð og sitja þar enn eru Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur Sigfússon. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins greiddu atkvæði gegn málinu vegna millifærslusjóðs sem fylgdi með.

Forystumenn ríkisstjórnarflokkanna hétu því fyrir kosningar í vor að bæta fyrir það ranglæti sem þeir telja sig hafa komið á fyrir tveimur áratugum. Nú segja þeir að staða sjávarútvegsins sé svo slæm eð ekki komi til greina að fara með ábyrgðarleysi í breytingar. Á mæltu máli þýðir það að farið verður hægt í sakirnar við að innleiða réttlætið.

Eðlilega spyrja margir hvers vegna efnahagsþrengingar kalla á frestun á réttlætinu. Er það ekki rökvilla? Ef hugsunin á bak við réttlætisaðgerðirnar stenst, eru þá ekki öll rök til þess að hraða þeim fremur en að draga á langinn? Ráðherrarnir telja það ábyrgðarlaust. Hvers vegna?

Þegar ráðherrarnir Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur Sigfússon knúðu samflokksmenn sína til að samþykkja frumvarpið um fiskveiðistjórnuna og frjálsa framsalið nefndu þau hvorugt hugtakið ranglæti á nafn. Var það pólitískur refsháttur af þeirra hálfu? Svarið er: Nei.

Lögin fólu einfaldlega ekki í sér úthlutun á veiðirétti. Hún hefur aldrei farið fram. Það sem gerðist var að veiðiréttur smábátasjómanna og útvegsmanna var minnkaður frá því sem áður var og takmarkaður við ákveðið hlutfall úr hverjum stofni. Þeir sem hagsmuna höfðu að gæta litu á skerðinguna sem ranglæti. Allir voru sammála um að það sem eftir stóð af veiðiheimildum þeirra væri réttlæti.

Fiskiskipastóllinn var of stór. Í mörgum öðrum löndum var brugðist við þeim vanda með því að skattleggja almenning og kaupa útgerðarmenn út úr rekstri með úreldingarstyrkjum. Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur Sigfússon völdu skynsamlegri leið og réttlátari gagnvart skattborgurunum.

Þau lögðu til frjálst framsal. Sterkari útgerðir keyptu upp þær veikari. Þannig var útgerðin sjálf látin bera þann kostnað sem almenningur axlaði annars staðar með sköttum.

Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur Sigfússon voru því ekki að fela ranglæti þegar þau innleiddu fiskveiðistjórnunarkerfið. Skerðingin var óhjákvæmileg. En hitt hefði verið ranglátt að taka veiðiréttinn allan og færa í hendur þeim eða selja sem ekki höfðu stundað sjóinn.

Þetta skýrir hvers vegna ráðherrarnir vilja fara hægt í að innleiða hið nýja réttlæti. Þeir vita að atvinnugreinin þolir það ekki og bankarnir munu ekki standast það. Því hægar sem þeir fara í nýja réttlætið, þeim mun ábyrgari verða þeir, eins og sjávarútvegsráðherra hefur réttilega sagt.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Uppfæra takk

Það er verk að vinna á Nýja Íslandi, að minnsta kosti hjá vefumsjónarmönnum Samfylkingarinnar, Sjálfstæðisflokksins og Seðlabanka Íslands. Á heimasíðu Samfylkingarinnar má til dæmis lesa að þingflokksformaður flokksins sé Lúðvík Bergvinsson. Það er ekki rétt enda er Lúðvík hættur á þingi. Á heimasíðu Sjálfstæðisflokksins er Andri Óttarsson sagður framkvæmdastjóri flokksins en hann hætti í því starfi um páskana. Á heimasíðu Seðlabankans má lesa ágrip af sögu bankans en þar eru núverandi bankastjórar sagðir þeir Davíð Oddsson, Eiríkur Guðnason og Ingimundur Friðriksson. Þeir eru allir hættir störfum.

### Í skjóli skálda





Húsasmiðjan hefur gefið út nýjan bækling þar sem finna má allt fyrir garðinn sem hugurinn girnist, til dæmis tvær tegundir skjólgarða, Gyrði og Gerði. Ósagt skal látið hvort hér sé verið að vísa til rithöfundanna Gyrðis Elíassonar og Gerðar Kristnýjar Guðjónsdóttur, en hitt er annað mál að það er eflaust hægt að gera margt vitlausara en að verja sólríku síðdegi bak við Gerði með bók eftir Gyrði. Eða öfugt.

### Tilgangurinn og meðalið

Bjarni Harðarson, bóksali á Selfossi, nær ekki upp í nef sér fyrir hneykslun yfir „blygðunarlausum“ áróðri ESB-sinna, undir forystu Benedikts Jóhannessonar, sem Bjarni segir að haldi því fram að málið snúist um ESB eða dauða. Á þeim nótum hafa fleiri talað en ESB-sinnar, til dæmis ESB-andstæðingar. Þar má nefna frambjóðendur á hinum skammlífa L-lista Bjarna Harðarsonar, svo sem Þórhall Heimisson sem skrifaði blaðagrein fyrir hönd listans þar sem sagði að innganga í ESB myndi draga lífskraftinn úr þjóðinni. Ekki kvartaði Bjarni yfir blygðunarleysinu þá, enda var boðskapurinn honum að skapi.

bergsteinn@frettabladid.is

## SPOTTIÐ



# Ekki gera ekki neitt

**UMRÆÐAN**

Guðmundur Steingrímsson skrifar um niðurfellingu skulda



GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON

Að gefnu tilefni er ástæða til að taka fram, og undirstrika, að hugmyndin um flata almenna afskrift höfuðstóls skulda Íslendinga gerir ekki ráð fyrir að kostnaður lendi á ríkinu. Forsenda hugmyndarinnar er þvert á móti þessi: Það liggur fyrir að lán Íslendinga verða afskrifuð af erlendum kröfuhöfum. Hugmyndin gengur út á, að þessar afskriftir verði nú þegar látnar renna jafnt til allra íslenskra skuldara.

Þetta er vissulega róttæk hugmynd. Það er aftur á móti slæmt að viðskiptaráðherra, forsætisráðherra – svo ekki sé talað um Sighvat Björgvinsson – skuli ekki skilja þessa hugmyndafræði. Skilningsleysi þessara aðila – kannski þó ráðherranna – kemur í veg fyrir nauðsynlega umræðu.

Jöfn afskrift skulda er efnahagsaðgerð. Nákvæmlega eins og skattpíning getur sligað þjóðfélag getur skuldabyrði gert það einnig. Óhemju íþyngjandi skuldabyrði þjóðarinnar aftrar neyslu, fjárfestingum og framkvæmdum. Höfuðstóll allra lána Íslendinga, þökk sé efnahagshruninu, hefur hækkað meira en nokkrar skynsamlegar áætlanir gátu gert ráð fyrir. Lánalengingar, teygjulán, frystingar og aðrar kúnstir – sem vissulega þarf að grípa til líka – breyta þessu ekki. Fólk er jafnskuldsett eftir sem áður.

Ef ekkert er gert í höfuðstólnum getur íslenskt þjóðfélag, með venjulegt millitekjufólk í fararbroddi, orðið áratugalangri stöðnun að bráð. Hver vill greiða skuldir án þess að eygja nokkra von um það í sinni lífstíð að geta stækkað við sig húsnæðið eða yfir höfuð eignast það sem það býr í? Það er mikið í húfi. Í þessum aðstæðum getur vinnusemi þjóðarinnar og bjartsýni orðið kaldlyndari viðhorfum að bráð, vonleysi og uppgjöf.

Með því að láta afskriftirnar renna flatt til allra skuldara í tæka tíð er fernt gert: Komið er til móts við skuldara af sanngirni og byrðum létt af þeim. Lántakendur axla þar með ekki einir afleiðingarnar af hruninu, heldur lánveitendur líka. Fólk losnar úr skuldafangelsi, sem kemur fasteignamarkaði af stað. Og síðast en ekki síst: Efnahagslífið er örvað. Fé losnar. Neysla eykst. Það vinnur síðan – ásamt öðrum nauðsynlegum aðgerðum eins og lækkun vaxta – gegn atvinnuleysi og gjaldþrotum.

Hin leiðin, sem ráðherrarnir virðast vilja fara, er að hundsa allt tal um klafa höfuðstólsins eins og slíkt skipti engu máli. Að teygja og lengja er eina úrræðið til skuldara, fram á elliárin, líkt og í einhvers konar endalausri efnahagslegri morgunleikfimi. Og hvað afskriftir varðar er planið þetta: Að bíða frekar eftir því og sjá hversu margir verða á endanum gjaldþrota, hversu margir fara fram af bjargbrúninni, og síðan afskrifa. Það er hins vegar ekki efnahagsaðgerð. Það heitir að gera ekki neitt.

*Höfundur er þingmaður fyrir Framsóknarflokkinn.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

**ALÞJÓÐLEGI FARFUGLADAGURINN** verður haldinn hátíðlegur á Álftanesi laugardaginn 9. maí. Boðið verður upp á gönguferðir og fuglaskoðun, leiðbeiningar um fuglaljósmyndun og ýmsar upplýsingar um fugla, ferðir þeirra og farleiðir og um náttúru Álftaness. www.umhverfisraduneyti.is








# Næg ókeypis bílastæði

*við Perluna*

**Súpubar 620 kr.**
**Salatbar 990 kr.**
**Súpa og salatbar á aðeins 1.430 kr.**

~ NÝBAKAÐ BRAUÐ FYLGIR MEÐ SÚPU- OG SALATBAR. ~

Í kaffiteríunni Perlunnar er hægt að fá alls kyns góðgæti á frábæru verði: Crépes, samlokur, pizzur og smurt brauð. Eins er hægt að fá heimatilbúinn ítalskan ís, alls kyns ísrétti, kökur og tertur.

**Nýr A la Carte og 4ra rétta seðill**
*Nánari upplýsingar á www.perlan.is*

Hringbrot

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Heimasíða* www.perlan.is

vísir.is
„...ég sá það á vísi"



Carlos Mendez með aðalréttinn og auðvitað er nautakjötið rétt steikt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Með kólumbísku ívafi

**Carlos Mendez, matreiðslumaður í Kjöthöllinni, bauð starfsfélögum sínum á dögunum til sumargrillveislu þar sem hann bauð upp á grillaðar chorizo-pylsur og dýrindis nautasteik ásamt meðlæti.**

„Chorizo-pylsur eru vinsælar í Kólumbíu," segir Carlos Mendez, matreiðslumaður í Kjöthöllinni, og nefnir að þær séu borðaðar á sama hátt og pylsur með öllu hér á Íslandi. „Arepas er brauð sem búið er til úr hvítu eða gulu maísmjöli og er mikið notað með mat í Suður-Ameríku," segir hann og bætir við að það sé það safaríkt að sósur eru eiginlega óþarfar.

Carlos er fæddur í Kólumbíu og kom hingað árið 1986 sem skiptinemi. „Nú er ég búinn að vera lengur á Íslandi en í Kólumbíu," segir Carlos sem bjó lengi á Skaganum. Hann minnist þess að margt hafi breyst í matarmenningunni hér síðan þá. „Hrísgrjón voru þá aðallega notuð í grauta, en ekki sem meðlæti eins og nú er gert."

Spurður um góð ráð við eldun nautakjöts svarar hann: „Margir gera þau mistök að vera alltaf að skera í kjötið meðan á eldun stendur, en kjötið gefur minna eftir því sem það er meira eldað. Þess vegna er ágætt að koma við kjötið með þumlinum og finna þannig út hversu mikið það er eldað.

## FORRÉTTUR OG AÐALRÉTTUR AÐ HÆTTI CARLOSAR

Með þessu og hinu

**Forréttur**

*Chorizopylsur (reyktar) og grillaðar með arepas (brauði).*

**Arepas**
1½ bolli vatn
1 bolli maísmjöl (P.A.N.)
klípa af smjöri
ögn af salti og sykri

*Brauðið er mótað í höndunum og grillað í um 5 mínútur á hvorri hlið.*

**Aðalréttur**

*200-250 g nautasteik krydduð með salti og pipar eða Red Roy-*



*steikarkryddi.*

**Meðlæti með aðalrétti.**
Kartöflubátar með kryddjurtablöndu bakaðir í ofni í um 50 mínútur.

**Steikt niðurskorið grænmeti**
*Rauðlaukur, púrrulaukur, gulrætur, paprika, léttsteikt á pönnu og kryddað með salti og pipar.*

**Sveppasósa**
½ dós sveppasmurostur
matreiðslurjómi
blandaðir sveppir
klípa af smjöri
nautakjötkraftur

*Sveppir steiktir á pönnu, osti og rjóma bætt út í og kryddað með kjötkrafti.*

Og enn af góðum ráðum frá Carlosi: „Gott er að nota sérlagaða maríneringu sem hægt er að fá í Kjöthöllinni á kartöflurnar og baka þær þess vegna í ofni," segir hann og bætir við að tilvalið sé að vera duglegur við að grilla það grænmeti sem til er í ísskápnum hverju sinni til að hafa með steikinni."

*- vg*

**Sushi veislubakkar með grillinu í allt sumar**



Skoðið fjölbreitt veislutilboð á nings.is

**Sushi hentar sérstaklega vel með grillmatnum í garðveislunum í sumar**

*Pantanir á stærri Sushi bökkunum þarf að berast með dags fyrirvara.*



NINGS

www.nings.is

Stórhöfða 17 • Suðurlandsbraut 6 • Hlíðasmára 12 • S. 588 9899



**KVÖLDSKÓLI KÓPAVOGS** verður með opið hús og vorsýningu í Snælandsskóla á sunnudaginn milli klukkan 13 og 17. Á sýningunni er starfsemi skólans kynnt meðal annars með því að sýna afrakstur af vinnu nemenda í verklegum námskeiðum frá liðnum vetri.

# Gengið saman á mæðradaginn

**Vorganga styrktarfélagsins Göngum saman á að vekja athygli á styrktargöngu félagsins í september.**

Styrktarfélagið Göngum saman efnir til vorgöngu í Reykjavík og vísindarölts á Akureyri fyrir alla fjölskylduna á mæðradaginn, sunnudaginn 10. maí. Í Reykjavík verður lagt af stað frá Skautahöllinni í Laugardalnum klukkan 11 og gengið um dalinn í um klukkustund. Á Akureyri verður lagt af stað frá Eyrarlandsstofu í Lystigarðinum klukkan 11.

Styrktarfélagið Göngum saman hefur það að markmiði að styrkja grunnrannsóknir í brjóstakrabbameini. Félagið leggur áherslu á mikilvægi hreyfingar til heilsueflingar og til að afla fjár í styrktarsjóð félagsins. Í október ár hvert úthlutar félagið styrkjum til grunnrannsókna á brjóstakrabbameini.

Göngunni á mæðradaginn er ætlað að vekja athygli á Stóru styrktargöngu félagsins sem haldin verður í þriðja sinn 6. september næstkomandi, en hún er aðal fjáröflunarleið félagsins.

Nú á sunnudaginn verða gengnar þrjár vegalengdir, 3, 5 og 10 kílómetrar. Ekkert þátttökugjald er í vorgönguna en frjáls framlög eru vel þegin.

Nánari upplýsingar á www.gongumsaman.is



Það er gaman að ganga saman. MYND/ÚR EINKASAFNI



Anna Rósa Róbertsdóttir grasalæknir og Dagný E. Einarsdóttir hómópati bregða á leik. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sjálfsagðara að leita sér óhefðbundinna lækninga

**Heilsuhvoll kynnir starfsemi sína með opnu húsi á morgun en þar er hægt að leita sér alls kyns óhefðbundinna lækninga. Fyrir mörgum eru þær framandi og því tilvalið að líta inn og taka starfsfólk tali.**

Á Heilsuhvoli er hægt að leita sér ýmiss konar óhefðbundinna lækninga. Þar starfa sextán meðferðaraðilar sem bjóða upp á þrettán mismunandi meðferðir. Má þar nefna grasalækningar, nálastungur, hómópatíu, höfuðbeina- og spjaldhryggsmeðferð, Alexandertækni, osteópatíu, nudd, fótaaðgerðir og fleira.

Á morgun, milli klukkan ellefu og tvö, verður heilsumiðstöðin, sem hefur verið starfrækt í átta ár og er til húsa að Borgartúni 33, opin þeim sem vilja kynna sér starfsemina. „Meðferðaraðilarnir, sem allir hafa lokið námi og útskrifast í sínu fagi, verða á staðnum og þar gefst fólki tækifæri til að koma og kynna sér möguleikana en afar einstaklingsbundið er hvað hentar hverjum og einum,“ segir Anna Rósa Róbertsdóttir grasalæknir.

Hún segir það gefast afar vel að hafa meðferðarúrræðin öll undir sama hatti. „Við vísum oft á milli og vinnum auk þess saman með fólk sem leitar til okkar enda er það kjarninn í öllum óhefðbundnum lækningum að horfa á líkamann í heild í stað þess að einblína á einn ákveðinn sjúkdóm. Við reynum að kafa í gegnum yfirborðið og komast að rót vandans. “ Anna Rósa leggur þó áherslu á að meðferðaraðilarnir séu þjálfaðir til að leggja mat á það hvort fólk þurfi að leita hefðbundinna lækninga og fara í rannsóknir.

Hún segir mikla hugarfarsbreytingu hafa orðið hjá fólki á undanförnum árum í garð óhefðbundinna lækninga og þykja þær sjálfsagðari en áður. „Ég útskrifaðist fyrir sautján árum og þá þótti ég voða skrýtin. Í dag þyki ég hins vegar ekki alveg eins skrýtin,“ segir hún og hlær.

Anna Rósa mun brugga te fyrir gesti og gangandi á morgun en hún tínir jurtir sínar sjálf auk þess sem hún flytur inn lífræn grös. Einnig verða léttar og meinhollar veitingar á boðstólnum. Þá mun Gunnar Hersveinn flytja fyrirlesturinn Hamingjuspik sálarinnar, Edda Elín Ásmundsdóttir frá Hlutverkasetrinu tala um Bjargráð eða geðveiki og Héðinn Unnsteinsson flytja fyrirlesturinn Tilbrigði við tvíhyggju. „Í tilefni dagsins verður svo 20 prósenta afsláttur af öllum bókunum. Það er gert til að gefa fleirum kost á að sækja þau úrræði sem við höfum upp á að bjóða enda veitir ekki af,“ segir Anna Rósa og leggur áherslu á að atvinnulausir eru sérstaklega velkomnir.

vera@frettabladid.is

## Englaraddir hljóma í Kópavogskirkju

BARNAKÓRINN ENGLARADDIR FLYTUR SÖNGLEIKINN HÓSÍANNA Á MORGUN

Englaraddir er smábarnakór sem Natalía Chow Hewlett stofnaði fyrir fimm árum. Í dag syngja í honum um fjörutíu börn á aldrinum þriggja til níu ára.

Til að fagna fimm ára afmæli kórsins var ráðist í stórt verkefni, söngleikinn Hósíanna eftir Julian Hewlett sem er eiginmaður Natalíu og undirleikari kórsins. Söngleikurinn verður fluttur laugardaginn 9. maí klukkan 19 í Kópavogskirkju. Þar munu börnin syngja og leika íklædd búningum við undirleik fjögurra manna atvinnuhljómsveitar.

Verkið Hósíanna fjallar um líf Jesú frá fæðingu til dauða og upprisu hans. Á milli laga er lesið úr Biblíunni. Söngleikurinn samanstendur af þremur köflum með samtals 15 lögum. Lögin hafa flest grípandi laglínu og fjörugan takt, auk þess sem þau eru öll á íslensku. Helst má líkja verkinu við Jesus Christ Super Star nema það er ætlað börnum. Lögin eru samin fyrir barnakór með tvo einsöngvara sem syngja hlutverk Jesú og Pílatusar.



Natalía Chow stofnaði smábarnakórinn Englaraddir fyrir fimm árum.




teg.21369 - frábærlega mjúkir og flottir herraskór úr leðri í stærðum 41-46 á AÐEINS kr. 6.585,-



teg.34364 - mjög fallegir herraskór með innleggjum í stærðum 41-46 á AÐEINS kr. 6.785.-

Misty skór
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið

Núðlurétti er auðvelt og fljótlegt að elda og njóta vinsælda jafnt hjá börnum sem og fullorðnum. Afganga má gjarnan nota með soðnum núðlum og einnig eru þær góð viðbót í súpur.

THAI-CHOICE
Toppurinn frá Thailandi




Thai Choice núðlur með kjúklingi

200g Thai Choice Traditional núðlur
2 msk. Thai Choice Soya-sósa
2 msk. Thai Choice Oyster-sósa
300g kjúklingakjöt skorið í strimla
100g fínt skorið grænmet (t.d. paprika, gulrætur, spergilkál og sveppir)
1/2 laukur fínt skorinn

Skolið núðlurnar vel og setjið í sjóðandi vatn og sjóðið í 5 mín. Kælið þær með köldu vatni, sigtið vatnið frá og setjið til hliðar. Hitið olíuna í Wok-pönnu eða stórri steikarpönnu, bætið kjötinu, lauknum og grænmetinu út í og steikið þar til kjötið er fulleldað. Bætið síðan núðlunum og sósunum út á pönnuna og blandið vel saman. Berið fram með Thai Choice Sweet Chilli sósu.

Þegar núðlurnar hafa verið kældar er gott að klippa þær niður í styttri núðlur, þannig er auðveldara að blanda réttinum saman á pönnunni.

# Allt um ferðalög, golf og frístundir

**Sýningin Ferðalög og frístundir verður haldin í Laugardalshöll um helgina.**


Ísland hefur upp á margt að bjóða. Náttúrufegurðin í Breiðavík er til að mynda heillandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Á sýningunni Ferðalög og frístundir sameinast á einum stað allt sem snertir ferðalög og frístundir, innanlands og utan. Sýningin Golf 2009 verður haldin samhliða Ferðalögum og frístundum – og kjarninn í ferðasýningunni verður Ferðatorgið, þar sem ferðamálasamtök og markaðsstofur landshlutanna kynna ferðaþjónustu á sínu svæði. Á Matartorginu verða haldnar þrjár matreiðslukeppnir á vegum Klúbbs matreiðslumeistara, ásamt því að fyrirtæki í matvæla- og veitingageiranum kynna starfsemi sína. Keppnirnar eru Matreiðslumaður ársins, Matreiðslumeistari Norðurlanda og landshlutakeppnin Íslenskt eldhús 2009. Þá fer fram á sýningunni úrslitaviðureign í keppninni Delicato vínþjónn Íslands 2009, sem haldin er af Vínþjónasamtökum Íslands.

Fjölmargir sýnendur úr öllum landshlutum hafa skráð sig til leiks og hafa ferðaþjónustufyrirtæki í ákveðnum landshlutum tekið sig saman um að kynna starfsemi sína undir sameiginlegum merkjum.

Á sýningunni verða kynntir þeir fjölbreyttu möguleikar sem í boði eru og bent á nýjar og spennandi leiðir til að upplifa og kynnast landinu; auk þess sem framboð á ferðum til útlanda verður kynnt.

Á sýningunni Golf 2009 verður hægt að nálgast á einum stað allt það nýjasta um golfíþróttina – og þeir sem hafa áhuga á að kynna sér golfið í fyrsta sinn finna líka eitthvað við hæfi því golfkennarar verða á staðnum til að ráðleggja þeim um fyrstu skrefin. Þar verður einnig sérstakt krakkagolfsvæði með kylfum og boltum ætlað börnum með öryggi þeirra að leiðarljósi.

Sýningin verður haldin í Íþrótta- og sýningarhöllinni í Laugardal dagana 8.-10. maí en nánari upplýsingar er að finna á www.ferdalogogfristundir.is. *- sg*


Stúlkur í taílenskum búningum á taílenskri hátíð í Ráðhúsi Reykjavíkur.

# Gimsteinn austursins

**Taílensk menningardagskrá verður í Háskólabíói á morgun.**

Gimsteinn austursins er yfirskrift taílenskrar menningardagskrár sem fram fer klukkan 14 í sal 3 í Háskólabíói á morgun.

Taílensk menning hefur sett sterkan svip á íslenskt samfélag undanfarin ár enda búa hér á landi um 1.300 íbúar af taílensku bergi brotnir.

Í dagskránni verður varpað nánara ljósi á sérstæða sögu og menningu þessa lands. Fjallað verður um sögu þess, stjórnmálaframvindu, tungumál og matargerðarlist. Nokkur erindi verða flutt bæði á íslensku og ensku. Milli fyrirlestra verða sýndir dansar og lifandi tónlist. Að fyrirlestrum loknum verður gestum boðið að bragða á taílenskum mat sem er í boði veitingahúsanna Núðluhússins, Krua Thai og Thai Shop.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Asíusetur Íslands standa að dagskránni í samvinnu við Taílensk-íslenska félagið og sendiráð Taílands í Danmörku og á Íslandi. *- sg*

# Íslandsmót fjarstýrðra torfærubíla haldið á sunnudag

**Vaxandi sport er að aka fjarstýrðum bílum um torfærubraut en Íslandsmót í því verður haldið um helgina.**

Fyrsta umferð af fimm í Íslandsmóti fjarstýrðra torfærubíla verður haldin sunnudaginn 10. maí. Mótið er haldið á vegum Tómstundahússins og Smábílaklúbbs Íslands á brautarsvæði klúbbsins í Gufunesi í Grafarvogi. Öflugir fjórhjóladrifnir bensínbílar keppa þar í þremur flokkum, Monster-trukkar, Buggý og Truggý.

Monster-trukkar eru eftirmynd af amerískum torfærutröllum líkt og Big Foot. Buggýbílar eru sérgerðir fyrir brautarakstur og er mikið keppt í slíku erlendis. Truggý-bílar eru svipaðir og Buggý fyrir utan að þeir eru með svipuð dekk og Monster-trukkar.

Fjarstýrðir bensínbílar eiga auknum vinsældum að fagna og er Smábílaklúbburinn kominn með varanlega aðstöðu í Gufunesi. Þar er hann með 600 metra torfærubraut en einnig stendur til að malbika braut í náinni framtíð.

Smábílaklúbburinn var stofnaður árið 1994 af áhugamönnum um kappakstur fjarstýrðra bíla og hefur síðan þá staðið fyrir keppnishaldi bæði innanhúss á veturna og utandyra á sumrin. Í sumar verður, auk Íslandsmeistaramóts fjarstýrðra torfærubíla, haldið íslandsmeistaramót í On-road með rafmagns- og bensínbílum. Að auki verða haldin þolakstursmót í torfæru en þá er ekið stanslaust í eina klukkustund.

Frekari upplýsingar má finna á www.sbki.is *- sg*




**Nýr norrænn matur í Norræna húsinu**

**Svæðisbundin matarmenning á Íslandi: staða og möguleikar til þróunar í framtíðinni**

Dagsetning: **9. maí** 2009 Fundarstjóri: **Þröstur Haraldsson**, ritstjóri Bændablaðsins.

**14:00** **Mads Holm** og **Dominique Pledel Jónsson** bjóða gesti velkomna

**14:10-15:00** Umhverfi og aðkoma stjórnvalda
- **Kjartan Hreinsson** – MAST
  Lagalega umhverfið frá sjónarmiði hollustu- og vinnuöryggis.
- **Sjöfn Sigurgísladóttir** – Forstjóri Matís
  Staða mála fyrir smáframleiðendur og framtíðarsýn á Íslandi og í nágrannalöndum.
- **Marteinn Njálsson** – Bóndi og formaður Ferðaþjónustu Bænda
  Reynsla bænda og samtökin Beint frá Býli.

**15:00** Nýstárlegt smáréttahlaðborð, í boði Norræna hússins, úr íslensku gæða hráefni frá ýmsum landshlutum að hætti **Gunnars Karls Gíslasonar** á **veitingahúsinu Dill**. Nokkrar afurðir á vegum eftirfarandi aðila verða kynntar: Matarkista Skagafjarðar, Bíó bú, Hríseyjar kræklingur, heimaafurðir frá Hásli og Leirpotturinn, hannaður af Guðfinnu Mjöll og Brynhildi Pálsdóttur.

**15:30** Hver er staðan og hverju þarf að breyta?
- **Nanna Rögnvaldardóttir** – Matarfrömuður
  Hverjar eru hefðirnar og hvað er eftir af þeim?
- **Þórarinn Jónsson** – Bóndi á Hálsi í Kjós
  Get ég fengið kjötið mitt fyrir viðskiptavini mína?
- **Ari Þorsteinsson** - Í ríki Vatnajökuls
  Þróun matvæla, Ecomuseum og heildræn nálgun.

Að kvöldi 9. maí í Norræna húsinu býður **veitingastaðurinn Dill** uppá matseðil undir þemanu, "**Matarkista Skagafjarðar**". Umsjón hefur **Gunnar Karl Gíslason**, sem hér í Reykjavík hefur hvað mest unnið með hráefni úr sveitum landsins undir formerkjum **Nýr norrænn matur**.

Norræna húsið |Sturlugötu 5 |101 Reykjavík |Sími 551 7030 |Fax 552 6476 |www.nordice.is |nh@nordice.is



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



Eirberg



Ný sending af sundfatnaði komin

www.eirberg.is • 569 3100
Stórhöfða 25



**Flott föt**
fyrir flottar konur
str. 40-60
belladonna
Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460 • Fax: 517-6465
www.belladonna.is



1. umferð Íslandmóts Tómstundahúsins og SBKÍ,
Keppni fjarstýrðra bensín torfærubíla verður haldin **sunnudaginn 10. maí** á brautasvæði SBKÍ í Gufunesi, Grafarvogi.
Hægt er að skrá sig í keppni á heimasíðu sbki.is eða á staðnum.
**Frekari upplýsingar á www.sbki.is**



Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## BÍLAR & FARATÆKI

HÖFÐABÍLAR ...þar sem bílar seljast



TOYOTA AYGO H/B. Árgerð 2006, ekinn 56 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 1.390. þús. Snildar sparibaukur. Lán C.a. 1.280. þús Rnr.127735



HUMMER H2 SPECIAL EDITION. Árg 2004, ekinn 70 þ.km. Loftpúðum 22" felgur topplúga einn sá sverasti Verð 4.5 Millj lán 2,6 Millj S 8572696 Rnr.127758



CHRYSLER 300 C SRT-8 6,1 Hemi 426 HP Árgerð 2006 ekinn 38 þ.km einn með öllu Verð 5.4 millj. lán 3,8 millj S:8572696 Rnr.127381

**Höfðabílar**
**Fosshháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

Lykil bílar ehf bílasala



Hef kaupanda af Ford Transit Hobby T 650 Staðgreiðsla í boði, Vantar allar gerðir húsbíla á skrá og á staðinn Mikil eftirspurn - hringdu núna



FORD TRANSIT HOBBY T600FC Árg 2006, ek 6 þ.km, bakkskynjarar, sólarsella, markísa, loftnet, flatskjár, Einn sá flottasti Fáðu nánari upplýsingar núna

**Lykilbílar ehf**
**Smiðjuvöllum 7, 300 Akranes**
**Sími: 445 7700**
**www.bilasolur.is/lykilbilar**


Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


Arnarbílar
www.arnarbilar.is



SKODA OCTAVIA ELEGANCE COMBI, árg 7/2003, ek 109.þ km, 2.0L beinskiptur, Nýleg tímareim, Verð 890.þ Áhv 750.þ Arnarbílar, Malarhöfða 2. S: 5672700



SUZUKI GSX-R 750, árg 2006, ek 9.þ km, 168kg, 153 hestöfl, 6 gíra, Flott hjól, Aukasæti fyrir farþega fylgir, Verð 1.190 þ. Arnarbílar, Malarhöfða 2. S: 5672700

**Arnarbílar ehf**
**Malarhöfði 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**

100 bílar.is bílasala



M. BENZ ML 350 4MATIC, árg. 2006, ek.99þús.km., 269 hö, leður, lúga, rafmagn, loftpúðafjöðrun, Harman kardon hljóðkerfi, Hlaðinn aukabúnaði !! Ásett verð 4990 þús.kr,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Yfitaka + fullur tankur af bensíni. Chevrolet Lacetti. afb. 30þ. á mán. Lán 1190þ. Lítur út eins og nýr. Skoða öll skipti. S. 868 4972 & 865 2846.



ALFA ROMEO 2,0 T-SPARK '98 árg. ekinn.115 þús.selespeed zender kitt hringinn sport púst og alls konar annað finerí. Þarfnast viðgerðar lista verð 690þús. fæst á 250þús. s.8477663



Bmw 525 diesel. Árg. '01. Ekinn 227 þús. Skoðun 2010. Beinskipur. Bíll með öllu. Verð. 930 þús. Uppl s. 868 4281.



Subaru Legacy 2L. Árg. '03 5g. Sumar- og vetradekk. Ek. 70þ. S. 616 2597.



Til sölu Land Rover defender árg. 99. Ekinn 183 þús. Aðeins 1 eigandi. Læst drif að framan og aftan ofl. V. 1,6 millj. Engin skipti. Uppl s 821 9269



**Sumar Tilboð 220 þús stgr**
Hyundai cupe 1998 ek. 187 þ. km mikið yfirfarinn ný tímareim nýtt í bremsum ný skoðaður ásett verð 350 þús. 691 4441

Grand Cherokee '02 ek. 108þ.mílur. Sk. '10. Áhv. 1280þ. Ath öll skipti. Verðh. 1500þ. S. 899 9799.

**3 bílar á verði eins !**
3 stk. Peugeot 306 station '98-'99, eknir frá 90-160 þús. 1,6 vél, 5 gíra. Verð fyrir alla 100 þús. Bílarnir fara ekki í gang. Vélar í lagi. Uppl. í s. 861 7600.

## 0-250 þús.

Til sölu Kia grand sportage. Þarfnast smá lagfæringa. Uppl. s. 894 2456.

Corolla árg. 93. 5 dyra. Skoaður 2010. Góður bíll. Verð 135 þús. Uppl. s. 891 9847.

## 1-2 milljónir



Toyota Corolla WG SOL 2006 ek 45 þús. verð 1.990 þús, ath skipti Ragnar 824-0539

Mitsubishi Pajero Sport '01. ek. 195km v. 1250þús. Engin skipti. Uppl. í s. 866 6540.

## 2 milljónir +



CHRYSLER 300C AWD LIMITED árg. 2007, ek. 17 þús. Innfluttur nýr, með öllu. Verð 4890 þ. Skoða skiptí á ódýrari. S. 895 5577.



KIA SPORTAGE 2,0 DIESEL SJÁLFSK, árg. 2005, ek. 79 þús. Verð 2480 þ. Skoða skipti á ódýrari. S. 895 5577.

## Bílar óskast




**Nú er tími notaðra bíla**
Óskum eftir öllum tegundum bifreiða á skrá. Sölukostnaður frá aðeins 29.900.- fyrir þitt ökutæki.Kynntu þér málið á Netbilar.is Gerðu verðsamanburð. Bílasalan Netbilar.is - Hlíðasmára 2 - Sími 588-5300

**Vantar ódýrann**
Vantar bíl á verðbilinu 20-120 þús. allar tegundir koma til greina. Má þarfnast lagf. S. 857 9326.

Óskum eftir að kaupa Suzuki Jimny 4WD, árg. 2003-2007. Uppl. í s. 897 1928.

Óska eftir skoðuðum bíl á ca. 100þ. Uppl. í s. 699 6762.

Óska e.að kaupa til niðurrifs gamla

## Jeppar

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

## Vörubílar



Volvo fh16 610hp árg 2004. Góður bíll, yfirtaka láns, er í vinnu í dag sem gæti fylgt uppl. 8945985 Grétar



Til sölu Volvo vörubifreið F12 440 ásamt fylgihlutum. Uppl. í s. 892 0233.

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

## Mótorhjól

BLUEMOUNTAIN ADVENTURE TOURS

**Viltu leigja mótorhjól ?**
Erum með BMW GS 650 og Yamaha XT660 til leigu. Erum einnig með 50cc vespur til leigu(bílpróf dugar) www.bluemountain.is Rofabær 9,S.5787860 S:821 6386



Til sölu Honda Chadow 750. 2006. E. 8800km. Rautt-svart-Króm. Töskurveltigrind-vindhlíf og aftursæti m. baki. V. 900 þ. Upp. 892 4305

## Fjórhjól



GÓÐAR VESPUR Á GÓÐU VERÐI. MARGIR LITIR Í BOÐI. VERÐ AÐEINS 199.999. HAGKAUP GARÐABÆ 563 5000.

## Reiðhjól

Rafmagnsreiðhjól - engin tryggingariðgjöld / bensínkostnaður. www.el-bike.is

## Kerrur



Tilboð kr.215.000 Álborð 2,51x1,31x0,35mtr. 750kg. kerra,13"dekk. Brimco ehf. Háholti 18 Mosf. s.894-5111 www.brimco.is

## Hjólhýsi

Í topstandi 2006, 5.80m m/kojum, 2 rafg, sólsellu, loftn, DVD/CD/Útv. 2.8 m. S:6648477

Til sölu Hobby hjólhýsi,22 fet,árg.1989. Fortjald,geymir,gaskútur o.fl.fylgir.Verð kr.1.300.ooo.Uppl.í síma 861-5595

## Fellihýsi

Til sölu Coleman Laredo 9 feta fellihýsi árg '97. Lítið notað í toppstandi, sólarsella, fortjald, 2 gaskútar og fl. Verð 450 þús. S. 893 7278

## Bátar



Bayliner 245,disel með haffæri 09,einn með öllum þægindum.uppl 892 7155

Átt þú trébát, Súðbyrðing? Þarft þú að láta lagfæra hann. S. 847 9874.

**Til sölu er partur í skemmtibát í Króatíu**
Sjá myndir á: www.tinyurl.com/valberg-perlan Uppl. www.valbergh@simnet.is

## Hjólbarðar

**UMFELGUN - UMFELGUN !**
Fólksbíl 5.490.- Smá jeppar 6.490.- 30-32" 8.990.- 33-35" 9.490.- VDO BORGARDEKK BORGARTÚN 36 588 9747

Til sölu ný orginal sumardekk undan Land Cruiser 200 285x50x20" fást á hálfvirði eða 100 þús uppl í síma 8936840

## Varahlutir




**Japanskar Vélar Varahlutasala**
Erum að rífa MMC Pajero/Montero '00-'05. L200/Izuzu pick up '00-'07. Susuki Vitara/Liana/Swift '00-'08. Hyundai Santa Fe/Tucson/Starex. '00-'06. Nissan pickup/Almera/X-Trail '02-'08. VW/skoda '00-'05. Mazda/Ford '00-'05. Kia, flestar gerðir. Chevrolet '05-'06. Citroen C2/C3 '02-'06. og fl. Kaupum bíla. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284.

**Bílapartar ehf S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Cati, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888.

## ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Atlið Þrif & Viðhald
Hreingerningar • Flutningsþrif
Gólfbónun • Teppahreinsun
• Húsgagnahreinsun •
Sími: 662 0 662

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

## Ræstingar

Get núna bætt við mig þrifum. Hef mikla reynslu og er mjög vandvirk. Uppl í S:8464675

## Garðyrkja

Góð Gæði ehf
Smágröfuþjónusta

**Húsa og sumarbústaðaeigendur**
tek að mér hvers kyns garðvinnu t.d. þökulagnir, fjarlægja tré, drenlagnir, skólplagnir, jarðvegsskipti í innkeyrslum, hellulögn og fleira. Er með gám undir garðaúrgang. S. 892 8043.




**Gröfuþjónusta Auberts.**
**Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnnýjun á drenn og klóaklögnum.**
**Sími 892 1663.**

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 8. maí 2009



# VIL GERA HLUTINA Á EIGIN FORSENDUM

Ólöf Jara Skagfjörð Valgeirsdóttir fer með hlutverk Sandyar í Grease, er á leið í sambúð og klárar stúdentspróf.

## „HÚN HEFUR ALLTAF VERIÐ SYNGJANDI“

Foreldrar Jóhönnu Guðrúnar í viðtali frá Moskvu

## FLOTTIR ÍSLENDINGAR Í REYKJAVÍK

Reykjavík Looks sýnir tísku götunnar

## STRÚTSFJAÐRIR FYRIR TRÉN Í GARÐINUM

Tinna Gunnarsdóttir hannar skemmtilegan vorboða

SUMARTILBOÐ



Toshiba L300-1DT FARTÖLVA

2.16GHz Intel Core Duo T3400 örgjörvi með 2GB (1x2GB) DDR2 800MHz minni, 160GB SATA harðdisk, DVD±RW Dual Layer skrifara, 15.4" WXGA breiðtjaldsskjá, Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákorti, innbyggðu 10/100 netkorti og 56K mótaldi, 3xUSB 2.0, VGA, ExpressCard Slot ofl. Windows Vista Business eða XP Pro stýrikerfi.

97.950



Corsair USB2 8GB

8GB minniskubbur, höggvarinn og með 10 ára ábyrgð. Einn sá allra minnsti.

Fylgir frítt með!

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

# núna

✻ fréttir af fólki

## VALDÍS THOR LJÓSMYNDARI

Eftir skrautlegar helgar upp á síðkastið ætla ég að taka því rólega til tilbreytingar. Á laugardaginn ætla ég að mála heima með kærastanum. Síðan elda góðan mat, hitta yndislegt fólk og leyfa kvöldinu að ráðast. Vakna fersk á sunnudaginn, bjóða mömmu í amerískar pönnukökur og smella á hana kossi í tilefni af mæðradeginum.



helgin MÍN



### Flytur úr miðbænum

Eva María Jónsdóttir sjónvarpskona hefur löngum alið manninn í póstnúmerinu 101. Hún hefur nú rifið upp miðbæjarræturnar og fest kaup á íbúð í póstnúmeri 107 en nýja heimilið mun vera nálægt Ægisíðunni. Hún segist á Facebook vera í fyrsta sinn orðin íbúðareigandi: „All by myself!“

### Eiríkur gestadómari í Idol

Dómnefnd Idolsins berst aldeilis liðsauki í kvöld. Þá mætir Eiríkur Hauksson til leiks sem gestadómari. Eiríkur er eins og kunnugt vel í stakk búinn til þess, hann hefur fylgst vel með Eurovision-keppninni og að auki sungið í allmörgum söngvakeppnum. Þema kvöldsins er einmitt Eurovison-keppnin.

### Eignaðist stúlku á kosningadag

Elín Arnar, ritstjóri Vikunnar, eignaðist stúlkubarn á sjálfan kosningadaginn, 25. apríl síðastliðinn. Stúlkan var 14 merkur, með eindæmum hárprúð og gekk fæðingin víst eins og í sögu. Er þetta hennar fyrsta barn.



Foreldrar Jóhönnu Guðrúnar Jónsdóttur verða viðstaddir Eurovisionkeppnina:

# SPÁ ÍSLANDI GÓÐU GENGI

Hún hefur alltaf verið syngjandi, alveg frá því hún var um þriggja ára,“ segir Jón Sverrir Sverrisson, faðir Jóhönnu Guðrúnar Jónsdóttur. Margrét Steindórsdóttur móðir hennar tekur í sama streng, en eins og flestum er orðið kunnugt syngur Jóhanna Guðrún lagið Is it true? fyrir Íslands hönd í forkeppni Eurovision á þriðjudaginn. Hún er nú stödd í Moskvu ásamt foreldrum sínum og þeim sem að atriðinu koma, en æfingar fyrir keppnina standa nú yfir þar í borg. Aðspurðir segjast foreldrar hennar hafa fylgst vel með Eurovision í gegnum tíðina, en bjuggust ekki við að Jóhanna ætti eftir að taka þátt. „Jóhanna var eiginlega búin að segja að hún vildi ekki taka þátt í forkeppni Eurovision og trúlega myndi hún ekki gera það, en svo fékk hún þetta lag upp í hendurnar og þá breyttist staðan,“ útskýrir Jón. „Við vissum að það væri bara tímaspursmál hvenær hún yrði beðin um að taka þátt og þegar hún ákvað að slá til studdum við það,“ bætir Margrét við og segir úrslitin hafa komið skemmtilega á óvart. „Við renndum svolítið blint í sjóinn með þetta því Jóhanna var ekki búin að vera mjög áberandi og maður vissi ekki hvernig þjóðin myndi taka henni. Ég bjóst alveg eins við því að Elektra myndi vinna, en það var ánægjulegt hvað Jóhanna sigraði með miklum yfirburðum,“ segir hún.

þetta HELST

Spurð hvort þau finni að Jóhanna sé stressuð fyrir stóru stundinni segja þau svo ekki vera. „Hún er kannski ekki beint stressuð, en auðvitað er þetta álag. Maður finnur það ekki á henni, en ef maður þekkir hana vel sér maður að hún fer svolítið inn í sig og vill ekki hafa of margt í gangi í einu. Hún vill fókusera á keppnina og vildi til dæmis ekki fara með í eina skoðunarferðina um borgina því henni fannst það trufla einbeitinguna,“ útskýrir Margrét og spáir Íslandi góðu gengi í keppninni. „Ég held að við verðum í þriðja eða fjórða sæti á eftir Noregi og kannski Tyrklandi. Annars eru mörg lönd sem koma til greina, en ég yrði mjög vonsvikin ef við kæmumst ekki upp úr forkeppninni,“ segir hún. „Það væri rosalega gaman ef við kæmumst og okkur þjóðinni veitir ekki af því,“ segir Margrét. „Nú er það bara „break a leg“,“ bætir Jón við og brosir. Þátttaka Jóhönnu í Eurovision hefur meðal annars opnað dyr inn á þýskan markað nú þegar og foreldrar hennar eru sammála um að hún eigi framtíðina fyrir sér í söngnum. „Það er langt síðan við vissum að Jóhanna vildi leggja sönginn fyrir sig og þetta hefur gengið fyrir. Þetta er gjöf sem hún hefur fengið og hún á bara að nota hana,“ segir Margrét. „Við höfum ekki nokkrar áhyggjur af Jóhönnu hvort sem hún fer alla leið í keppninni eða ekki. Hún er svo sterkur karakter og sjálfstæð að það er sama hvað hún tekur sér fyrir hendur, hún gerir það vel,“ segir Jón.



**Með fjölskyldunni í Moskvu** Jóhanna Guðrún Jónsdóttir nýtur stuðnings foreldra sinna, þeirra Margrétar Steindórsdóttur og Jóns Sverris Sverrissonar, á Eurovision-keppninni í Moskvu. Kærasti hennar verður líka viðstaddur keppnina. FÖSTUDAGUR/ALMA






**Þing raunveruleikans** Opnar í nágrenni New York-borgar.

# Stórt listaverk afhjúpað í USA

Ólafur Elíasson hefur undanfarin fjögur ár unnið að stóru almenningslistaverki sem staðsett verður utandyra en þetta er fyrsta verk hans af því tagi sem afhjúpað verður í Bandaríkjunum. Verkið verður afhjúpað laugardaginn 16. maí næstkomandi í Hessel Museum of Art fyrir utan New York og er kallað The parliament of reality eða „þing raunveruleikans“. Mikill spenningur er fyrir verkinu þar vestra en verkið er manngerð eyja af Ólafi Elíassyni sem umlukin er þrjátíu feta vatni, tuttugu og fjórum trjám og graslendit. - jma

✻ augnablikið



**GERI HALLIWELL VILL BETRI FÆÐINGARHJÁLP** Kryddpían fyrrverandi, Geri Halliwell, hyggst berjast fyrir því að breskar konur sem eru að fara að eignast börn fái meiri aðstoð en raun ber vitni. Fæðingarhjálp þykir mjög ábótavant í landinu. Halliwell slæst þarna í för með forsætisráðherrafrú Bretlands, Söruh Brown.

föstudagur **Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Ritstjórn:** Anna Margrét Björnsson og Júlía Margrét Alexandersdóttir. **Forsíðumynd** Vilhelm Gunnarsson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000




allt fyrir kroppinn
**HREYSTI**
*í 20 ár*
1988-2008

*Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar*

KORTER - Ljósm. Jón Páll Vilhelmsson




System belti fyrir kviðvöðva
dömu og herra
kr. 29.900,-

**NÝTT**




Flex Max belti fyrir
kviðvöðva dömu og herra
kr. 24.900,-

Flex belti fyrir kviðvöðva
dömu og herra
kr. 19.950,-

System dömu / herrapakki - belti + armar **kr. 36.900,-**
System dömupakki - belti + buxur **kr. 39.900,-**
System dömupakki - belti + buxur + armar **kr. 46.900,-**

20 mínútur með Slendertone belti jafngildir 120 uppsetum

allt fyrir kroppinn
**HREYSTI**
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Sama verð um land allt - frí heimsending
fyrir utan höfuðborgarsvæðið

# núna

✻ tíska og hönnun



**EF HÁRIÐ ER ÞURRT** og skortir gljáa er nýja hárlínan frá L'Occitane tilvalin. Í henni eru seyði úr ólífutrénu, en eiginleikar trésins hafa verið þekktir í margar kynslóðir. L'Occitane notar lífrænt seyði úr ólífulaufum, lífrænt ólífuvatn og AOC Baux de Provence-ólífuolíu í nýrri hárlínu sinni.



**Gert úr strútsfjöðrum** Kraum á Skólavörðustíg hóf í vikunni sölu á nýjustu vöru Tinnu, Vorboðanum.

## Ný vara frá Tinnu Gunnarsdóttur



**Þolir veður og vind** Í regni leggst vorboðinn saman en lifnar svo aftur við þegar þornar og vindur fer að blása.

**Vorboðinn heitir nýjasta vara Tinnu Gunnarsdóttur iðnhönnuðar. Vörur hennar, svo sem skordýramotturnar vinsælu sem meðal annars hafa verið seldar í Kokku og má nota á gólf eða borð, hafa notið mikilla vinsælda og seljast eins og heitar lummur. Tinna hannaði líka Blaðbera Fréttablaðsins sem nýtist undir dagblöð á leið í endurvinnslu. Vorboðinn er skemmtilegt handhnýtt fyrirbæri sem hægt er að nota til að fá líf í íslensk tré og runna. Það er oft löng bið eftir blómstrandi trjám hér á landi og Vorboðinn er leið til að hafa blómstrandi tré og runna allt árið um kring ef vill. Í Vorboðann er notuð lituð strútsfjöður og hann er hnýttur af fluguhnýtingamanni. Þar sem efnið er svo fislétt bærist fjöðrin í trjánum við minnsta andvara og hverfur svo næstum í rigningu. En nær svo fyrra lagi og lífi þegar styttir upp. Gaman að geta lífgað upp á garðinn eða heimreiðina og glætt lit í tilveruna með þessari fallegu hönnun Tinnu.**

*- amb*










**Tíðarandinn á Reykjavík Looks**

## Vorið á götum Reykjavíkur

Vefsíðan Reykjavik Looks fetar í fótspor The Sartorialist og The Face Hunter með því að birta skemmtilegar myndir af fólki úti á götu eða í veislum sem allt hefur það sameiginlegt að búa yfir einstökum stíl og smartheitum. Það eru hinar smekklegu Elísabet Alma Svendsen, Togga Tolladóttir og Saga Sigurðardóttir sem leita uppi svalasta fólkið í bænum og mynda. Hér gefur að líta nýjar myndir af vefnum sem sýna að vortískan er litrík, fjölbreytt og frumleg. http://reykjaviklooks.blogspot.com/

*- amb*








Fiji hönnun í hæsta gæðaflokki
FSC tekk frá Costa Rica
Sett 4 hlutir úr tekki verð: 99.900,-
SÓLHLÍF
án fótar
7.990
GARÐSETT
3.990,-
SUNDTASKA
690,-
HENGIRÚM
5.990,-
GARÐFÍLL
1.490,-
BREIÐ HIRSLA
6.990,-
TAUKARFA
4.990,-
HÁ HIRSLA
5.990,-
Goa húsgögn
margnota hirslur
úr hnotu
á lágu verði!
the PIER
gleðilegt sumar!
Full búð af sumarlegum vörum
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# ER MJÖG SJÁLFSTÆÐ

***Ólöf Jara Skagfjörð Valgeirsdóttir* hefur sjaldan gengið í gegnum aðrar eins annir. Í miðjum stúdentsprófum í Versló æfir hún hlutverk Sandyar fyrir söngleikinn Grease, leikur í fjórum til sex sýningum á viku í Kardimommubænum og er auk þess að flytja að heiman.**

*Viðtal:* Júlía Margrét Alexandersdóttir
*Ljósmyndir:* Vilhelm Gunnarsson



**Vonast til að halda áfram í leiklistinni** Ólöf Jara ætlar að þreyta inntökupróf í vor.

Pabbi tjáir sig nú ekki mikið um yfirvofandi flutninga. Mamma er voða spennt en hefur þó blendnar tilfinningar og segir öðru hvoru að hún vilji ekki að ég fari. Ég hef þær tilfinningar líka svo sem sjálf. Kann vel við mig heima hjá mömmu og pabba,“ segir Ólöf Jara. Foreldrar Ólafar eru Guðrún Gunnarsdóttir söngkona og Valgeir Skagfjörð leikari og fetar Ólöf Jara nú í fótspor þeirra beggja með því að sameina leik og dans í söngleikjaforminu. „Ég hef samt aldrei leikið neitt tengt þeim og ég hef alltaf viljað gera hlutina á eigin forsendum. Þannig að þegar kemur að því að fá tilsögn frá þeim og slíkt er ég mjög þrjósk og vil það helst ekki. Þau hafa líka lagt á það áherslu í uppeldinu; að ýta undir sjálfstæði mitt. Þannig var aldrei neinum áhugamálum eða tómstundum haldið að mér.“

## ÍSLANDSMEISTARI Í FÓTBOLTA

Ólöf Jara er úr Kópavogi, fædd árið 1989 og segir að tvennt hafi einkum átt tíma hennar sem krakka; píanónám og fótboltaæfingar. Hún æfði með Breiðabliki allt þangað til hún byrjaði í Versló. „Jú, við vorum mjög góðar, við urðum Íslandsmeistarar og bikarmeistarar og höfðum mikinn metnað. Ég hafði hins vegar alltaf brennandi áhuga á söngleikjum og þar sem að mamma vann á Stöð 2 vorum við með stöðina sem sýnir gömlu klassísku myndirnar. Singing in The Rain var í miklu uppáhaldi. Ætli ég hafi ekki svolítið gamaldags smekk. En þegar kom að því að velja menntaskóla þá valdi ég að fara í Verslunarskólann og þá fyrst og fremst af því að mig langaði til að taka þátt í söngleikjunum þar.“

Ólöf Jara hefur tekið þátt í öllum söngleikjum Verslunarskólans nema þeim sem er nú í ár enda var nóg að gera í öðru og hún segist ekki hafa verið spennt fyrir þemanu núna með David Bowie. Söngleikirnir reyndust henni örlagaríkir því bæði kynntist hún kærastanum sínum í prufunni fyrir söngleikinn á fyrsta ári hennar í Versló: Á tjá og tundri, og Selma Björnsdóttir varð á hennar vegi þar þegar hún leikstýrði fyrir tveimur árum söngleik ársins. „Kærastinn minn, sem ég er einmitt að byrja að búa með núna í fyrsta skipti, var þarna sjálfur í prufum fyrir söngleikinn og við lékum þarna saman. Hann er núna á fyrsta ári í leiklistarskólanum.“

## 16 ÁRA Á FÖSTU, 20 ÁRA Í SAMBÚÐ

Kærasti Ólafar Jöru heitir Sigurður Þór Óskarsson og fékk líka hlutverk í Grease. Hann leikur þó ekki ástmann hennar heldur einn besta vin Danny. „Nei, hann kippir sér ekkert upp við það að horfa upp á mig leika þarna í ástarsenum á móti öðrum. Hann veit alveg hvernig þetta virkar enda sjálfur í leiklistarnámi. Við erum afar náin og góðir vinir enda búin að vera saman síðan ég var 16 ára og hann 17 ára. Það er mikil tilhlökkun í okkur að flytja á Laugaveginn og leigja þar saman,“ segir Ólöf Jara. Hún segist líka sjá það í hillingum að fá að hafa dótið sitt í friði fyrir yngri systrum sínum tveimur sem eru afar hrifnar af því að máta fötin hennar og prófa málningardótið.

Ólöf Jara fór ekki í almennar prufur fyrir Grease heldur hringdi leikstjórinn Selma Björnsdóttir beint í hana og bað hana að koma í sjónprufur. „Selma þekkti mig bæði úr Versló og svo hef ég verið hjá henni í Gosa og Kardimommubænum.“ Er hún hörð í horn að taka? „Nei,nei. Hún er mjög ákveðin manneskja sem veit hvað hún vill en hún setur hlutina aldrei leiðinlega fram, er mjög geðgóð og er ótrúlega skipulögð. Öguð vinnubrögð hennar henta leikhúsinu mjög vel.“ Ólöf Jara sá báðar uppfærslurnar á Grease hér á landi, árið 1998 og 2003, og segist hafa verið mjög hrifin. Lögin séu þannig að maður verði ekki leiður á þeim og skemmtilegar persónur séu í verkinu. Verkið verður frumsýnt 11. júní. Er erfitt að leika Sandy? „Já, þótt það hljómi kannski ótrúlega, en þá þarf maður talsvert að hafa fyrir því að leika svo einlæga og bláeyga manneskju sem Sandy er. Jú, ég finn að vísu töluvert af Sandy í sjálfri mér en ég hugsa að ég sé aðeins meiri töffari, svona eins og hún verður þegar á líður.“

## FÓLK HISSA AÐ ÉG HAFI ALDREI SMAKKAÐ VÍN

Ólöf Jara er staðráðin í því að þreyta inntökupróf í leiklistardeild Listaháskólans næsta vor og vonast til að geta haft nóg að gera í Grease og leikhúsinu þangað til. „Auðvitað er það óskastaðan, en ef ekkert er í boði nema afgreiðslustörf þá auðvitað reynir maður bara að vinna sér inn pening eins og maður getur. Ef ég kemst ekki inn hér heima fer ég pottþétt út og þá þarf maður að vera búinn að safna sér einhverjum peningum.“ En er einhver tími fyrir félagslífið og vinina þessa dagana? „Jú. En þar kemur það að það hjálpar mér að drekka ekki, sem ég hef aldrei gert. Ég get því alltaf farið í partí og verið stálslegin daginn eftir. Kærastinn minn drekkur heldur ekki þannig að það er eins hjá honum,“ segir Ólöf Jara og bætir því við að löngunin til að smakka áfengi hafi einfaldlega aldrei gert vart við sig. Er aldrei neinn þrýstingur á að smakka? „Fólk hefur bara gefist upp á að reyna, það veit að það þýðir ekkert að bjóða manni. Þetta er samt svolítið fyndið að fólk er alltaf mjög hissa á því að ég drekki ekki þegar það er í raun fyrst löglegt nú í ár að ég bragði áfengi. En ég held að vinum mínum finnist alveg jafn gaman að hafa mig í partíum þótt ég sé edrú.“






## bak við tjöldin

**Stjörnumerki:** Steingeit.

**Besti tími dagsins:** Kvöldin.

**Geisladiskurinn í spilaranum:** Grease eins og er.

**Uppáhaldsverslunin:** Hagkaup. Því þar er opið allan sólarhringinn. Við kærastinn nýtum okkur það.

**Uppáhaldsmaturinn:** Kalkúnninn hans pabba á gamlárskvöld.

**Líkamsræktin:** Baðhúsið og Grease-æfingar.

**Mesta dekrið:** Að gera ekkert.

**Mesta freistingin:** Súkkulaðikökur. Get ekki staðist þær.

**Ég lít mest upp til:** Mömmu og pabba.

**Áhrifavaldurinn:** Tónlist.



**Draumafríið:** Þar sem sólin skín og ódýrt er að versla.

**Hverju myndirðu sleppa ef þú yrðir að spara:** Förðunarvörum.

TOPP 10

# TINNA HRAFNSDÓTTIR
**leikkona**



**KAFFIKANNAN** Fyrsti hluturinn sem við keyptum saman í búið.





**SPILADÓS** sem ég held mikið upp á, með myndskreytingum eftir Sól systur mína.



**STYTTA** sem ég keypti fyrir mörgum árum í Prag.



**KAMÍNA** sem Dói sambýlismaður minn gaf mér ein jólin.



**RÚSSNESKAR BABÚSKUR**



**ÖND** sem afi minn, Gunnlaugur heitinn Þórðarson, gaf mér. Öndina fyllti hann af sandi úr Sahara-eyðimörkinni sem hann heimsótti eitt sinn.



**TAFL** Ég tefli af og til og festi því kaup á þessu handunna tafli á ferðalagi í Hong Kong.



**STYTTA** af Öskubusku á ballinu sem móðuramma mín, Margrét Einþórsdóttir, átti. Mér þykir sérstaklega vænt um hluti sem eru erfðagripir.

**FYRSTA PEYSAN** sem mér tókst að prjóna.



**VEGGDÚKKA** frá Grikklandi.




# núna
✻ menning og matur



**MATARTORG Í LAUGARDALSHÖLL** Sýningin Ferðalög og frístundir stendur yfir um þessar mundir og þar er glæsilegt matartorg. Í dag, föstudag, fer svo fram vínþjónakeppni þar sem keppt er í vínsmökkun. Tilvalið að skella sér og rifja upp vínkunnáttuna.

Myndlist:

## Æskuslóðirnar í Breiðafirði notaðar sem leikmynd



**Memento Mori** Líkaminn á verki Ragnhildar minnir á Venus Titians en hér er hún með höfuð hreindýrs og liggur með Breiðafjörðinn í bakgrunninum.

Memento Mori er titill sýningar Ragnhildar Ágústsdóttur sem stendur yfir í Gallerí Fold þessa dagana. Þessi latneska setning þýðir „Munum að við erum öll dauðleg“. Dauðinn kemur vissulega við sögu í verkum Ragnhildar en þar er að finna dauð dýr sem hún málar á striga. „Fólkið og dýrin koma úr hinum ýmsu áttum. Dýrin eru öll eða flest dáin og hafa þau dáið ýmist með því að vera veidd, keyrt á þau eða fundin dáin í náttúrunni. Svo byggi ég mínar skissur á þessum dýrum sem öðlast svo „nýtt líf“ í formi málverks,“ útskýrir Ragnhildur. Þetta er önnur einkasýning Ragnhildar en áður hélt hún sýninguna „Leit sankti Húberts“ í Stykkishólmi í Norska húsinu í júlí á síðasta ári við góðan orðstír. Þar á undan tók hún þátt í samsýningu, Í bláum skugga, sem haldin var á sama stað. Myndefnið sækir Ragnhildur víða að en flestar eiga myndirnar það sameiginlegt að í þeim birtast myndir frá æskuslóðum Ragnhildar í Stykkishólmi og Breiðafirðinum. „Ég ber sterkar rætur til þesssara slóða og hef alltaf séð þetta umhverfi í málverkunum sem ákveðna leikmynd.“ *- amb*



**Ragnhildur Ágústsdóttir myndlistarkona**




# Barnavagnavika FÍ
## 11. – 15. maí

**Gönguferðir fyrir barnafólk með barnavagna og kerrur, alla daga vikunnar 11. – 15. maí. Léttar, skemmtilegar gönguferðir, góð hreyfing og góður félagsskapur. Allar gönguferðir hefjast klukkan 16.00**
**Fyrsta gönguferðin er frá Perlunni og er gengið um Öskjuhlíð. Dagskrá barnavagnavikunnar má sjá á heimasíðu FÍ www.fi.is**

**Fararstjórar: Auður Kjartansdóttir og Páll Guðmundsson**

***Þátttaka er ókeypis, allir velkomnir.***

**Ferðafélag Íslands**
***Skráðu þig inn – drífðu þig út***
**www.fi.is**




BORGIN mín

## BRUSSEL

**Erna Jónsdóttir, lögfræðingur hjá Eftirlitsstofnun EFTA**

***MORGUNMATURINN:*** Hinn týpíski morgunmatur hérna í Brussel fyrir mér er „croissant“ og kaffi og það er hægt að fá það á flestum stöðum. Volgt „croissant“ bregst aldrei en það er sjaldgæft að fá gott kaffi. Þar sem ég bý fyrir ofan kaffihús fer ég yfirleitt bara niður og fæ mér morgunmat þar þegar þannig stendur á.

***SKYNDIBITI:*** Þar sem þetta er Belgía myndi ég segja franskar, það virðist vera hálfgerður þjóðarskyndibiti Belganna, svona svipað og pylsur eru fyrir okkur, auðvelt að grípa þetta og kasta þessu í sig.

***KAFFI:*** Það er kaffihús á Rue Jourdan í St. Gilles, í einni af hliðargötunum af Avenue-Louise. Þar er hægt að fá allar tegundir af kaffi. Þar vinna þeir einu kaffiþjónar hér í Brussel sem kunna að búa til almennilegt kaffi og cappucino. Annars er helst hægt að veðja á ítalska veitingastaði til að fá gott kaffi.

***ÚT AÐ BORÐA:*** Það er mikið af litlum skemmtilegum veitingastöðum hér úti um allt. Sem fínt út að borða mæli ég með Belgaqueen, sem er mjög flottur veitingastaður en sem rómantískan stað mæli ég með að finna bara einn lítinn kósí stað, það er nóg af þeim.



***BEST GEYMDA LEYNDARMÁLIÐ:*** Fjölbreytileikinn í borginni og fallegur arkitektúr falinn inni á milli ljótra húsa. Hér er mikið af innflytjendum og þeir setja sterkan svip á sum hverfin. Eina stundina labbar maður í gegnum fínt hverfi en tekur svo eina beygju og er kominn inn í allt annan menningarheim. Sem dæmi má nefna afríska hverfið í Ixellas, á sólríkum sumardegi væri vel hægt að ímynda sér að maður væri staddur í afrískri borg. Sömu sögu er að segja um arkitektúrinn. Ef fólk hefur áhuga á fallegum arkitektúr þá þarf virkilega að nota augun hér í Brussel, oft eru langar raðir af ljótum húsum en svo kemur eitt og eitt stórkostlegt inn á milli.

***UPPÁHALDSVERSLUNIN:*** Lítil búlla sem er á Rue Ernest Solvay. Eigandi búðarinnar saumar flest fötin þar sjálfur og það er hægt að kaupa, skó, töskur og aðra fylgihluti fyrir mjög sanngjarnt verð. Vöruúrvalið er kannski ekki mikið en það er alltaf gaman að kíkja þarna við og skoða.

***BESTA VIÐ BORGINA:*** Í mínum huga er það besta við borgina hið öfluga tónlistarlíf hérna. Það koma margir tónlistarmenn hingað, bæði þekktir og óþekkti og alltaf einhverjir skemmtilegir tónleikar.

***BEST AÐ EYÐA DEGINUM:*** Það eru margir skemmtilegir staðir til þar sem hægt er að eyða deginum. Á sunnudögum myndi ég mæla með því að kíkja á fiskmarkaðinn á St. Catherine. Þar er hægt að snæða fiskisnakk og fá sér léttvín með. Platz Sablon er skemmtilegt á sunnudögum, margar búðir opnar og um morguninn er flóamarkaður ekki svo langt frá. Þá er líka hægt að fara í Afríkusafnið, það er í útjaðri Brussel og stendur í mjög fallegum garði með vatni. Eða bara hanga á bar og prófa allar bjórtegundir sem framleiddar eru í Belgíu.

***BEST AÐ EYÐA KVÖLDINU:*** St. Gery er staður hér í borg þar sem er mikið af kaffi- og veitingahúsum. Á fallegum vorkvöldum er mjög skemmtilegt að sitja þar fyrir utan, hitta fólk og fylgjast með mannlífinu. Þegar kaldara er í veðri þá mæli ég með því að fara út að borða á einhverjum kósí stað og kíkja svo aðeins á Archiduke sem er skemmtilegur bar á Rue Danseart. Um helgar er Brussel 24 tíma borg þannig að þegar barir loka geta þeir allra hörðustu farið á einhverja klúbba sem eru opnir langt fram undir morgun.

# Domino's Pizza Prófatilboð!

**Tilboð 1:** Þú sækir litla pizzu með þremur áleggstegundum og ½ lítra gos á aðeins

**790 kr.***

**Tilboð 2:** Þú sækir Ostagott, sósu og ½ lítra gos á aðeins

**590 kr.***




*Gildir til 15. maí 2009.

Domino's Pizza

58·12345 | www.dominos.is

# núna

✻ stíllinn minn




**BJARGVÆTTUR ÞREYTTRA AUGNA** Chanel hefur sett á markað nýjan baugahyljara, Lift lumiere concealer, í kremformi sem er í senn rakagefandi, uppljómandi, dregur úr baugum og hylur með léttri og mjúkri áferð.

ÁHRIFA-valdurinn



## MYNDIN AF DORIAN GRAY, GHANDI OG MONROE

**Bergljót Arnalds rithöfundur**



Einn af mínum áhrifavöldum er án efa kvikmyndin Myndin af Dorian Gray, sem byggð er á samnefndri bók eftir Oscar Wilde. Ég sá þessa mynd þegar ég var barn að aldri. Ég skildi auðvitað myndina takmarkað en atriðið þegar hinn síungi og fallegi Dorian Gray finnur málverkið af sér uppi á háalofti er greypt í minni mitt. Enginn vill hafa slíkan innri mann að geyma eins og myndin bar með sér. Þá hafa hugmyndir Ghandis haft mótandi áhrif á mig. Hann sýndi að hægt er að knýja fram breytingar án ofbeldis með andlegu þreki og þrautseigju einni saman. Marilyn Monroe hefur einnig höfðað sterkt til mín. Hún er vanmetin leikkona og þurfti að þola mikla fordóma vegna þess hvað hún gerði út á sína kvenlegu ímynd og kynþokka, en mér finnst það mikilvægur þáttur í jafnréttisbaráttunni að við konur getum náð langt án þess að þurfa að afneita okkar kvenleika.











1 Nudie-skyrta köflótt. 2 Paul Smith-vesti og hvítur bolur 3 J. Lindeberg-leðurjakki. 4 Tiger of Sweden „vintage“ gallabuxur. 5 Hudson-stígvél. 6 Peysa sem ég prjónaði. 7 Klútur frá Paul Smith.

Halldór Óskarsson rafvirki og fyrirsæta:

# Engar liverpool treyjur

***Getur þú lýst þínum stíl?*** Ætli hann sé ekki svolítið blandaður. Ég er vel inni í hlutunum og horfi alltaf á hvað er nýjast með öðru auganu. Ég er gallabuxnamaður og líkar „vintage look“ á dýrum og vönduðum flíkum. Ég klæði mig oftast eins og mér finnst þægilegt, í leðurjakka og flottar gallabuxur.

***Hvað dreymir þig um að eignast í sumar?*** Ég veit ekki hvort mig dreymir um eitthvað, ég á allavega nóg af fötum. Væri sennilega mest til í flott sólgleraugu bara.

***Hvað keyptir þú þér síðast?*** Það var Bruuns Bazaar „sailor coat“ og peysa frá Religion. Hvort tveggja í Galleri 17.

***Uppáhaldsverslun?*** Ekki það að ég sé að fara mikið í Urbanoutfitters núna en hún er ótrúlega flott. Hér heima er það mikið af NTC-verslununum,





Kultur men, Galleri 17 og Deres, svo er GK flott líka.

***Uppáhaldsfatamerki?*** Tiger of Sweden, Nudie jeans, J. Lindeberg, Filippa K, G-star,. Þau eru nokkuð mörg. Svíar er sold-ið með þetta í fötum en maður þarf að passa sig að vera ekki of „sænskur“ í þessu öllu saman.

***Finnst þér merki á fötunum skipta máli?*** Merki gefa oft vísbendingu um gæði og það eru nokkur merki sem ég fylgist með því ég veit að þau eru alltaf með eitthvað flott en ég eltist ekki við það. Flott flík er flott flík sama hvað stendur á miðanum.

***Eru einhver tískuslys í fataskápnum þínum?*** Nei, en annars á maður að vera duglegur við að fara með gömul föt í Rauðakrossinn.

***Í hvað myndir þú aldrei fara?*** Ég mundi sennilega aldrei fara í kvartbuxur það er „off“ og auðvitað klunnalegir spariskór, það er svo hræðilega ljótt, svo myndi ég aldrei fara í Liverpool-treyju.

***Hvaða snið klæðir þig best?*** Ég hef oftast verið hrifinn af aðsniðnum og stuttum jökkum, það virkar best fyrir mig.

***Hvert er skuggalegasta fatatímabilið þitt?*** Nokkur slæm tímabil á unglingsárum en allt er gott í minningunni. Sumt er samt betur geymt þar.




Opið virka daga 9⁰⁰ - 18⁰⁰
Laugardaga 9⁰⁰ - 13⁰⁰

SALON REYKJAVÍK
Sími: 568 5305 • Grandagarði 5




# LANCÔME GJAFADAGAR FÖSTUDAG OG LAUGARDAG Í LYFJU LÁGMÚLA OG LYFJU LAUGAVEGI

NÝTT Í LYFJU LÁGMÚLA

**Kaupaukinn* þinn þegar þú kaupir 2 Lancôme vörur:**

Snyrtibudda
Hydra Zen næturkrem 15 ml
Hydra Zen augnkrem 5 ml
Bi-Facil augnfarðahreinsir 30 ml
Hypnose maskari
Juicy Tubes gloss 7 ml
Body lotion 50 ml



**Verðmæti kaupauka 10.500**
Einnig aðrar gerðir kaupauka

LYFJA
- Lifið heil

Lágmúla 5 – sími 533-2309
Laugavegi 16 – sími 552-4045

Gildir meðan birgðir endast á kynningunni. Gildir ekki með 2 blýöntum eða Bocage.



## KLINGENBERG SPÁIR

### Óskar Páll Sveinsson, lagahöfundur í Eurovision

Óskar Páll Sveinsson er fæddur 13.01. 1967 sem er jafnt og 28 sem er jafnt og 1. Óskar Páll er kraftmikill og hugaður einstaklingur sem hefur lífstöluna 1. Ég get ekki betur séð en að þegar Óskar Páll var lítill hafi hann verið fljótur að læra að tala, fljótur að grípa ótrúlegustu hluti í umhverfi sínu og verið pínulítill snillingur allt frá fæðingu. Þar sem Óskar Páll er talan einn þarf hann að hafa allt í röð og reglu í kringum sig til þess að hlutirnir gangi upp hjá honum. Hann er núna að fara inn í lífstöluna 7 sem er andleg tala sem hjálpar honum við að skipuleggja sitt innra sjálf. (13.1 +2009=16=7). Næstu fjögur ár verða mikil sigurár í lífi hans og á hann eftir að vera miklu sýnilegri heldur en hann hefur nokkurn tímann verið. Það mun koma í ljós að hann er afskaplega afkastamikill og mun heyrast á fleiri vígstöðvum heldur en í að semja lög. Óskar Páll er vinsæll hjá samstarfsfélögum sínum vegna þess að hann hefur þægilega orku, er snöggur að vinna og er skapsterkur. Mér sýnist síðastliðið ár hafa verið nokkur erfitt hjá Óskari og miklar hræringar verið í kringum hann. Ég get ekki betur séð en þetta falleg lag sem hann fékk Jóhönnu til að syngja í Moskvu eigi eftir að ganga blússandi vel. Það verði ánægðir Íslendingar sem eigi eftir að horfa á þennan afrakstur þann 12. maí næstkomandi. Í nánustu framtíð sé ég að Óskar Páll á eftir að dansa við hamingjuna þótt það sé kannski ekki alveg það sem hann hefði búist við. Ótrúlegustu hlutir virðast detta upp í hendurnar á honum til að gera líf hans léttara og hann á eftir að fara sáttur að sofa í næstkomandi framtíð að minnsta kosti.

www.klingnberg.is





## FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

### Elsa María Blöndal, nemi í tískuhönnun

**1** Að eyða að minnsta kosti fjórum tímum í morgunkaffi með dóttur minni Björt þar sem við kubbum og spjöllum um lífið.

**2** Á föstudögum er mjög mikilvægt að drekka kúluvín (freyðivín) og fara í frisbí í sólinni og logninu, kannski í Hljómskálagarðinum með besta fólkinu mínu.



**3** Svo væri fullkomið að halda eitt stykki gjörning með hávaða og tilheyrandi geðveiki milli klukkan 17 og 18.30 og bjóða upp á „suicide"-snittur sem eru gerðar úr hvítlauk, kapers og ansjósum.



**4** Sama yndislega strollan af fólkinu mínu myndi svo henda í „road trip" upp í Birkihlíð, sumarbústað á Þingvöllum, þar sem við myndum grilla kjöt eða borða það hrátt eftir smekk.

**5** Það sem eftir væri kvölds myndum við spila og dansa rokkabillí á Þingvöllum.







Sony Center kynnir

W270 – myndavél sem tekur líka videó í háskerpu

DSC-W270

- 12,1 megapixlar
- 5x aðdráttur um linsu
- 28mm víðvinkill
- Háskerpu vídeóupptaka 720p
- Intelligent Scene Recognition - nemur sjálf aðstæður og velur réttar stillingar
- Enhanced Face Detection - finnur sjálf andlitin og hefur þau í fókus
- Enhanced Smile Shutter - nemur bros og smellir af á réttu augnabliki
- Fæst: svört, rauð og gyllt

Vorið er komið! Taska fyrir vélina fylgir á meðan birgðir endast.

Verð 54.990,-

SONY
Sony Center
Kringlunni
103 Reykjavík
Sími: 512-3300
www.sonycenter.is

## Verslun




**ÚTSALA**

**20-50% afsl.**
**á ýmsum vörum.**
**Dýrabær Smáralind**

**www.dyrabaer.is**










## Fyrirtæki

**Hárstofa til sölu/ lei**
6st., 2 vaskst. Lækkað verð! Góð stofa & staður fyrir öflugt fagfólk. Uppl. í s. 848 9816.




## Til sölu




# HEILSA

## Heilsuvörur

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Eins og vatn við þorsta, Lifewave. Ótúlegur árangur á verki, orku,svefn,megrun,ofl. Upll í s. 662 5599

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183, www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

**Tantric Massage of Sacred touch**
For men, women and couples. Tel 698 8301 www.tantra-temple.com

**Nýtt Nýtt! Nudd - Japanska baðið. Krepputilboð!**
3500.-kr Nudd, 2000.-kr skrúbb og heitur pottur, detox 3500.- kr. Matur 1000.- kr. Ayurveda nudd, sogskálanudd og Tíbet nudd. Opið frá kl. 12.00 alla daga nema sunnudaga. Vaida er komin. Ekkert sex nudd ! S. 823 8280.

Frábært nudd, fantastic massage. S. 692 2352.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið




**AM/PM INTER-LINGUAL LEARNING TECHNIQUE**
Level I: 4 weeks Md to Fr; 18-19:30 or 13-14:30 start:11/5. Level II: 7w: Md,Wd,Fr, 20-21:30 or 10-11:30 st: 11/5 Level III: 10w:Tue,Thu, 20-21:30: st:11/5. Level IV: 4w:Md to Fr 13-14:30: st: 1/6. Ármúli 5, s.5881169 - www.icetrans.is/ice

## Ökukennsla

Öku- og bifhjólakennsla. Kennslubifreið Mercedes Benz. Davíð S. Ólafsson. S. 893 7181.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Íslenskir hvolpar til sölu. Gullfallegir hreinræktaðir íslenskir hvolpar til sölu. Tilbúnir til afhendingar 14. maí. Uppl. í síma 899 2121 og á www.steinegg.is/isrima

## Húsgögn

Til sölu sófaborð, sjónvarpsskápur og bókahilla úr mangó við, allt frá Eco Decor. Nær ekkert notað. Einnig glerplötu sófaborð og símaborð frá HP húsgögnum. Tilboð óskast. S. 864 2863.

Gerum upp gömul húsgögn, smíðum ný, innréttingar og fleira. Uppl. í s. 849 8785.

Vandað og gott sófasett til sölu, þriggja sæta sófi og tveir stólar. Selst ódýrt. S. 698 4748 Sigríður.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Gisting Jyderup / Danmörk www.123hjemmeside.dk/islandskstrik

## Fyrir veiðimenn

**Silunganet**
Heimavík. Sími 892 8655.

Til sölu nýtýndir laxa og silungamaðkar. Laxamaðkurinn 40 kr. Silungamaðkurinn 30 kr. Uppl. í S. 864 5290.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.heimkynni.is**
**Til leigu 4ja herbergja íbúðir, lausar strax. Heimilistæki fylgja. Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is**




**www.leiguherbergi.is Gistiheimili / Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

88fm íbúð til leigu við Ásbraut. 3-4 herb. og geymsla. Íbúðin getur verið laus fljótlega. Uppl. í s. 555 1390.

Herbergi til leigu í Vesturbæ Rvk. Leiga 17.000 á mán. Uppl. s. 868 4110 / 554 2149

2ja her. ibud til leigu i 221. Laus.95p+hiti og rafm.+2mana fyrirfr s.861 0690.

2 pokoje Hafnar. nie w piwnicy ,ladne 61m.do wynajecia 95 tys + 2 mies. zabezpieczenie 6905864,lub oddam za przejecie kredytu bez koniecznosci 20 %wplaty ,koszta to 0,25% sumy kredytu i koszta przepisania mieszkania

3 herb.íbúð á góðum stað í hlíðunum RVK V.ca80þús. Sími 895 9415.

Herb. til leigu í Hjöllunum í Kóp. Nánari uppl. í s. 699 2609 e. kl. 18.

Einbýlishús til leigu í Grindavík 140 fm. Uppl. í síma. 893 3300.

Nýuppgerð 20 fm stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Laus. Leiga 59þ. S. 824 6692.

Þingholtsstræti 80m2 íbúð á efstu hæð í fjölbýlishúsi í hjarta miðborgarinnar. Glæsilegt útsýni yfir tjörnina og Reykjanesfjallgarðinn. Leiga 130þ. S. 820 4004.

Laus strax! 3ja herb. íbúð 80fm í 108. Langtímaleiga. V. 116þ. innifalið hússj. & hiti. s. 896 6077.

3ja herb. 70fm í 107. Sumarleiga hiti, rafmangn innifalið og internet fylgir. Einnig geta húsgögn fylgt. 80 þús á mánuði. Upplýsingar í s. 8221681

Til leigu á Álftanesi 2ja herb.einst. íbúð.70þ.á mán.allt innif. uppl.í síma 699-1819

Nokkur góð herb. í 104 Rvk., lækkað verð. Uppl. í s. 697 8720.

## Húsnæði óskast

**Takið eftir!**
**Vantar allar gerðir leiguhúsnæðis á skrá.**
**Uppl. veitir Rúnar P. á RE/MAX Senter í s.6974881 eða runar@remax.is**

Ungt par sem á von á barni óskar eftir íbúð á sanngjörnu verði frá 1.Júni. S. 699 8617.

VANTAR 4RA HERB ÍBÚÐ Í FOSSVOGI. Par með lítið barn vill leigja rúmgóða íbúð í Fossvogi í amk 1 ár. Reyklaus og reglusöm. Traustar greiðslur. S. 699 5348

Ungt, reglusamt par leitar af leiguíbúð í miðbæ Rvk. Sími 6593075 eða signyth@gmail.com

Traustur aðili óskar eftir 1-2 herb. íb. á höfuðborgarsv. S. 663 2130.

75fm 3 herb. íbúð á sv. 111. 90þ. á mán. innif. rafm. & hiti. Laus 1 júní. S. 772 4101 & 849 0437.

Óska eftir 3 herb. íbúð helst á svæði 270. Skilvísum greiðslum heitið. uppl. á gunnlaugurthor@simnet.is eða 857-3065 eftir hádegi.

## Sumarbústaðir

Óska eftir sumarbústað í viku á vestfjörðum frá 17.júlí. S. 557-4484 / 661-5630

Til leigu sumarhús við Brúará. Svefnpláss fyrir 8 manns. Heitur pottur. Lausar vikur í maí og júní. Verð per vika 95þús. Uppl. á maggahronn@gmail.com eða í s. 848 8881 e.kl. 20

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir húsnæði fyrir hljómsveit. bílskúr, lítið atvinnuhúsnæði eða herbergi í atvinnuhúsnæði. Greiðslugeta er 40þ á mánuði. S:867-1512

**Fyrir innlendan iðnað**
1.706 m2 framleiðsluhús á Eyrarbakka. Raf.inntak 1.200 amp Starfsm.aðstaða. Útisvæði og fl. Hagstæð leiga. S. 661-6800

þriggja herbergja íbúð til leigu. Skammtímaleiga með möguleika á framlengingu. Staðs. Rauðarástígur 32. Laus 1. júní. verð 90.000 á mánuði. innafalið; Húsgögn, ef óskað er, hiti og rafmagn og internet. hafið samband í síma 8225544

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.




## Gisting

GISTING í 101 RVK. Íbúð fullbúin m/ svölum. Bílast. Frá 5,000.- kr. per sólarhr. uppl s: 898-4188

**www.leiguherbergi.is**
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

Vikugisting í glæsilegum hótelíbúðum í Hafnarfirði. Allur húsbúnaður, nettenging, sjónvarp, eldunar- og þvottaaðstaða, 2- 6 í íbúð, verð: 45-90 þús. á viku. Uppl. í síma 899 7004.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

panorama restaurant

Panorama Restaurant óskar eftir vönum og íslensku mælandi starfsmönnum til að sjá um morgunverð, vinnutími frá ca.5.30-13.30 unnið á föstum vöktum. Umsóknir sendast á fb@centerhotels.is



**30.000 kr. fyrir flottasta prófílinn !**
Sexychat.is efnir til samkeppni um flottasta prófílinn. Peningaverðlaun og ókeypis áskrift! Sexychat.is.

Geysir verslun í Hafnarstræti óskar eftir hressu starfsfólki í sumarvinnu. Aldurstakmark umsækjenda 20 ár. Tungumálakunnátta skilyrði. Áhugasamir sendi tölvupóst á elmar@geysirshops.is

**STÖRF.IS**
Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnuauglýsinga. Leitin hefst hjá okkur.

Óskum eftir röskum starfskrafti í afgreiðslustarf í bakarí-bistró. Uppl. í s. 770 2023.

**Handprjónakonur**
Geysir Shops óskar eftir handprjónakonum. Áhugasamir sendi tölvupóst á elmar@geysirshops.is eða hringi í s. 555 2808.

## Skemmtanir



## HÁRFÓKUS VANTAR STARFSMANN

Hárfókus óskar eftir hársnyrtimeistara eða sveini til starfa. Hárfókus er AVEDA stofa miðsvæðis í Reykjavík. Uppl. veitir Grímur í síma 693 0965.

Óskum eftir kokk/matráð á veitingastað Hótel Lunda í Vík í Mýrdal frá 20.maí-1.október. Húsnæði á staðnum Uppl. 866 4891

Óska eftir vönum málara, þarf að geta unnið sjálfstætt. Uppl. s. 846 4245.

Lín Design óskar eftir umboðsmönnum í heimakynningar. Frekari upplýsingar á www.lindesign.is/umbodsmenn

Óska eftir heiðarlegum, harðduglegum einstakling til að raða í hillur og afgreiða. Tímabundið starf en hugsanlega til lengri tíma. Uppl. s. 897 0979.

Starfsfólk vantar á ljósastofu í Rvk. Umsóknir berist á myspace.com/_sohosol eða facebook.com/soho sol

## Starfsfólk í þrif

Geysir Shops í Haukadal óskar eftir starfskrafti í þrif. Gisting á svæðinu möguleg.Umsóknir sendist á elmar@geysirshops.is

Vantar góðan og vanan úthringjara í mjög vel launaða vinnu 3-4 kvöld í viku. Góð aðstaða í boði og bónusar ef vel gengur. Mikið að gera og góð vinna fyrir réttan aðila. Nánari uppl. gefur Lárus í síma 8235050

## Atvinna óskast

Veitingahúsið Saffran óskar eftir duglegu starfsfólki í kvöld og helgarvinnu. Viðkomandi þurfa að geta byrjað sem fyrst. Upplýsingar á staðnum milli klukkan 9-11 og 14-16. Auður eða Haukur.

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

Tökum að okkur alla almenna trésmíði, stór og smá verkefni. Tilboð/tímavinna. S. 899 9799.




## Chat.is

Frábær nýr íslenzkur spjallvefur, ókeypis og öllum opinn. Þið notið hljóðspjall (Voice Chat) til að tala saman alveg eins og í síma! Chat.is.



## 30.000 kr. fyrir flottasta prófílinn !

Sexychat.is efnir til samkeppni um flottasta prófílinn. Peningaverðlaun og ókeypis áskrift! Sexychat.is.

## Einstaklega heit auglýsing

ungrar konu sem er í alveg gríðarlegum ham og vill að þú hlustir á hana leika sér og skiljir eftir skilaboð hjá henni. Augl. hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 eða 535-9920, augl.nr. 8319.

## Leiguhúsnæði

Leigusali auglýstu FRÍTT á netinu

EIGNALEIGAN

Löggild leigumiðlun

www.eignaleigan.is

Ólafur B. Blöndal lögg. fasteignasali

5 900 800

Íris Hall lögg. leigumiðlari

vísir.is

"...ég sá það á vísi"

## Til sölu

**SÓFALIST**

**Síðustu dagar útsölunnar, rýmum fyrir nýrri sendingu. 30-50% afsláttur af sófa og stóla áklæðum.**




www.sofalist.is S. 692 8022

Teigagerði 13

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Guðspekifélagið**

**Í kvöld, föstudaginn 8. maí kl. 20:30** er Lótusfundur félagsins. Pétur Gunnarsson, rithöfundur, heldur erindi sem hann nefnir: **"Ég var rétt orðinn fullkominn maður."** Þórbergur og guðspekin, í húsi félagsins, Ingólfsstræti 22.

**www.gudspekifelagid.is**

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Símaþjónusta Spjalldömur**

**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

## Par, 32/47

leitar kynna við önnur pör sem vilja skemmta sér af fullum heilindum. Augl. þeirra er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 eða 535-9920, augl. nr. 8843




## Núna er ekkert mál að endurvinna!

Blaðberi Fréttablaðsins er handhæg taska undir dagblöð og ýmsan annan pappír sem fellur til á heimilinu. Blaðberinn kostar ekki neitt og kemur þér á lagið með að endurvinna dagblaðapappír.

**Nældu þér í Blaðbera og geymdu hann á góðum stað.**

**Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið**

## Tilkynningar


**Lokakaffi Kvenfélagsins Heimaeyjar**

verður á Grand Hótel Reykjavík sunnudaginn 10 maí kl. 14.00. Vonumst til að sjá sem flesta.

**Stjórnin**


Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Reykjavík.**

## Hólmsheiði, aðstaða fyrir fisflug

Tillaga að deiliskipulagi á Hólmsheiði vegna tímabundinnar aðstöðu fyrir Fisfélag Reykjavíkur. Í tillögunni er gert ráð fyrir tímabundinni afmörkun svæðis fyrir starfsemi Fisfélags Reykjavíkur, sunnan við Langavatn. Um er að ræða þrískipt svæði, flugbrautir og æfingaaðstaða fyrir vélknúin fis, svæði fyrir bílastæði og flugskýli og svæði fyrir félagsheimili og útivist.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

## Hólmsheiði, losun á jarðvegi

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Hólmsheiði vegna tímabundinnar aðstöðu fyrir losun á ómenguðum jarðvegi. Í breytingunni felst að jarðvegstippur er stækkaður til suður við hitaveitutanka á Hólmsheiði. Aðkoma verður um tengibraut frá Reynisvatnsvegi að Langavatni og bráðabirgðavegi frá Langavatni að jarðvegstipp.
Með úrskurði úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála dags. 24. júlí 2008, var samhljóða deiliskipulag fellt úr gildi þar sem nefndin taldi að deiliskipulagið samræmdist ekki að fullu ákvæðum svæðis- og aðalskipulags. Með vísan til niðurstöðunnar hefur Reykjavíkurborg, í samráði við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, látið gera tillögu að breytingu á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og Aðalskipulagi Reykjavíkur í samræmi við niðurstöðuna og birtast auglýsingar um þær breytingar samhliða auglýsingu þessari.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14,** 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 8. maí 2009 til og með 22. júní 2009**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 22. júní 2009. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 8. maí 2009
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071


¡ALLT
HELGIN


Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingar á aðalskipulagi og kynning á breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins

**Í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar til kynningar tillögur að breytingum á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 - 2024.**

## Hólmsheiði, tímabundin aðstaða fyrir fisflug

Við kafla 3.2. bætist við nýr kafli 3.2.3. Landnotkun í Hólmsheiði 2001-2024 og skýringarmynd, 10. mynd. Eftirfarandi texti verður í kaflanum: Hólmsheiðin er skilgreind sem opið svæði til sérstakra nota. Markmið aðalskipulagsins er að byggja svæðið upp sem útivistarsvæði, m.a. með skógrækt (S). Á afmörkuðum svæðum í Hólmsheiði er gert ráð fyrir frístundaiðju, sbr. ákvæði um opin svæði til sérstakra nota. Meðal annars er gert ráð fyrir tímabundinni aðstöðu fyrir fisflugi, túni til lendingar og annarri aðstöðu á melum sunnan Langavatns. Stígur norðan hitaveitulagnar, til norðurs vestan Langavatns, breytist úr reiðstíg í stofnstíg. Reiðstígur, til vesturs, við vesturenda Langavatns er felldur út.
Nánar um tillögu vísast til kynningargagna

## Hólmsheiði, tímabundin losun ómengaðs jarðvegs

Í kafla 3.1.9. bætist við eftirfarandi setning (feitletruð): „...Á opnum svæðum til sérstakra nota má gera ráð fyrir veitumannvirkjum, s.s. dælu-, fráveitu– og spennustöðvum, sem afmörkuð verða í deiliskipulagi viðkomandi svæða. Enn fremur er heimilt að losa ómengaðan jarðveg á afmörkuðum svæðum. Gera skal grein fyrir umfangi losunar, skilmálum og frágangi svæða í deiliskipulagi.” Í kafla 3.1.9.3. bætist við eftirfarandi setning í lok kaflans (feitletruð): „Innan græna trefilsins er heimilt að losa ómengaðan jarðveg á afmörkuðum svæðum, enda samræmast jarðvegsfyllingar markmiðum útivistar, uppgræðslu og skógræktar á svæðinu. Gera skal grein fyrir umfangi losunar, skilmálum og frágangi svæða í deiliskipulagi”
Við kafla 3.2. bætist við nýr kafli 3.2.3. Landnotkun í Hólmsheiði 2001-2024 og skýringarmynd, 9. mynd. Eftirfarandi texti verður í kaflanum: Hólmsheiðin er skilgreind sem opið svæði til sérstakra nota. Markmið aðalskipulagsins er að byggja svæðið upp sem útivistarsvæði, m.a. með skógrækt (S). Á afmörkuðu svæði á Hólmsheiði er heimiluð losun ómengaðs jarðvegs (L, sjá 9. mynd). Gert er ráð fyrir að jarðvegsfyllingin verði mótuð og ræktuð upp á skipulagstímabilinu með þarfir útivistar að leiðarljósi.
Nánar um tillögu vísast til kynningargagna

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá **8. maí 2009 til og með 22. júní 2009**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is*** undir mál í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Samanber lög nr. 105/2006 liggur umhverfisskýrsla frammi ásamt aðalskipulagstillögu um tímabu dna aðstöðu fyrir fisflug. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á **netfangið *skipulag@rvk.is***, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 22. júní 2009. **Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

**Samhliða kynningu á aðalskipulagstillögum liggur frammi breyting svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðissins vegna Græna trefilsins, breyting á skilgreiningu.**

# Tillaga að óverulegri breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 vegna Græna trefilsins, breytt skilgreining

**Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær og Mosfellsbær auglýsa, skv. 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br., tillögu að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024**.

Tillagan felur í sér breytingar á skilgreiningum varðandi græna trefilinn sem settar eru fram í greinargerð svæðisskipulagsins á bls. 59-61. Tilgangurinn breytinganna er að einfalda orðalag og undirstrika að frekari útfærsla stefnumörkunar og nánari skilgreining landnotkunar innan trefilsins sé í höndum sveitarfélaganna og sett fram í viðkomandi aðal– og deiliskipulagsáætlunum. Einnig er bætt inn nýrri setningu varðandi heimild um tímabundna losun ómengaðs jarðvegs á svæðinu, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Tillagan felur ekki í sér breytingar á megin markmiðum um græna trefilinn né breytingar á landfræðilegri afmörkun hans. Yfirvöld viðkomandi sveitarfélaga bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna. Tillagan hefur verið kynnt öllum sveitstjórnum á höfuðborgarsvæðinu. Tillagan verður send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu. Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna geta snúið sér til skrifstofu skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14 eða á ***skipulag@rvk.is***.

Skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar
Skipulagsstjóri Kópavogsbæjar
Skipulagsstjóri Hafnarfjarðarbæjar
Skipulagsstjóri Garðabæjar
Skipulagsstjóri Mosfellsbæjar

Reykjavík, 4. maí 2009
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

**BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071**

# Max Kauptúni

**FRÍ HEIMSENDING**
**FRÍ SAMSETNING**
*á öllum grillum hjá MAX*

*Ath: Ekki er sent heim um helgar!*



## 1600w ryksuga

**Kenwood VC2781**
Einföld og handhæg 1600w ryksuga • Með stillanlegu röri og litlum bursta

**5.989 kr.**
Fullt verð ~~7.989~~



## Gasgrill og dæla

**Campingaz Expert Wood**
Grill með tveimur brennurum • Innbyggður hitamælir • 24kg

**19.989 kr.**

# Sumargladningur Max



Bjórdælan vinsæla fylgir öllum grillum hjá Max



## Kæliskápur með frysti

**Severin KS9833**
Kæliskápur með frysti. Stærð (BxHxD) 495mm x 845mm x 495mm.

**34.989 kr.**
Fullt verð ~~46.989~~




## Ferðatæki með CD

*Má festa aftan á sætispúða í bílnum!*

**United DVD7046**
7" TFT skjár • Upplausn: 480 x 234 • Format: 4:3 / 16:9 • Built-In Dolby Digital Decoder • Innbyggðir 2 x 1W hátalarar • Multi OSD • Anti Schock

**17.989 kr.**
Fullt verð ~~21.989~~




## LCD með DVD

**United TVD8822**
22" LCD með innbyggðum DVD spilara.

**69.989 kr.**
Fullt verð ~~79.989~~

## Hleðsluborvél

**Storm 12v**
12 volta hleðsluborvél með tösku, borum og bitum.



**2.989 kr.**
Fullt verð ~~5.989~~

**MAX RAFTÆKI**

**OPNUNARTÍMI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mán. | kl. 11-19 | Fim. | kl. 11-19 |
| Þri. | kl. 11-19 | Fös. | kl. 11-19 |
| Mið. | kl. 11-19 | Lau. | kl. 11-18 |
| | | Sun. | kl. 12-18 |

**MAX / Kauptúni 1**
**Garðabæ**
**Sími 412 2200**
**www.max.is**

# Stafræna upplýsingamiðlunin

**UMRÆÐAN**
Jón Hákon Magnússon skrifar um miðlun upplýsinga


JÓN HÁKON MAGNÚSSON

Fjölmiðlar og fjölmiðlun eru nú í miðri samskipta- og upplýsingabyltingu, sem mun breyta samskiptum mannkynsins um alla framtíð. Það má í raun líkja tæknibyltingunni nú við fyrstu prentvél Gutenbergs sem gjörbreytti á sínum tíma prentun bókarinnar. Í kjölfarið varð bókin á skömmum tíma almenningseign og upplýsingar urðu mun aðgengilegri en áður. Það sem hefur verið að gerast með tilkomu stafrænnar upplýsingamiðlunar er að samskiptatæknin hefur gjörbreytt upplýsingadreifingu heimsbyggðarinnar. Byltingunni er fjarri því lokið og má búast við miklum sviptingum í dreifingu frétta, fræðsluefnis og upplýsinga í náinni framtíð.

### Liðin tíð

Það er ekki langt síðan dagblöð, útvarp og sjónvarp dugðu til að koma fréttum og upplýsingum til almennings. Það er liðin tíð, sem kemur aldrei aftur. Prentmiðlar eru á undanhaldi í hinum vestræna heimi og ýmsir fjölmiðlafræðingar spá því að dagblöð hverfi af sjónarsviðinu innan aldarfjórðungs. Í þessum töluðu orðum er bandaríska dagblaðið The Boston Globe á barmi gjaldþrots, en blaðið er 14. stærsta blað landsins og rekur sögu sína allt aftur til 1872.

Það er liðin tíð að allir sitji við útvarpstækið eða fyrir framan sjónvarp til að horfa á fréttir. Fjöldi fólks sækir nú það efni sem það sjálft velur inn á vefmiðla á þeim tíma sem því hentar hverju sinni. Fjöldi manns hefur tekið iPod í þjónustu sína til að hlusta eða horfa á efni sem því finnst áhugavert. Nú hlaða menn á spilarana uppáhaldstónlistinni, kvikmyndunum, hljóðbókunum og jafnvel umræðuþáttum og öðru efni. Farsími er nú miklu meira en bara talsími. Hann er að breytast í sjónvarp og móttökutæki fyrir valdar og sérhæfðar fréttir úr fjölmiðlum í áskrift. Hann gegnir einnig orðið mikilvægu hlutverki við myndaöflun fjölmiðla. SMS-símatækni er nú notuð í sívirkari mæli til boðskipta. Barack Obama tilkynnti t.a.m. forsetaframboð sitt með því að senda samtímis SMS-tilkynningu til hundraða þúsunda flokksmanna Demókrataflokksins.

### Vefmiðlar treysta stöðu sína

Vefmiðlar treysta sífellt betur og betur stöðu sína í heimi fjölmiðla enda sækja æ fleiri fréttir þangað frekar en til annarra miðla, blaða, útvarps eða sjónvarps. Sífellt færri í hópi 35 ára og yngri gerast áskrifendur hjá prentmiðlum. Í stað þess fer unga fólkið oft á dag inn á vefmiðlana til að nálgast það fréttaefni sem það hefur áhuga á. Bloggið hefur í auknum mæli komið í stað umræðna í gömlu miðlunum og manna á meðal. Nútímafólk kann að afla sér frétta og upplýsinga með aðstoð rafrænu miðlanna, t.d. Google, YouTube, Yahoo eða Wikipedia. Ekki má gleyma Fésbókinni (Facebook), sem orðin er ein öflugasta samskiptaveita heimsins og þar eru íslenskir notendur að sjálfsögðu fremstir í flokki. Eitt öflugasta samskiptatækið nú á tímum er lófatölvan, t.d. Blackberry sem Obama er frægur fyrir að sleppa ekki úr hendi sér.

Heimasíður eru jafn mikilvægar nú og þær voru upphaflega. Vefurinn er víða illa nýttur upplýsingamiðill hjá fyrirtækjum, stofnunum og samtökum vegna áhersluleysis, sem birtist í gömlum og jafnvel úreltum upplýsingum.

### Flóknari samskipti

Þessar miklu tækniframfarir í samskiptum heimsbyggðarinnar gera samskipti og almannatengsl mun flóknari en þau voru fyrir. Mun flóknara er nú að ná sambandi við nærsamfélagið en áður var. Það er ekki lengur nóg að fá birta frétt eða auglýsingu í hefðbundnum miðlum sé meginmarkhópurinn t.d. 30 ára og yngri. Of mörg íslensk fyrirtæki og stofnanir flaska á þessu. Allt of mörg þeirra hafa ekki sett sig inn í nýja samskiptamöguleika eða hvernig best er að nýta boðmiðlunina og samskiptatæknina sem nú er í boði. Fyrirtæki sem ekki ná tökum á þeirri fjölbreyttu samskiptatækni sem mismunandi hópar nýta sér verða undir í almannatengslum og samkeppni.

Það vakti athygli mína í nýafstaðinni kosningabaráttu hversu skammt íslenskir flokkar eru komnir í nútíma samskiptatækni. Að mestu leyti notast þeir enn við gömlu aðferðirnar í samskiptum við flokksmenn og kjósendur. Flokkarnir virðast ekki hafa lagað sig að breyttu samskiptaumhverfi með því að tileinka sér hinar nýju aðferðir í samskiptum við samherja sína.

*Höfundur er er framkvæmdastjóri KOM almannatengsla.*

www.diabetes.is

Fræðslufundur

www.fotur.is

Laugardaginn 9. maí verður haldinn fræðslufundur á vegum Félags íslenskra fótaaðgerðafræðinga og Samtaka sykursjúkra. Fundurinn verður haldinn á Hótel Loftleiðum kl: 11.00

Fyrirlesarar verða

Karl Logason, æðaskurðlæknir Áhrif sykursýki á æðakerfi fóta
Magnea Gylfadóttir, fótaaðgerðafræðingur Fætur og sykursýki.
Bertha María Ársælsdóttir, næringarfræðingur Gott að borða
Jóna Hildur Bjarnadóttir, íþróttafræðingur Af stað - - út að ganga.

Eftirtalin fyrirtæki verða með kynningar á staðnum
Iljaskinn – Vistor – Áræði – Artasan

Fræðandi fyrirlestrar sem eiga erindi við marga, engin aðgangseyrir

Allir velkomnir

FÉLAG ÍSLENSKRA FÓTAAÐGERÐAFRÆÐINGA

www.diabetes.is www.fotur.is

# Átök um Evrópu

**UMRÆÐAN**
Úlfar Hauksson skrifar um Evrópumál


ÚLFAR HAUKSSON

Á lýðveldistímanum hafa verið útkljáðar tvær stórorrustur um Evrópumál. Andstæðar fylkingar hafa tekist á með stílvopninu um hvernig samskiptum við Evrópu skuli háttað. Fyrsta orrustan snerist um aðildina að EFTA. Þá heyrðust raddir sem fullyrtu að EFTA-aðild myndi grafa undan sjálfstæði og fullveldi þjóðarinnar; þess yrði ekki langt að bíða að Ísland yrði „ofurseldur útnári Evrópu“. Breiðu spjótin voru aftur dregin fram í aðdraganda EES-samningsins. Þrátt fyrir góða reynslu EFTA-aðildar beittu andstæðingar samningsins fyrir sig sömu orðræðu og fyrr; Íslendingar yrðu fórnarlömb átroðnings útlendinga – fangar í eigin föðurlandi ofurseldir og undirokaðir!

Dómur sögunnar er óumdeilanlega sá að EFTA-aðild og EES-samningurinn voru heillaspor sem lögðu grunn að fjölbreyttara atvinnulífi og blómlegra mannlífi. Dómsdagsspár úrtölumanna eru því sögulegar heimildir um þjóðlega einangrunarstefnu af verstu gerð. Fullyrða má að ef þeirri stefnu hefði verið fylgt væri Ísland í dag útnári Evrópu með einhæft atvinnulíf.

Þriðja uppgjörið í átökunum um Evrópu er yfirvofandi; uppgjör um aðild að ESB. Breiðu spjótin hafa verið dregin fram og andstæðingum aðildar höggva í sama knérunn. Kinnroðalaust ala þeir á ótta með rangfærslum um að útlendingar myndu vaða hér yfir menn og málleysinga með eldi og brennisteini og skilja eftir sviðna fold fósturjarðarinnar ef til aðildar kæmi. Rangfærslur sem sagan hefur dæmt sem hræðsluáróður og örgustu ósannindi.

### Tveir valkostir

Íslendingar standa frammi fyrir tveimur valkostum: Annars vegar að festa í sessi haftakerfi með tilheyrandi gjaldeyris- og innflutningshöftum og uppsögn EES-samningsins í framhaldinu. Flestum ætti að vera ljóst að haftastefna og skert athafnafrelsi er óhjákvæmilegur fylgifiskur óbreyttrar stefnu og að slíkt býður ekki upp á gróskufulla nýsköpun né fjölbreytni í atvinnulífi. Óbreytt stefna er hrein og klár ávísun á fortíðarfjötra og rússíbanareið hagkerfisins. Hinn valkosturinn er að ganga með reisn til aðildarviðræðna við ESB. Nú er það svo að aðild að ESB ein og sér leysir ekki öll vandamál Íslendinga og er engin töfralausn. Því hefur enginn haldið fram nema andstæðingar aðildar sem hafa lagt aðildarsinnum orð í munn. Aftur á móti má slá því föstu að aðildarumsókn myndi skapa trúverðugleika og senda skýr skilaboð um hvert við ætlum að stefna – sem við sárlega þurfum á að halda. Ljóst er að gjaldmiðillinn er ekki á vetur setjandi og við þurfum sem fyrst að komast inn í ERM II, sem er einskonar fordyri að evru og fæst ekki nema með aðild að ESB. Aðildarumsókn er því stórt og afar mikilvægt skref í endurreisn Íslands – fyrir atvinnulífið jafnt sem almenning.

### Grunnatvinnuvegir

Ótti landbúnaðar og sjávarútvegs við aðild er þekktur. Samt sem áður er ljóst að þessar skuldsettu atvinnugreinar þrífast ekki frekar en annað í óbreyttu ástandi. Óhætt er að fullyrða að í aðildarviðræðum er hægt að verja hagsmuni þessara greina til framtíðar. Margoft hefur verið bent á að sjávarútvegsstefna ESB snýst um nýtingu á sameiginlegum fiskistofnum. Ísland á hvergi lögsögu að ESB og Íslendingar sitja einir að staðbundnum nytjastofnum. Engin breyting yrði þar á við aðild. Varðandi deilistofna á alþjóðahafsvæðum hefur þegar verið samið um skiptingu þeirra og yrði til framtíðar byggt á þeim samningum. Eina undantekningin er makríll, sem Íslendingar eru nýlega farnir að nýta. Joel Borg, framkvæmdastjóri sjávarútvegsmála ESB, gaf skýr skilaboð á blaðamannafundi í Brussel 22. apríl sl. með því að segja að ef Íslendingar sæktu um aðild yrði fundin lausn á sjávarútvegsmálum sniðin að hagsmunum Íslendinga. Orð Borgs enduróma ummæli forvera hans í starfi; Frans Fischler og Emmu Bonino. Framkvæmdastjórn ESB og einstakar Evrópuþjóðir gera sér fulla grein fyrir mikilvægi sjávarútvegs fyrir Ísland og hafa margoft lýst yfir skilningi á sérstöðu okkar.

Öllum er ljóst að íslenskur landbúnaður á eftir að ganga í gengum breytingar algerlega óháð ESB-aðild. Jafnframt er ljóst að dómsdagsspár um að ESB aðild ein og sér myndi leggja landbúnað á Íslandi í rúst standast ekki skoðun. Sé t.d. tekið mið af reynslu Finna og Svía eftir 14 ára veru í ESB er hún almennt góð. Um þetta vitna Peter Lundberg, sérfræðingur hjá sænsku bændasamtökunum, í viðtali í DV 29. apríl sl. og Pekka Pesonen, finnskur framkvæmdastjóri evrópsku bændasamtakanna COPA- Cogeca, en hann hélt erindi hér á landi hinn 4. febrúar sl. Lundberg fullyrðir að sænskum landbúnaði „líði betur innan [ESB] en utan“ og að aukinnar bjartsýni gæti meðal sænskra bænda. Í máli Pesonen kemur fram að þrátt fyrir sameiginlega landbúnaðarstefnu ESB sé hún útfærð þannig að allir hafi hag af. Ný tækifæri opnist og að engin dæmi séu um að horfið hafi verið frá landbúnaði í ESB; það væri ekki hagur evrópsk landbúnaðar. Fullyrðingar Bændasamtaka Íslands í Bændablaðinu 28. janúar sl. um að íslenskum landbúnaði standi veruleg ógn af ESB-aðild og að sænskur og finnskur landbúnaður hafi verið drepinn í dróma af ESB er bábilja ein. Íslendingar munu svo sannarlega halda áfram að yrkja jörðina og draga fisk úr sjó þrátt fyrir að til aðildar kæmi.

### Frelsi eða höft?

Eins og komið var inn á hér í upphafi er dómur sögunnar skýr. EFTA- og EES-aðildin voru hreyfiafl framfara. Við Íslendingar höfum nú val um að halda áfram að feta braut frelsis og losa okkur undan klyfjum vonlausrar efnahagsstefnu og ganga til liðs við ESB ásamt flestum af okkar helstu viðskipta- og vinaþjóðum. Hinn kosturinn er að taka skrefið til baka út úr EES og byggja einhæft samfélag á grundvelli útflutnings frumframleiðslu og takmarkaðs innflutnings nauðsynja með tilheyrandi gjaldeyrishöftum og frelsisskerðingu almennings. Um þessa tvo kosti snýst Evrópuumræðan.

*Höfundur er stjórnmálafræðingur við Háskóla Íslands og togarasjómaður.*



LYFJA
- Lifið heil

www.lyfja.is

# breyttir tímar

**Við í Lyfju Lágmúla höfum breytt verslun okkar.** En við gerum gott betur til að koma til móts við þarfir þínar.

Afgreiðslan er nú skilvirkari. Ef þú þarft að bíða þá höfum við gert biðina þægilegri og samtalsaðstaða hjá lyfjafræðingi hefur verið bætt.

Auk þess bjóðast núna spennandi vörunýjungar í hreinlætis- og snyrtivörum.

Við tökum þér opnum örmum milli kl. 07 að morgni og 01 eftir miðnætti, alla daga vikunnar.

## 10% afsláttur

### Lyfja Lágmúla

**Dagana 8.–10. maí** bjóðum við þér enn meiri afslátt. Viðskiptavinir fá 10% viðbótarafslátt af hluta sjúklings **af lyfseðilsskyldum lyfjum** í Lyfju Lágmúla. Komdu og fáðu lyfin á enn lægra verði.

# Lyfseðilsskyld lyf með afslætti

## fríar mælingar+




**Hvernig er þrýstingurinn?**
Fríar blóðþrýstingsmælingar og ráðgjöf um blóðþrýstingsmæla í dag frá kl. 10–16.

Kynntu þér hjúkrunarþjónustu okkar og heilsufarsmælingar á **www.lyfja.is**

+Gildir í Lyfju Lágmúla 8. maí frá kl. 10–16.

## 20% afsláttur+

**af öllum BOSS Skin Care vörum í Lyfju Lágmúla – aðeins í dag.**

Ef keyptir eru tveir hlutir þá fylgir tölvutaska með sem gjöf.

**BOSS Shine Control**
Vertu ferskur í sumar. Nýtt BOSS krem gegn glansandi húð. Þú finnur það. Aðrir sjá það.




+Gildir 8. maí í Lyfju Lágmúla á meðan birgðir endast.

## 30% afsláttur+

**af HEILSU vítamínum**

**Kynning í dag frá kl. 13.30–16.00.**




**HEILSU vítamín.**
Af því að góð heilsa skiptir máli.

+Gildir í Lyfju Lágmúla til 10. maí á meðan birgðir endast.

Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Setbergi - Spönginni - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Blönduósi - Hvammstanga Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík

**JOHN STUART MILL LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1873.**

*„Ég hef lært að nálgast hamingjuna með því að draga úr þörfum frekar en að reyna að fullnægja þeim.“*

***John Stuart Mill var frjálslyndur breskur heimspekingur og einn frægasti málsvari nytjastefnu. Hann ritaði Frelsið árið 1859 og Um kúgun kvenna árið 1869.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 8. MAÍ ÁRIÐ 1970

## *Síðasta breiðskífa Bítlanna kom út*

Þennan dag árið 1970 kom Let It Be út, þrettánda og síðasta breiðskífa Bítlanna, en það var eftir að hljómsveitin hafði lagt upp laupana.

Vinna við plötuna hófst í janúar 1969 og var ætlun Bítlanna upphaflega að láta eina töku nægja fyrir hvert lag og sleppa öllum yfirtökum. Æfingarnar og upptökurnar voru kvikmyndaðar og þar á meðal síðustu tónleikar Bítlanna, á þaki Apple-byggingarinnar. Efnið var síðan notað í heimildarmynd um gerð plötunnar.

Í mars 1970 voru upptökurnar fengnar bandaríska upptökustjóranum Phil Spector, sem bætti hljóðfæraleik við nokkrar þeirra, en ekki voru allir á eitt sáttir með útkomuna.

Árið 2003 kom platan Let It Be... Naked út og var markmiðið með þeirri útgáfu að gefa lögin út eins og ætlunin var í upphafi.



**MERKISATBURÐIR**

**1636** Heklueldur kemur upp.
**1860** Kötlugos hefst. Þetta er með minni gosum og verður lítið tjón.
**1933** Mohandas Gandhi hefur þriggja vikna hungurverkfall til þess að mótmæla kúgun Breta í Indlandi.
**1945** Síðari heimsstyrjöldinni lýkur með uppgjöf Þjóðverja.
**1948** Tröllafoss kemur til landsins. Hann er þá stærsta skip sem Íslendingar hafa eignast.
**1979** Félag frjálshyggjumanna er stofnað á Íslandi.
**1996** Stjórnarskrá Suður-Afríku tekur gildi. Hún þykir nokkuð nýstárleg því hún tryggir ríkisborgurum víðtæk réttindi og valddreifingu.



†

*Elskulegur sambýlismaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Sigfús Þórðarson**

fv. bankastarfsmaður á Selfossi,

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 5. maí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Erla Sigurjónsdóttir**
**Kristín Sigfúsdóttir** **Yngvi Karl Jónsson**
**Anna Þórný Sigfúsdóttir** **Stefán Þorleifsson**
**Þórarinn Sigfússon**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og vinur,*

**Jón Hallsson**

Silfrastöðum í Skagafirði,

sem lést mánudaginn 27. apríl sl. verður jarðsunginn frá Miklabæjarkirkju laugardaginn 9. maí kl. 14.00.

**Ólafur Íshólm Jónsson** **Erla Gunnlaugsdóttir**
**Auður Inga Ólafsdóttir** **Guðlaugur Stefánsson**
**Ásdís Íshólm Ólafsdóttir** **Ólafur Gunnar Pétursson**
**Dagný Björk Ólafsdóttir** **Gunnar Bragi Þorsteinsson**
**Elfa Íshólm Ólafsdóttir** **Halldór Halldórsson**
**Harpa Íshólm Ólafsdóttir** **Gissur Kolbeinsson**
**og barnabarnabörn.**
**Jóhannes Jóhannsson og Þóra Jóhannesdóttir**
**Helga Jóhannesdóttir og Hrefna Jóhannesdóttir og fjölskyldur.**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móðursystur,*

**Ingibjargar Björnsdóttur**

ljósmóður, Víðihlíð, Dvalarheimilinu Hlíð Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Víðihlíðar fyrir góða umönnun. Guð veri með ykkur öllum.

**Aðalheiður Ingibjörg Mikaelsdóttir**
**Rósa Björg Andrésdóttir**




**ÁVALLT Á KAFI Í BARNASTÚSSI** Systurnar umkringdar Doomoo-vörum sem eru afar vinsælar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**FÍFA:** FAGNAR 30 ÁRA AFMÆLI MEÐ FJÖGURRA DAGA AFMÆLISHÁTÍÐ

# Glaðar í vinnuna á hverjum degi

Barnavöruverslunin Fífa fagnaði þrjátíu ára afmæli í fyrra en afmælishaldinu var slegið á frest þegar kreppan skall á. Nú hafa eigendurnir, systurnar Dagmar og Ásdís Pétursdætur og móðir þeirra, Anna Sigríður Einarsdóttir, tekið upp þráðinn á ný og halda fjögurra daga afmælishátíð. Hún hófst í gær og stendur fram á sunnudag.

Blaðamaður náði tali af Dagmar þar sem hún var stödd í útvarpsstúdíói ásamt börnum sínum tveimur, systur sinni og börnum hennar þremur. Börnin höfðu þá nýlokið við að syngja inn afmælissönginn sem mun svo hljóma í útvarpsauglýsingu verslunarinnar. Barnalán þeirra systra varð einmitt til þess að þær ákváðu árið 2006 að kaupa Fífu. „Okkur langaði til að gera eitthvað saman og þar sem við erum báðar ríkar af börnum og höfðum lifað mikið og hrærst í kringum þau lá þetta beint við. Við keyptum verslunina ásamt móður okkar af hjónunum Þórunni Sigurðardóttur og Magnúsi Ólafssyni sem höfðu rekið hana frá árinu 1984. Þetta er fjölskyldufyrirtæki með áherslu á persónulega þjónustu,“ segir Dagmar.

Þær mæðgur láta ekki deigan síga í kreppunni enda fæðast börn í kreppum líkt og endranær. „Það gengur í raun vonum framar hjá okkur enda vorum við ákveðnar í að fara ekki í vörn heldur í sókn. Við erum duglegar að panta vörur og eigum nóg til en það hefur gefið góða raun.“

Fífa er umboðsaðili fyrir þekkt vörumerki eins og Brio, Simo, Maxi-Cosi, Quinny, Baby Björn og Stokke en þau merki kunna margir að meta. „Síðan höfum við svo gaman af þessu og förum glaðar í vinnuna á hverjum degi. Það er líka mjög ánægjulegt að fylgjast með öllum óléttu konunum og foreldrunum sem til okkar koma. Oft getum við miðlað af okkar eigin reynslu, sem er mjög gefandi.“

Í tilefni afmælisins hafa mæðgurnar opnað nýja heimasíðu, breytt merki verslunarinnar og eflt vefverslunina til muna. „Þá erum við með fullt af afmælistilboðum og ýmsum uppákomum alla dagana. Við fáum til okkar brjóstagjafarráðgjafa sem verður með ráðgjöf fyrir mjólkandi mæður, kynningu á mömmu- og meðgönguleikfimi frá Fullfrísk, sjúkraþjálfara sem veitir ráðgjöf um hreyfiþroska barna og leiðbeinir foreldrum um líkamsbeitingu við umönnun, töframann, happadrætti, blöðrur og fleira.“

Nánari upplýsingar má finna á www.fifa.is en verslunin er til húsa að Bíldshöfða 20.

**vera@frettabladid.is**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ragnar Hermannsson**

frá Flatey á Skjálfanda,

verður jarðsunginn frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 9. maí kl. 13.00.

**Sigrún Ragnarsdóttir** **Gestur Gunnarsson**
**Helga Ragnarsdóttir** **Kristinn Guðni Hrólfsson**
**Hermann Ragnarsson** **Dómhildur Antonsdóttir**
**Erla Ragnarsdóttir** **Ómar Ingimundarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Magnús Finnbogason**

frá Lágafelli,
Gilsbakka 2, Hvolsvelli,

lést á Dvalarheimilinu Kirkjuhvoli þriðjudaginn 5. maí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Auður Hermannsdóttir**
**Vilborg Magnúsdóttir** **Gunnar Hermannsson**
**Finnbogi Magnússon** **Þórey Pálsdóttir**
**Ragnhildur Magnúsdóttir** **Guðmundur Erlendsson**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðbjörg Sigríður Þórólfsdóttir**

dvalarheimilinu Höfða,
áður til heimilis að Háholti 31, Akranesi,

lést aðfaranótt 5. maí. Jarðarförin auglýst síðar.

**Þórólfur Ævar Sigurðsson** **Kristín Eyjólfsdóttir**
**Guðjón Heimir Sigurðsson** **Valgerður Bragadóttir**
**Halldór Bragi Sigurðsson** **Sigurlaug Brynjólfsdóttir**
**Guðrún Agnes Sigurðardóttir** **Tryggvi Ásgrímsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Vinsælustu

## heimilistækin á frábæru verði

OPIÐ til 20 alla daga

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

**PHILIPS**

*Gjafapakkning fylgir með*






**Philips Senseo kaffivél** HD7810SV
- 1450w Senseo kaffivél
- Hellir upp á 1 eða 2 kaffibolla í einu
- Hver bolli er ferskur og með lag af froðu
- Tekur aðeins 30 sekúndur að laga
- Auðvelt að hreinsa
- Litur: Svört

**12.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

**19.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

**Wassermaxx sódavatnstæki**
WassermaxxHV
- Einfalt í notkun
- Fylgir með bæði 1L og 0.5L flöskur
- Hægt að fá bragðefni
- Kolsýruhylki dugar fyrir allt að 60L
- Litur: Hvítt



**Melissa**

**3.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

**Melissa kaffivél**
645112
- 800w kaffivél
- 1,2 lítra - 10 bollar
- Dropastoppari



**PHILIPS**

**7.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

**Philips kaffivél**
HD7448HV
- 1000w kaffivél
- 1,3 lítra
- Dropastoppari
- Litur: Hvít



**exido**



**9.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

**Exido safapressa**
244002
- Öflug safapressa
- Tekur hart grænmeti og heila ávexti
- Engin þörf á að taka fræin úr eða börkin af
- Tvær hraðastillingar
- 1,8 lítra matari
- Auðvelt að taka í sundur og hreinsa



**United örbygjuofn**
MWO7103
- 700w örbylgjuofn
- 20 lítrar
- Snúningsdiskur
- Afþýðingarmöguleiki
- Litur: Hvítur

**8.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

**Melissa**



**Melissa handþeytari** 646049
- 175w
- 15 hraðastillingar + turbo

**3.490kr** FRÁBÆRT VERÐ

**PHILIPS**



**Philips handþeytari** HR1453
- 175w
- 3 hraðastillingar + turbo

**6.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

Gildir til 14. maí eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# Helgar
FRÉTTABLAÐIÐ
# blað
alla laugardaga



## Helgarblaðið:

Ilmur Kristjánsdóttir og Þorgeir Ástvaldsson um fæðubótarefni og hamp-ræktun.

Starfar fyrir hina munaðar-lausu og fátæku. Nunna frá Tógó í viðtali.



## Matur

Léttur og ljúffengur. Dýrindis lax úr nýrri matreiðslubók Nönnu Rögnvaldardóttur.

Sumarlegt kjúklingasalat að hætti íslenskra matreiðslu-meistara.



## Heimili og hönnun:

Auglýsingastofa í útrás. Hvíta húsið hannar nýtt útlit á Grænlandspóstinn.

Vekja heimsathygli. Íslensk ungmenni með verk í alþjóðlegri ljósmyndabók.

Allt sem þú þarft









NOKKUR ORÐ
Kjartan Guðmundsson

# Lög unga fólksins

Ég veit ekki hversu margir listar yfir „bestu plötur allra tíma“ hafa verið búnir til í gegnum tíðina, en þeir hljóta að skipta zilljónum. Oftast nær er hægt að hafa nördalegt gaman af svona listum, en varasamt að taka þá alvarlega eða persónulega. Þeir eiga nefnilega til að verða dálítið skrýtnir þegar í þá er rýnt, og hygla óeðlilega mikið þeim afurðum dægurmenningarinnar sem þykja svalar þá stundina en ekki par fínar árið eftir. Efstu sætin á lista yfir bestu plötur allra tíma sem HMV-plötubúðakeðjan tók saman fyrir fáum árum litu til dæmis svona út:



1. *The Beatles - Revolver*
2. *Beach Boys - Pet Sounds*
3. *Marvin Gaye - Let‘s Get It On*
4. *Robbie Williams - Life Thru a Lens*
5. *The Clash - London Calling*

Einhvern veginn finnst mér ólíklegt að Robbie myndi skora svona hátt í dag.

Þessar vikurnar stendur yfir kosning á bestu plötum Íslandssögunnar. Í fljótu bragði er erfitt að segja til um hverri af þeim hundrað plötum sem valið stendur um verði hlegið að þegar næsti listi verður tekinn saman, en kandídatarnir eru nokkrir. Það sem vekur þó athygli er að á þessum hundrað platna lista má finna fimm barnaplötur. Það hlýtur að teljast verulega hátt hlutfall, sé miðað við fjölda útgefinna barnaplatna og „fullorðins“ platna.

Ástæðan er án efa sú að þessar plötur; *Eniga meniga, Abbababb!, Lög unga fólksins, Einu sinni var og Gilligill*, eru frábærar. Allar höfða þær til breiðs hlustendahóps og sumar lýsa samfélaginu á hverjum tíma betur en margt sem ætlunin var að yrði tekið alvarlegar. Ég set *Eniga meniga* í efsta sæti. Fast á hæla hennar kemur svo *Ekki enn* með Purrki Pillnikk.

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









- Hollur og heimilislegur matur frá höfundi Matarástar og Matreiðslubókar Nönnu.
- Nýttu það sem er til í skápunum og borðaðu vel án þess að kosta of miklu til.
- Vantar hráefni? Öllum uppskriftunum fylgja tilbrigði og tillögur að breytingum.
- Sniðugar hugmyndir um hvernig nýta má afgangana.
- Það þarf ekki að vera dýrt að elda fyrir einn – hagkvæmar lausnir handa einstæðingum.

IÐUNN

www.forlagid.is

**! kl. 22.00**
*Í kvöld og annað kvöld verður Bryndís Ásmundsdóttir með drengjahljómsveit sinni á Grænu hattinum og þrusar þar í efnisskrá með lögum Janis Joplin. Bandið skipa fimm úrvalstónlistarmenn. Tónleikarnir hefjast bæði kvöldin kl. 22 og er húsið opnað kl. 21.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Fegurðardýrkun í Turpentine

Samsýning nokkurra erlendra og íslenskra listamanna verður opnuð í Gallerí Turpentine í eftirmiðdaginn í dag. Níu listamenn sýna saman og koma frá Íslandi, Englandi og Frakklandi.

Þeir kalla samsýninguna Þú ert fallegri en fiðrildi og er þar vísað til fegurðardýrkunar sem þeir segjast takast á við. Það að vera fallegri en fiðrildi er að vera fallegri en nokkuð annað og óðurinn til fegurðar getur tekið á sig ýmsar myndir.

Allir eiga myndlistarmennirnir í þessari sýningu það sameiginlegt að aðhyllast ákveðna fegurðarnálgun í verkum sínum. Þeir eru Birgir Snæbjörn Birgisson, Olly Fathers, Eric Genevrier, Ed Hodgkinson, Helgi Már Kristinsson, Peter Lamb, Danny Rolph, Pétur Thomsen og Joby Williamson.

Sýningin stendur til 31. maí en Gallerí Turpentine er á Skólavörðustíg 14. - pbb



Faux Pli´ eftir Joby Williamson 2009.

**> Ekki missa af …**

margbreytilegri sýningu Guðrúnar Kristjánsdóttur í Hafnarborg sem lýkur á sunnudag. Guðrún vinnur þar með landslagsmálverkið íslenska sem er heldur betur að færa sig upp á skaftið. Á sunnudag verða þær mæðgur Guðrún og Oddný með spjall um innviði sýningarinnar og hefst það kl. 15. Þær ræða um veðrið og hvernig það teiknar myndir í hlíðar.

## Gott gengi í Draumalandi



**ANDRI SNÆR** Metsöluhöfundurinn gerir það gott í bíó.

Kvikmyndin Draumalandið eftir Þorfinn Guðnason og Andra Snæ Magnason er orðin aðsóknarmesta og tekjuhæsta heimildarmyndin frá upphafi mælinga á Íslandi með aðsókn upp á 13.359 manns og tekjur upp á rúmlega þrettán milljónir eftir aðeins 28 daga í sýningu, segir í tilkynningu frá dreifingaraðila verksins. Draumalandið sló þar við nýlegu meti Sólskinsdrengsins.

Frá 12. maí verður myndin sýnd með enskum texta kl. 18 í Háskólabíói. Annars er myndin sýnd í Smárabíói og Háskólabíói í Reykjavík og í Borgarbíói Akureyri fram í næstu viku.

Fjórar aðsóknarmestu heimildarmyndir hér á landi í sýningu kvikmyndahúsa eru: Draumalandið með 13.359 gesti, Sólskinsdrengurinn eftir Friðrik Þór með 13.347 gesti, Þetta er ekkert mál – Jón Páll með 11.554 gesti og loks Blindsker með 7.764 gesti. - pbb


**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ**
Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



**Kardemommubærinn** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Sun 10/5 kl. 14:00 | U | Mið 27/5 kl. 18:00 | U | Sun 7/6 kl. 14:00 | U |
| Sun 10/5 kl. 17:00 | U | Fös 29/5 kl. 18:00 | U | Sun 7/6 kl. 17:00 | U |
| Lau 16/5 kl. 14:00 | U | Lau 30/5 kl. 14:00 | U | Lau 13/6 kl. 14:00 | Ö |
| Lau 16/5 kl. 17:00 | U | Lau 30/5 kl. 17:00 | U | Lau 13/6 kl. 17:00 | Ö |
| Sun 17/5 kl. 14:00 | U | Fim 4/6 kl. 18:00 | U | Sun 14/6 kl. 14:00 | U |
| Sun 17/5 kl. 17:00 | U | Fös 5/6 kl. 18:00 | U | Sun 14/6 kl. 17:00 | U |
| Sun 24/5 kl. 14:00 | U | Lau 6/6 kl. 14:00 | U | Sun 30/8 kl. 14:00 | |
| Þri 26/5 kl. 18:00 | U | Lau 6/6 kl. 17:00 | U | Sun 30/8 kl. 18:00 | |

**Hart í bak** (Stóra sviðið)

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fös 8/5 kl. 20:00 | U | Fim 14/5 kl. 20:00 Aukas. | Ö |
| Lau 9/5 kl. 20:00 | U | Fös 15/5 kl. 20:00 | U |

**Skoppa og Skrítla í söng-leik** (Kúlan)

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lau 9/5 kl. 13:00 | Ö | Lau 9/5 kl. 14:30 | Ö |

**Creature** - gestasýning (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 14/5 kl. 20:00 | U | Lau 16/5 kl. 20:00 |
| Fös 15/5 kl. 20:00 | Ö | Sun 17/5 kl. 20:00 |

**Í Óðamansgarði** - ópera í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík

| | |
|---|---|
| Fös 22/5 kl. 20:00 | Lau 23/5 kl. 20:00 |

**Ó, þú aftur** - afmælissýning Hugleiks (Smíðaverkstæðið)

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fös 15/5 kl. 20:00 | U | Fös 22/5 kl. 20:00 | Fim 28/5 kl. 20:00 |
| Sun 17/5 kl. 20:00 | | Sun 24/5 kl. 20:00 | Fös 29/5 kl. 20:00 |
| Mið 20/5 kl. 20:00 | | Mið 27/5 kl. 20:00 | |


# HELGIMYNDIR BALTASARS PRÝÐA NÚ GERÐARSAFN

**Baltasar var kjörinn heiðurslistamaður Kópavogs 2007 fyrir tæpu ári. Hann hafði þá um langt árabil sett svip sinn á bæjarlífið á Kársnesinu og verið afkastamikill myndlistarmaður allur götur frá því hann kom hingað norður ungur maður snemma á sjöunda áratugnum. Heiðurinn kom því ekki á óvart.**

Á Kópavogsdögum sem nú eru nýhafnir opnar Baltasar sýningu í Gerðarsafni á verkum sem hann hefur málað á síðastliðnum tveimur árum.

Sýningin er tvískipt. Þrjátíu málverk á efri hæð safnsins sækja myndefni í guði og goðsagnir frá mismunandi menningarheimum. Þar birtast hlið við hlið heiðin minni og mýtur og kristnar helgisagnir sóttar í egypska, grísk-rómverska og norræna goðafræði, gyðingdóm og kristni. Þessar myndir koma nú í fyrsta sinn fyrir sjónir almennings.

Á neðri hæð safnsins eru sjö stórar myndir sem byggja á Sjö orðum Krists á krossinum sem sýndar voru á listahátíð í Hallgrímskirkju 2008 og vöktu þá mikla athygli þeirra sem sáu. Þeim fylgir texti séra Hallgríms Péturssonar úr Passíusálmunum.

Í túlkun sinni segist Baltasar leggja áherslu á hið mannlega eðli Krists, fyrirgefningu hans og uppsprettu vonar.

Forráðamenn Gerðarsafns hafa lýst einstakri ánægju með að geta boðið landsmönnum að kynna sér nýjustu verkin úr smiðju þessa ástsæla málara en Baltasar á sér aðdáendur um land allt sem sumir hafa fylgst með honum í hartnær hálfa öld. Þetta er fyrsta stóra málverkasýning Baltasars um langt árabil en hann hefur um nokkurt skeið verið heillaður af trúarlegum viðfangsefnum í myndlist sinni sem nú má sjá í góðu úrvali verka hans í Gerðarsafni.

Aðgangur að safninu er ókeypis og allir velkomnir. Sýningin stendur til og með sunnudeginum 21. júní. pbb@frettabladid.is



**LOKI Í VALSHAMNUM** Eitt málverka Baltasars frá liðnu ári, en ríka hneigð til trúarlegrar tjáningar er að finna í þeim.


# LOSAÐU ÞIG VIÐ 3 KÍLÓ Á EINNI VIKU

- Hollur og hraðvirkur kúr sem losar líkamann við eiturefni og aukakíló.
- 42 uppskriftir að ljúffengum og heilsusamlegum safadrykkjum.
- Greinargóðar upplýsingar, hvatningarorð, hugmyndir að heilsusamlegu snarli og léttar líkamsæfingar.

**SJÖ DAGA SAFAKÚRINN VIRKAR**




VAKA-HELGAFELL

www.forlagid.is

# Söngur í Salnum

Hörn Hrafnsdóttir mezzósópran og Antonía Hevesi píanóleikari halda söngtónleika í TÍBRÁ í Salnum á morgun kl. 17. Þá flytja þær ljóðaflokkinn Frauenliebe und -Leben eftir Schumann, og glæsilegar aríur úr óperum eftir Verdi, Saint-Saëns, Bizet og Tsjaíkovskí.

Af þessu tilefni munu þær stöllur segja frá tónleikunum og gefa tóndæmi í Listasafni Kópavogs – Gerðarsafni í hádeginu í dag kl. 12 og er alveg tilvalið fyrir áhugasama að gæða sér á gómsætri súpu í leiðinni.

Tónleikarnir marka upphaf Kópavogsdaga í Salnum en eru jafnframt lokatónleikar í TÍBRÁ á starfsárinu. - pbb



**TÓNLIST** Antonía Hevesi leikur undir hjá Hörn Hrafnsdóttur í Salnum í dag og laugardag. FRETTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Sagan er hafin á ný

Skáldafélagið Nýhil efnir í sumar til fyrirlestrahalds um endurkomu róttækninnar, eins og það er nefnt í fréttatilkynningu frá hópnum: „Eftir frostavetur frjálshyggjunnar eru hafnar leysingar og heimurinn kallar eftir nýjum hugmyndum um réttlátt samfélag,“ segir þar, og „kerfisgallar og eyðileggingarmáttur markaðshagkerfisins birtust skýrt í hruni íslensks efnahags síðasta haust. Á sama tíma vekur snörp andófsbylgja vonir um endurnýjaðan samtakamátt almennings.“

Í maí og júní munu fjórir af þekktustu fræðimönnum heims á sviði marxískra rannsókna heimsækja Ísland. Þetta eru Michael Hardt og Antonio Negri, höfundar bókanna Empire og Multitude; Chantal Mouffe, höfundur hugmynda um róttækt lýðræði; og Peter Hallward, einn fremsti fræðimaðurinn í hópi nýrra, róttækra heimspekinga í Evrópu.



**KENNINGAR** Nú er mikið tíðkað að taka Marx gamla til endurskoðunar í ljósi sögunnar.

Með heimsóknum þeirra gefst fágætt tækifæri til að ræða þróun og stöðu íslensks samfélags í samhengi við hina alþjóðlegu baráttu fyrir jöfnuði og réttlæti. „Tími róttækra stjórnmála er núna,“ segja Nýhil-menn.

Hardt og Negri halda erindi sín þriðjudaginn 26. maí kl. 20 í sal 102 á Háskólatorgi. Peter Hallward verður á ferðinni 11. júní og Chantal Mouffe hinn 13. júní. Aðgangur er ókeypis á alla fyrirlestrana og boðið verður upp á spurningar og umræður að þeim loknum.

Nánari lýsingar á efni hvers fyrirlestrar verða kynntar í fjölmiðlum þegar nær dregur. - pbb

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 8. maí 2009**

### Opnanir

**17.00** Í **Gallery Turpentine** við Skólavörðustíg 14, opnar sýning 9 listamanna frá Íslandi, Englandi og Frakklandi. Opið þri.-fim. kl. 12-18 og lau. kl. 12-17.

### Sýningar



Glerlistakonan **Nadine Martin** sýnir glerperlur og muni unna úr þeim á skörinni hjá Handverki og hönnun, Aðalstræti 10. Opið virka daga kl. 9-18, fimmtudaga til kl. 22 og um helgar 12-17.

**Hertha Richardt** Úlfarsdóttir hefur opnað sýninguna **„Fastagestir og annað starfsfólk“** á Café Karólínu, við Kaupvangsstræti á Akureyri. Opið mán.-fim. kl. 11.30-01, fös.-lau. kl. 11.30-03 og sun. kl. 14-01.

### Síðustu forvöð

Sýningu **Guðrúnar Kristjánsdóttur „Veðurskrift“** í Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði, lýkur á sunnudag. Opið kl. 11-17.

Sýningu **Bjargeyjar Ólafsdóttur** í Ljósmyndasafni Reykjavíkur lýkur á sunnudaginn. Opið virka daga kl. 12-19 og 13-17 um helgar. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 6. hæð.

Í **listasafni Akureyrar** við Kaupvangsstræti stendur yfir samsýning fimm málara undir yfirskriftinni **„Kenjóttar hvatir“**. Sýningu lýkur á sunnudag. Opið kl. 12-17.



Sýningu **Eddu Þóreyjar Kristfinnsdóttur „Vistaskipti“** í Grafíksafni Íslands við Tryggvagötu 17 (hafnarmegin), lýkur á sunnudag. Opið kl. 14-18.

Í Listasal Iðu-hússins við Lækjagötu sýnir **Ólöf J. Guðmundsdóttur** olíumálverk. Sýningunni lýkur á sunnudag. Opið alla daga frá kl. 9-22.

### Tónleikar



**17.00 Kristín Þóra Haraldsdóttir** víóluleikari verður með tónleika í Salnum við Hamraborg í Kópavogi. Á efnisskránni verða m.a. verk eftir **Denyer, Bartók** og **Hafdísi Bjarnadóttur**.

**17.00** Tvær popphljómsveitir á vegum **Tónlistarskólans á Akureyri** munu spila í Eymundsson, Te og kaffi, Gleráreyrum, Akureyri.

### Leiklist

**14.00 Leikfélagið Snúður og Snælda** sýnir verkið **„Hressingarheimilið Líf í tuskunum“** í Stangarhyl 4.

### Dansleikir

**SalsaIceland** heldur Latin Mix partý á Cafe Oliver við Laugaveg 20. **Mike Sánchez** annast tónlistina. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

**Borgfirðingaball** verður haldið á NASA við Austurvöll. Fram koma hljómsveitirnar **Chaplin, Draumalandið** og **Festival** auk þess sem **DJ. Stjáni** spilar.

**Spútnik** verða á Players við Bæjarlind í Kópavogi.

Hljómsveitin **MONO** verður á 800 Bar við Eyrarveg á Selfossi.


www.oryggi.is

Verður góðu dagsverki stolið frá þér í nótt?




Nýjung í Fyrirtækjaöryggi

Fyrstu 2 mánuðir myndvöktunar fríir*

Tryggðu þér myndvöktun Öryggismiðstöðvarinnar á sértilboði út maí - með myndvöktun er þitt fyrirtæki öruggara.

Með myndvöktun birtast myndir frá eftirlitsmyndavélum í vaktmiðstöð Öryggismiðstöðvarinnar um leið og boð um óeðlilegar mannaferðir berast frá öryggiskerfi. Starfsmenn vaktmiðstöðvar geta þannig fyrr staðfest innbrot, borið kennsl á innbrotsþjófa og boðað lögreglu á staðinn.

* Hringdu í síma 570 2400 og kynntu þér skilmála myndvöktunar.

Kynntu þér öruggara Fyrirtækjaöryggi á öryggi.is




Hringdu í 570 2400 og fáðu Fyrirtækjaöryggi í áskrift!

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

## > SYRGIR KONU SÍNA

Bandaríski leikarinn Stanley Tucci syrgir eiginkonu sína Kate sem lést í síðustu viku eftir hetjulega baráttu við krabbamein. Kate og Stanley voru gift í fjórtán ár og eignuðust tvíbura, skömmu eftir að þau gengu í hjónaband árið 1996, og dóttirina Camillu. Þetta kemur fram í New York Post. „Eiginkona mín var einstök manneskja sem sýndi okkur hvað mikilfenglegur styrkur er,“ segir í yfirlýsingu sem Tucci sendi frá sér.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Systir Beyoncé vill verða svört Björk

Solange Knowles er enn ekki þekkt nafn í tónlistarheiminum enda stendur hún óneitanlega í skugganum af stóru systur sinni, sjálfri Beyoncé. En Solange hyggst feta rækilega í fótspor Beyoncé og hefur verið á tónleikaferðalagi um Evrópu. Þótt ótrúlegt megi virðast vill Solange þótt ekki vera næsta Beyoncé heldur lýsti söngkonan unga því yfir að hún vildi vera næsta Björk. „Já, ég vil verða svona svört Björk,“ sagði Solange í samtali við evrópska blaðamenn.

Og til þess að fylgja þessum yfirlýsingum eftir tók Solange It's Oh So Quiet í útgáfu Bjarkar á tónleikum í Belgíu. Reyndar verður að taka fram að Björk tók lagið upp eftir Betty Hutton. Uppátæki Solange fékk víst lítinn hljómgrunn hjá þúsundum Bjarkar-aðdáenda sem eru víst alveg brjálaðir að sögn vefsíðunnar RightTV.com. Hins vegar er hægt að heyra flutning Solange á YouTube.com en lítið hefur heyrst af viðbrögðum Bjarkar sjálfrar. Blaðamaður RightTV segir þó að þau yrðu eflaust svipuð og þegar Björk dangaði í blaðakonu á flugvelli í Bangkok. **- fgg**



**ENGIN VIÐBRÖGÐ** Björk hefur ekkert látið hafa eftir sér vegna flutnings Solange á laginu It's Oh So Quiet.



**VILL VERÐA BJÖRK** Solange Knowles hefur engan hug á að líkjast systur sinni, Beyoncé, heldur kýs frekar að líta upp til Bjarkar.



**HJÁLMAR** Spila á AIM-hátíðinni.

## AIM-hátíð í þriðja sinn

Akureyri International Music Festival, eða AIM Festival, verður haldin í fjórða sinn um hvítasunnuhelgina (28.-31. maí). Á meðal þeirra sem koma fram eru: Bob Mintzer og Stórsveit Reykjavíkur, Stórsveit Akureyrar, Megas, Retro Stefson, Hjálmar og Mótettukór Hallgrímskirkju. Einnig verður boðið upp á hljómsveitarkeppni fyrir ungar norðlenskar hljómsveitir sem fer fram 21. maí í Húsinu. Miðasala á hátíðina hefst á Midi.is 13. maí.

# Sagði Letterman frá lundaáti

Sjónvarpskokkurinn kjaftfori, Gordon Ramsay, ræddi um át sitt á lundahjarta hér á landi við spjallþáttastjórnandann David Letterman fyrir skömmu. Þetta óvenjulega uppátæki Ramsays vakti mikla athygli á síðasta ári þegar það var sýnt í þætti hans The F Word á bresku sjónvarpsstöðinni Channel 4. Atriðið var tekið upp í Vestmannaeyjum þar sem Ramsay veiddi lunda eftir að hafa fengið til þess tilskilin leyfi. „Þegar þetta litla hjarta sló í lófa mínum hugsaði ég með mér: „Hvað á ég eiginlega að gera? Á ég að haga mér eins og skræfa eða láta slag standa?“,“ sagði kokkurinn við Letterman, sem var nánast kjaftstopp. „Ég borðaði það en þá festist það í hálsinum á mér og hélt áfram að slá. Þetta fékk dálítið hörð viðbrögð heima í Bretlandi,“ bætti hann við. Það má með sanni segja því kvörtunum rigndi yfir Channel 4-stöðina eftir að þátturinn var sýndur. Ekki þótti þó ástæða til að áminna Ramsay eða stöðina fyrir athæfið því engar reglur voru brotnar að mati eftirlitsaðila.



**DAVID LETTERMAN** Spjallþáttastjórnandinn þekkti hafði mikinn áhuga á lundaáti Ramsays.



**GORDON RAMSAY** Sjónvarpskokkurinn Gordon Ramsay borðaði hjarta úr lunda þegar hann heimsótti Vestmannaeyjar.

## De Niro á móti Norton

**Stórleikararnir Robert De Niro og Edward Norton hafa tekið að sér aðalhlutverkin í sálfræðitryllinum Stone. Myndin fjallar um flókið samband eftirlitsfulltrúa (De Niro) og manns sem hefur verið dæmdur fyrir íkveikju (Norton). Leikstjóri verður John Curran, sem starfaði með Norton við myndina The Painted Veil. De Niro og Norton léku aftur á móti síðast saman í myndinni The Score sem kom út 2001.**



**ROBERT DE NIRO**


# Við erum 6 ára!

Afmælistilboð og skemmtileg stemming og þér er boðið : )




# G-strengur lagðist á sál rapparans

**Herraklúbburinn Fancý gerði góðan túr til KEF um síðustu helgi, setti Bent í G-streng, fór í hafnaboltamót og hitti Jarvis Cocker sem var gerður að meðlimi í klúbbnum.**

„Bent neitaði að fara úr bílnum allt kvöldið. Eftir að hann var kominn í þveng. Við þurfum að senda mann með mat handa honum í bílinn. Þvengurinn fór á sálina á honum,“ segir Erpur Eyvindarson og er að tala um félaga sinn Bent úr rapphljómsveitinni Rottweilerhundum.

Herraklúbburinn Fancý gerði góða ferð í Keflavík um síðustu helgi. Gisti á hótel Keili. Og þar bar það meðal annars til tíðinda að Bent tapaði í hefðbundinni hnífur-skæri-steinn-keppni Fancý og þurfti að sæta því að vera í G-streng það sem eftir lifði hátíðar. „Eins og venja er í klúbbnum,“ segir Erpur sem er lífið og sálin í félagsskapnum. Og útskýrir að nafn herrakúbbsins, sem er þriggja ára, sé þannig til komið að enginn meðlima er sérstaklega „fancy“ en við þetta tækifæri klæða sig allir upp… „heavy fancy og étum fancy, gistum á hótelum, erum ruglaðir og söfnum í bauk fyrir auðmenn. Heavy gott að fara eitthvað út í buskann og kynna fagnaðarerindi Fancý,“ segir Erpur. Og vill meina að þetta sé göfugur félagsskapur - góðgerðarklúbbur. Nú hafi safnast 700 krónur fyrir… „hvað heitir hann, ehhh Magnús, svo hann þurfi ekki að flytja til Rússlands,“ segir Erpur. Og þegar hann er spurður hverjir séu í herraklúbbnum Fancý þarf blaðamaður að hafa sig allan við því nú fer þulan að nálgast það að teljast rapptexti: „Allir legend. Ég, Dóri DNA, Skúli Tyson, fyrsti og eini pro boxari Íslands, Steindi Jr. grínari, Bent rappari, Þrándur og Geiri Slæ úr Aftureldingu-handboltanum, Siggi Gúst lögfræðingur, Panda og Bjarni Bjé arkitekt og fleiri.“ Það var nefnilega það.

Klúbburinn gerði sér það meðal annars til gamans að fara upp á gamla Beis og efna til hafnaboltamóts. Og á Keili hittu þeir Fancý-menn, sem margir hverjir eru í tónlistargeiranum, kollega sinn úr britt-poppinu, eina helstu kempu frá 10. áratugnum, Jarvis Cocker, sem umsvifalaust var gerður að meðlimi í Fancý. Að sögn Erps er það algengt að á Hótel Keili rekist breskir popparar með kassagítar.

jakob@frettabladid.is



**BENT FELUR SIG Í BÍLNUM OG ERPUR VIÐ STÝRIÐ** Rapparinn Bent tapaði í steinn-skæri-hnífur keppninni og þurfti í kjölfarið að klæðast G-streng sem varð til þess að Bent vildi ekki koma úr bílnum það sem eftir lifði hátíðar.



**JARVIS COCKER OG HÓTELSTJÓRINN ÞORSTEINN LÁR RAGNARSSON** Þeir Fancý-menn þóttust himin höndum hafa tekið að rekast á Cocker og gerðu hann umsvifalaust að heiðursfélaga í klúbbnum.



**FANCÝ Í HAFNABOLTA Á BEISNUM** Meðal þess sem klúbbfélagar gerðu sér til skemmtunar var að spila hafnabolta á gamla Beisnum.

# Megan kýs eldri menn



**MEGAN FOX** Leikkonan efnilega hefur engan áhuga á strákum á þrítugsaldri.

**Megabeibið Megan Fox hefur engan áhuga á strákum á þrítugsaldri. Hún segir að leikarar á borð við Robert Pattinson úr Twilight og hjartaknúsarinn Zac Efron séu ekki hennar týpur því þeir hafi ekkert fram að færa. „Robert og Zac eru allt of sætir eitthvað með sitt mikla hár og í jakkafötum,“ sagði Megan, sem er 23 ára. „Rob er 22, held ég, og Zac er 21. Það er bara grín. Strákar á þrítugsaldri eru tímasóun. Þeir hafa ekkert upp á að bjóða þegar kemur að því að spjalla saman. Þeir eru óþroskaðir. Mér finnst strákar á fertugsaldri henta mér betur,“ sagði Megan, sem er trúlofuð hinum 35 ára leikara Brian Austin Green.**

# Kosningin heldur áfram

Síðasti hluti leitarinnar að hundrað bestu plötum Íslandssögunnar er hafinn. Nú, þegar ljóst er hvaða plötur teljast þær hundrað bestu, er það eitt eftir að raða þeim í sæti. Kosningin fer fram á Tónlist.is en meðan á kosningunni stendur geta allir hlustað á allar hundrað plöturnar í heild sinni. Lokahluti kosningarinnar stendur yfir til 29. maí og endanleg niðurstaða verður kynnt dagana 1. til 17. júní á Tónlist.is og á Rás 2.




# Safna fyrir Bandaríkjatúr

Rokkararnir í Jeff Who? halda tónleika á Sódómu Reykjavík í kvöld til að safna fyrir væntanlegri tónleikaferð um Bandaríkin. Þar spilar sveitin á þremur stöðum; í New York, Baltimore og Boston, dagana 16. til 21. maí.

„Við ætlum að reyna að bæta aðeins í sjóðinn, það veitir ekki af því,“ segir bassaleikarinn Elís Pétursson. „Við erum búnir að stefna að þessu talsvert lengi. Þetta kom þannig til að við kynntumst manni fyrir þremur árum á Airwaves sem hefur séð um að kynna hljómsveitir í bandarískum háskólum og við fórum að setja það í gang núna.“



**JEFF WHO?** Rokkararnir í Jeff Who? halda söfnunartónleika á Sódómu Reykjavík í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Platan Death Before Disco er þessa dagana í kynningu á bandarískum háskólastöðvum og í fjölmiðlum auk þess sem hún kemur út stafrænt á iTunes og Amazon. com. „Þegar við ákváðum að fara út í þetta fannst okkur best að halda tónleika í leiðinni. Þetta átti að vera stærra ævintýri, en eftir október 2008 minnkaði það,“ segir Elís og á þar að sjálfsögðu við bankahrunið. Ætluðu þeir félagar að spila á vesturströnd Bandaríkjanna en urðu að hætta við það sökum kostnaðar.

Nokkur ár eru liðin síðan Jeff Who? spilaði síðast í Bandaríkjunum, nánar tiltekið í New York, þar sem þeir félagar fengu mjög góðar viðtökur. Hlakka þeir því mikið til að endurtaka leikinn.

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 23 og er miðaverð 1.000 krónur. Auk Jeff Who? koma fram Jan Mayen og Nora. **- fb**



**Í TASMANÍU** Leikhópurinn sýndi Hamskiptin í Tasmaníu á leiklistarhátíðinni Ten Days on the Island. Þar hitti hann fyrir stelpurnar í Gjörningaklúbbnum.

# Vesturport snýr heim úr sigurför frá Ástralíu

**Leikhópurinn Vesturport er kominn heim eftir langa dvöl meðal andfætlinga í Ástralíu og Tasmaníu. Tuttugu þúsund manns sáu 25 sýningar hópsins í þremur borgum.**

„Þetta var ævintýri líkast, við fengum ótrúlegar viðtökur frá áhorfendum og gagnrýnendum,“ segir Dýri Jónsson, framkvæmdastjóri Vesturports, og upplýsir um leið að nú þegar séu hafnar viðræður um annað leiklistarferðalag um Ástralíu árið 2011 eða 2012. Vesturport hafði í farteskinu leikritið Hamskiptin eftir Franz Kafka en það var unnið í samvinnu við Lyric Hammersmith-leikhúsið í London. Nína Dögg Filippusdóttir og Gísli Örn Garðarsson tóku þátt í sýningunum á Tasmaníu en þegar ferðinni var heitið til Sydney og nálægra borga tóku þau Unnur Ösp og



**STUND MILLI STRÍÐA** Ingvar E. Sigurðsson og Gísli Örn Garðarsson skelltu sér í litla siglingu og kunnu greinilega vel við sig á bátnum.

Björn Thors við hlutverkum þeirra. Enda Nína og Gísli upptekin við sýningar á öðru verki, nefnilega Don John.

Dýri segir að áhorfendur hafi tekið verkinu alveg ótrúlega vel en viðurkennir um leið að mesta upplifunin hafi verið í Tasmaníu. „Ég er viss um að við Íslendingar getum lært mikið af Tasmaníubúum hvað ferðaþjónustu og umhverfismál varðar. Bæði af þróaðri afþreyingu tengdri menningu og sjávarútvegi, sem og þeim ákvörðunum sem hafa verið teknar við val á atvinnuvegum framtíðarinnar,“ segir Dýri.

Frá Tasmaníu var síðan haldið til Wollongong sem er rétt hjá Sydney og löngu þekkt fyrir brimbretti og iðnað sinn. „Miðasalan fór heldur hægt af stað þar en sýningin spurðist vel út og miðarnir tóku að rjúka út í rökréttu samhengi við það,“ segir Dýri. Lokastaðurinn var síðan Sydney Theater Company þar sem stórleikkonan Cate Blanchett ræður ríkjum. „Þvílík húsakynni og atvinnumennska þar á bæ, Blanchett er greinilega mikið í mun að búa vel um gesti sína.“

Gagnrýnendur tóku sýningum Vesturports opnum örmum og var hópnum hrósað víðast hvar í hástert. Dýri efast heldur ekki um gildi landkynningarinnar sem ferð á borð við þessa hefur. „Á þessum síðustu og verstu er það mjög gefandi að ferðast heimshorna á milli og kynna íslenska menningu.“

freyrgigja@frettabladid.is


Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Listmunauppboð í Galleríi Fold

fer fram mánudaginn 11. maí, kl. 18.15 í Galleríi Fold, á Rauðarárstíg

Á uppboðinu er úrval góðra verka, meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna



Haraldur Bilson

LISTMUNASALA fold

Verkin verða sýnd: föstudag 10–18, laugardag 11–17, sunnudag 12–17 og mánudag 10–17

Opið í Galleríi Fold á Rauðarárstíg virka daga 10–18, laugard. 11–16 og sunnud. 14–16

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is



NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| STAR TREK-POWER | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 10 |
| X-MEN ORIGINS:WOLVERINE | kl. 5.50, 8 og 10.10 | 14 |
| MÚMÍNÁLFARNIR(650kr.) | kl. 4 - Íslenskt tal | L |
| STATE OF PLAY | kl. 8 og 10.30 | 12 |
| MONSTERS VS ALIENS - 3D | kl. 3.20 - Íslenskt tal | L |
| FRANKLÍN OG FJÁRS. | kl. 4 - Íslenskt tal | L |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.50 (500 kr.) | 12 |










SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| STAR TREK | kl. 4 - 6:30 - 8D - 9 - 10:40D - 11:30 | 10 |
| STAR TREK XI | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | VIP |
| X MEN | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 14 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 4D - 6D | L |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 4 - 6 - 8 - 10:40 | 16 |
| 17 AGAIN | kl. 4 - 6 | L |
| I LOVE YOU MAN | kl. 8 | 12 |
| THE UNBORN | kl. 10:40 | 16 |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl.tali | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| STAR TREK XI | kl. 5:30D - 8D - 10:30D | 10 |
| Alfreð Elíasson & Loftleiðir | kl. 5:30D - 8D - 10:30D | L |
| NEW IN TOWN | kl. 6 - 8 - 10:10 | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 3:30D | L |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl.tali | kl. 3:30(3D) | L |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl.tali | kl. 4 | L |
| LET THE RIGHT ONE IN Sýnd sunnudag kl. 10:10 | | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| 17 AGAIN | kl. 5:50 - 8 | L |
| Alfreð Elíasson & Loftleiðir | kl. 8 | L |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 10:20 | 16 |
| STATE OF PLAY | kl. 10:20 | 12 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| STAR TREK XI | kl. 8 - 10:30 | 7 |
| Alfreð Elíasson & Loftleiðir | kl. 6 | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN | kl. 6 | L |
| NEW IN TOWN | kl. 8 | L |
| THE UNBORN | kl. 10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| STAR TREK XI | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 7 |
| Alfreð Elíasson & Loftleiðir | kl. 8 | L |
| CRANK 2 : HIGH VOLTAGE | kl. 10:20 | 16 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl. tali | kl. 6 | L |

NÝTT Í BÍÓ!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| BOAT THAT ROCKED | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| X-MEN WOLVERINE D | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| X-MEN WOLVERINE LÚXUS D | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| 17 AGAIN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 4 - 6 | L |
| MÚMÍNÁLFARNIR | kl. 3.50 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| BOAT THAT ROCKED | kl. 6 - 9 | 12 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 6.30 - 9 | 14 |
| I LOVE YOU MAN | kl. 5.40 - 8 - 10.15 | 12 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 6 - 8 - 10 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| STATE OF PLAY | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| I LOVE YOU MAN | kl. 5.40 - 8 - 10.15 | 12 |
| FAST AND FURIOUS | kl. 5.40 - 8 - 10.15 | 12 |
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| BOAT THAT ROCKED | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 6 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI

AUKAKRÓNUR

# FRÁBÆR TILBOÐ Á SJÓNVÖRPUM




## TOSHIBA

**Toshiba 32AV500PG**
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 upplausn, Progressive Scan, 20.000:1 dýnamískri skerpu, Active Vision LCD, 2x Scart, 2x HDMI, Component & Composite, Audio-in, heyrnatólstengi ofl.

**TILBOÐ 99.990**
FULLT VERÐ kr. 139.990




## UNITED

INNBYGGÐUR **DVD SPILARI**

**United TVD8819**
19" LCD BREIÐTJALD með innbyggðum DVD spilara, 1440x900 upplausn, Nicam Stereó, sjálfvirkri stöðvaleit, Scart, Video, S-Video og VGA tengjum. **Tekur 12v og 220v straum**.

**TILBOÐ 49.990**
FULLT VERÐ kr. 64.990




## TOSHIBA

INNBYGGÐUR **DVD SPILARI**

**Toshiba 19DV550PG**
19" LCD Sjónvarp með innb. fjölkerfa DVD spilara, HD-READY, 1440x900 punkta upplausn, 1000:1 skerpu, Nicam Stereo DTS hljóðkerfi, Analog móttakara, HDMI, Component, Composite og Analog Audio, Scart og PC(VGA, S-Video og heyrnatólstengi.

**TILBOÐ 59.990**
FULLT VERÐ kr. 99.990




## TOSHIBA

INNBYGGÐUR **DVD SPILARI**

**Toshiba 22DV555DG**
22" LCD Sjónvarp með innb. fjölkerfa DVD spilara, HD-READY, 1680x1050 punkta uppl., 1000:1 dýnamískri skerpu, Nicam Stereo DTS hljóðkerfi, innb. DVB-T móttakara, HDMI, Scart, Component & Composite, VGA, S-Video og heyrnatólstengi ofl.

**TILBOÐ 99.990**
FULLT VERÐ kr. 119.990




## Panasonic

WHAT HI-FI? SOUND AND VISION ★★★★★

What Plasma & LCD TV EDITOR'S CHOICE ★★★★★

**Panasonic TX32LZD80F**
32" Full HD 1080p 16:9 LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, V-Real Pro3 Engine - Meiri myndgæði, 24p Cinema myndtækni, x.v Colour, 10.000:1 skerpu, 500 cd/m2 birtustigi, SD/SDHC kortalesara (les MPEG2 og H.264) ofl.

**TILBOÐ 169.990**
FULLT VERÐ kr. 279.990




## Panasonic

WHAT HI-FI? SOUND AND VISION ★★★★★

**Panasonic TXP42X10**
42" Plasma BREIÐTJALD með 1024x768 punkta upplausn, Vreal 4 Engine tækni, 100Hz, 24p Playback, Real Black Drive 20.000:1 skerpa (Native), x.v Colour, 3D Colour management, Motion Pattern Noise Reduction, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan, Viera Link, háskerpu DVB-T stafr. móttakara (MPEG4), SD/SDHC kortalesara (JPEG), 20w Nicam Stereó V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 3 HDMI(1.3), Component, CI rauf, SVHS, CVBS og PC tengi ofl.

**TILBOÐ 229.990**
FULLT VERÐ kr. 249.990

SJÓNVÖRP HLJÓMTÆKI HEIMABÍÓ MP3 SPILARAR FERÐATÆKI DVD OG BLU-RAY SPILARAR MYNDAVÉLAR TÖKUVÉLAR ÚTVARPSVEKJARAR iPOD VÖGGUR OFL.

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2009

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. Samkaup, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

## FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR VAL 2. SÆTINU Í PEPSI-DEILDINNI 2009

> LYKILMAÐURINN



**Atli Sveinn Þórarinsson** hefur verið leiðtogi Valsliðsins undanfarin ár og mun gegna því hlutverki áfram í sumar. Valur missti miðvörðinn Barry Smith en fékk Reyni Leósson í staðinn og ljóst að hann og Atli Sveinn munu skipa eitt sterkasta miðvarðarpar deildarinnar á komandi tímabili.

# *Ófaglegt að spá okkur öðru sæti*

„Þetta er ykkar spá, þið hljótið að hafa ykkar faglega mat á því,“ sagði Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, um spá Fréttablaðsins fyrir komandi tímabil.

„Það eru gríðarlega breytingar á okkar leikmannahópi. Mér þætti gaman að sjá hvernig þið komust að þessari niðurstöðu. 2. sætið er mjög sérstök niðurstaða og ófagleg.“

Hann segir að lið Vals sé óskrifað blað. „Við misstum mikið af mjög sterkum leikmönnum og þar á meðal kjarna af leikmönnum. Það gleðilega er að við erum búnir að fá sterka leikmenn þökk sé krafti og dugnaði stjórnarmanna félagsins. Það er svo mín ábyrgð að raða þessu saman í lið. Við höfum unnið vel í vetur, allir sem einn, að því að vera með gott og samkeppnishæft lið í sumar.“

„Það hefur eðlilega ekki verið að smella neitt sérstaklega vel á undirbúningstímabilinu. Við höfum átt góða kafla en þetta þekkir maður úr starfinu. Þetta tekur tíma.“

Hann bendir einnig á að nokkrir leikmenn hafi átt í meiðslum í vetur, eins og Guðmundur Viðar Mete og Viktor Unnar Illugason. „Svo misstum við Kristján Hauksson, sem setur strik í reikninginn. Hann var búinn að spila í vörn liðsins í allan vetur. En Fram bauð vel og ákveðið var að taka því boði.“

Valur missti tvo landsliðsmenn til Noregs á síðasta tímabili og alla útlendingana sína, fimm talsins. Leikmannahópurinn er þó sterkur á að líta eftir viðbætur vetrarins. Meðal þeirra sem Valsarar hafa fengið í vetur eru Reynir Leósson, Guðmundur Mete, Haraldur Björnsson, Ian Jeffs, Marel Baldvinsson, Ólafur Páll Snorrason, Pétur Georg Markan og Viktor Unnar Illugason.



> X-FAKTORINN

**Sóknarmennirnir** Helgi Sigurðsson, Marel Baldvinsson og Viktor Unnar Illugason eru allir sterkir í sínu fagi en hafa þó átt það til að meiðast á undanförnum misserum. Verði þeir heilir er ljóst að Valur mun tefla fram öflugri sóknarlínu.

AÐRIR LYKILMENN


BJARNI ÓLAFUR EIRÍKSSON


BALDUR AÐALSTEINSSON


BALDUR BETT

GENGI Á VORMÓTUNUM
Sigrar / Jafntefli / Töp




| GENGI SÍÐUSTU ÁRA | 2008 5. sæti í A-deild | 2007 1. sæti í A-deild | 2006 3. sæti í A-deild | 2005 2. sæti í A-deild | 2004 1. sæti í B-deild | 2003 10. sæti í B-d. |
|---|---|---|---|---|---|---|



**EINBEITTUR** Einar er oft líflegri á hliðarlínunni en þessi mynd sýnir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Einar Jónsson:

# Nú er það gull en ekki silfur

**HANDBOLTI** Einar Jónsson hefur framlengt samning sinn sem þjálfari kvennaliðs Fram til ársins 2011.

Einar hefur náð glæsilegum árangri með liðið sem hefur lent í öðru sæti síðustu tvö ár.

Hann var þó ansi pirraður eftir að hafa tapað 3-0 í úrslitum fyrir Stjörnunni. Sagðist vera búinn að fá nóg af því að horfa á önnur lið lyfta bikarnum á meðan hann fengi silfur.

„Nú er eitt á dagskrá og það er að taka gullið í öllu. Það er ekkert flókið,“ sagði Einar ákveðinn.

„Það er mikill metnaður hjá okkur og við ætlum alla leið næsta vetur,“ sagði Einar en félagið stefnir á að bæta við sig 2-3 leikmönnum.

Fram mun missa Söru Sigurðardóttur sem er á leið til Þýskalands. Hildur Knútsdóttir er á leið utan í nám og svo gæti Þórey Rósa Stefánsdóttir verið á leið til liðs í Danmörku.

Einnig á eftir að semja við Pövlu Nevarilovu en Annett Köbli verður líklegast ekki áfram. - hbg

Jón Arnór Stefánsson:

# Byrjaði á sigri með Benetton

**KÖRFUBOLTI Jón Arnór Stefánsson lék sinn fyrsta leik fyrir Benetton on Treviso í gær. Þá mætti liðið Bancateras Teramo sem er í þriðja sæti deildarinnar en Benetton er í því sjötta.**

**Leikur liðanna var jafn og hörkuspennandi. Benetton þó lengi vel með forystuna og virtist vera að klára leikinn þegar skammt var eftir. Þá kom Bancateras til baka og náði að jafna, 81-81, þegar skammt var eftir.**

**Benetton liðið tók við sér á ný og kláraði leikinn 85-82. Flott byrjun hjá liðinu með nýja liðsmanninn frá Íslandi.**

**Jón Arnór var í byrjunarliði Benetton í kvöld. Hann hefur þó oft leikið betur. Skoraði 2 stig, tók 2 fráköst og gaf eina stoðsendingu.**

**Jón hitti úr einu af þremur tveggja stiga skotum sínum. Hann reyndi tvisvar þriggja stiga skot án árangurs. - hbg**

# Ekki minn leikstíll að vera pen

**Dóra Stefánsdóttir og félagar í LdB FC Malmö eru á toppi sænsku deildarinnar eftir að hafa skorað 21 mark í síðustu þremur leikjum. Dóra er búin að ná sér af meiðslunum og spilaði allan síðasta leik.**

**FÓTBOLTI** Landsliðskonan Dóra Stefánsdóttir missti af upphafi tímabilsins í sænsku kvennadeildinni þegar hún meiddist aðeins tveimur vikum fyrir mót. Hún er komin aftur af stað, sem eru mjög góðar fréttir fyrir bæði lið hennar LdB FC Malmö sem og íslenska landsliðið.

„Ég kom inn á í tuttugu mínútur á móti Piteå og svo spilaði ég allan leikinn á móti Kristianstad. Ég var þá að spila á miðjunni á mínum stað og í sama kerfi og ég var að spila með landsliðinu. Það er frábært að komast aftur af stað,“ segir Dóra.

„Síðasti leikur var okkar besti leikur á tímabilinu hingað til. Við leggjum mikið upp úr sóknarleiknum og við erum með frábæra leikmenn í þeim stöðum,“ segir Dóra en LdB FC Malmö hefur skorað 21 mark í undanförnum þremur leikjum. „Markmiðið er að taka efsta sætið og fá gullið og bikarinn. Við erum alveg búnar að fara með það í fjölmiðlana,“ segir Dóra.

Fram undan eru samt erfiðir leikir við aðalkeppinautana um titilinn. „Allir leikir skipta máli en í maí erum við að fara að mæta öllum þessum stóru liðum. Við erum að fara inn í rosalegt leikjaprógramm þar sem við mætum Djurgården, AIK, Linköping og Umeå í einni röð. Nú reynir á liðið,“ segir Dóra.

Dóra er að spila sitt fjórða tímabil með LdB FC Malmö en fyrir ári var hún aðeins önnur tveggja íslenskra leikmanna í deildinni en núna eru þær orðnar níu. „Það er ýkt gaman að fá að spila á móti íslensku stelpunum. Ég er ánægð með að stelpurnar hafi skellt sér út og það hefur gengið vel hjá



**MEÐ LANDSLIÐINU** Dóra Stefánsdóttir í leik á móti Frökkum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

þeim öllum. Allar sem hafa verið að koma út eru að styrkja sín lið. Þær eiga eftir að styrkja sig lið enn meira og bæta sig líka sjálfar,“ segir Dóra.

Dóra er ánægð með að spila sína stöðu á miðjunni en hún hefur verið að spila úti um allan völl hjá Malmö. „Ég tel það minn helsta styrkleika að ég get spilað margar stöður. Um leið er alltaf meiri möguleiki á að fá að spila. Maður er í samkeppni við háklassa leikmenn frá sínum löndum,“ segir Dóra og bætir við:

„Maður hefur betri tilfinningu fyrir því hvar hinar eru á vellinum þegar maður hefur spilað fleiri stöður. Ég kippi mér ekkert upp við það hvar ég spila og er bara ánægð ef ég er inni á vellinum,“ segir Dóra.

Dóra viðurkennir að það hafi verið áfall að meiðast rétt fyrir mót enda er fram undan spennandi sumar þar sem landsliðið tekur þátt í sínu fyrsta stórmóti.

„Þetta var nokkrum dögum eftir Algarve-bikarinn, það hafði gengið rosalega vel þar og ég var komin í gott leikform. Ég var að spila alla leiki í byrjunarliðinu þegar þetta gerðist og það var að sjálfsögðu pínu sjokk að detta út tveimur vikum fyrir mót,“ segir Dóra.

„Ég ákvað strax að vera jákvæð og hugsaði að þetta myndi styttast með hverjum deginum. Ég æfði mjög vel og reyndi að taka þessu rólega og reyna ekki að stressa mig of mikið. Þeir sögðu við mig sex til átta vikur og í síðasta leik á móti Kristianstad voru liðnar sex eða sjö vikur og ég búin að spila heilan leik. Það gekk miklu betur en ég þorði að vona,“ segir Dóra. Hún ætlar ekkert að spara sig í næstu leikjum þrátt fyrir þennan meiðslaskrekk.

„Minn leikstíll er að gefa allt mitt í þetta. Ef ég ætla að vera eitthvað pen þá er ég búin að tapa því sem ég hef,“ segir Dóra.

Dóra sleppti landsleiknum á móti Hollandi á dögunum en einbeitti sér þess í stað að því að ná sér hundrað prósent góðri.

„Það er ömurlegt að missa af landsleikjum en það er ekki hægt að taka áhættu þegar það er svona stórt sumar fram undan. Næsta verkefni er í júlí þegar við spilum við England og Danmörku en núna er maður bara að einbeita sér að Malmö,“ sagði Dóra að lokum.

ooj@frettabladid.is

Guðjón Finnur Drengsson og Jóhann Gunnar Einarsson búnir að semja við þýska félagið Kassel:

# Ég verð seint ríkur á þessum samningi

**HANDBOLTI** Það heldur áfram að kvarnast úr karlaliði Fram því þeir Guðjón Finnur Drengsson og Jóhann Gunnar Einarsson hafa ákveðið að spila með liðinu á næstu leiktíð.



Kassel leikur í þýsku C-deildinni og er stýrt af Íslendingnum Aðalsteini Reyni Eyjólfssyni sem náði mögnuðum árangri í þjálfun kvennaliða áður en hann hélt utan til Þýskalands.

Aðalsteinn hefur einnig verið að ná afar eftirtektarverðum árangri með þýska liðið og það verið á mikilli silgingu síðan hann tók við stjórnartaumunum.

Mikill metnaður er hjá eigendum félagsins sem ætla sér að koma því upp í deild þeirra bestu á sem skemmstum tíma.

Fyrir utan þessa tvo leikmenn mun Fram einnig sjá á bak Rúnari Kárasyni sem hefur samið við þýska liðið Fuchse Berlin. Svo er Brjánn Guðni Bjarnason líklega á leið inni utan í nám.

„Þetta er bara afar spennandi og það er tilhlökkun í okkur að fara til Þýskalands,“ sagði Guðjón Finnur en hann skrifaði undir samninginn fyrir nokkru síðan.

„Ég er búinn að spila með Fram allt mitt líf og það er gaman að athuga hvort það sé ekki skemmtilegt að spila handbolta einhvers staðar annars staðar.

Ég verð seint ríkur á þessum samningi enda þarf ég líka að vinna einhverja tíma með þessu. Það er í góðu lagi enda finnst mér ekkert að því að vinna og hef unnið við ýmislegt um ævina. Ég væri þess vegna til í að moka skurði eða grafir,“ sagði Guðjón léttur en hann heldur utan ásamt konu og fjögurra ára dóttur í lok júní.

Þriðji Íslendingurinn er einnig á leið til félagsins en það er Daníel Berg Grétarsson, fyrrum leikmaður Fram en hann lék með Aftureldingu í vetur. Það verður því íslenskt stemning hjá Kassel næsta vetur. - hbg



**TIL KASSEL** Þeir Jóhann Gunnar og Guðjón fara til Þýskalands í sumar.



4 ára
Wilson's PIZZA
Afmælis tilboð
gildir 4.-10. maí
16" pizza
m/ 2 áleggstegundum
ostabrauðstangir, sósa,
2 L Pepsi og Haribo mix
nammipoki
aðeins kr.
1990
HARIBO
Click MIX
Nýtt
3 x Cookies
sértilboð aðeins kr.
299
mmm... verður
að smakka!
Ómissandi
eftirréttur...
Wilson's PIZZA
PEPSI MAX
Við sendum þér sms
þegar pizzan fer í ofninn
3 staðir 1 símanúmer
581 15 15
Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum 15 og Eddufelli 6



**Í DHL-HÖLLINNI** Sigurður Ingimundarson sést hér á hliðarlínunni með Keflavík gegn KR. Þetta gæti orðið hans heimavöllur næsta vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

KR-ingar vilja fá Sigurð til að leysa Benedikt af hólmi:

# Ekkert öruggt í bransanum

**KÖRFUBOLTI** „Sigurður er ákaflega hæfur þjálfari og myndi sóma sér vel í Vesturbænum. Hann er eini Íslendingurinn sem kemur til greina í starfið. Það þola líka ekki allir pressuna í Vesturbænum en Sigurður myndi þola hana,“ sagði Böðvar Guðjónsson, formaður körfuknattleiksdeildar KR, um Sigurð Ingimundarson, þjálfara Keflavíkur og landsliðsins.

Böðvar staðfesti að hafa átt óformlegar viðræður við Sigurð um að taka við karlaliði félagsins af Benedikt Guðmundssyni.

Sigurður er enn samningsbundinn Keflavík en neitaði því ekki að hann gæti fengið sig lausan.

„Ég hef aðeins rætt við KR-ingana en það var ekkert formlegt. Ég er enn samningsbundinn Keflavík og ekkert annað sem stendur í stöðunni en að ég verði áfram með liðið,“ sagði Sigurður dulur en hefur hann áhuga á að þjálfa KR?

„Ég er náttúrlega bara þjálfari og hef gaman af því að þjálfa, hvar sem það er. Það kíkja allir í kringum sig og ég hef gert það áður. Samt hef ég alltaf komist að þeirri niðurstöðu að vera áfram í Keflavík,“ sagði Sigurður, en getur hann lýst því yfir afdráttarlaust að hann verði áfram í Keflavík?

„Það er ekkert öruggt í þessum bransa,“ sagði Sigurður Ingimundarson að lokum. - hbg



**ÓLAFUR INGI** Er að komast á lappir á nýjan leik.

Ólafur Ingi Skúlason:

# Spilar aftur í næstu viku

**FÓTBOLTI** Ólafur Ingi Skúlason er allur að koma til eftir erfið meiðsli og byrjar að spila með varaliði Helsingborg í Svíþjóð í næstu viku.

Hann sleit krossband í hægra hné í september síðastliðnum og hann gerði slíkt hið sama vinstra megin árið 2005. Þá var hann frá í tíu mánuði en nú fer hann af stað sjö mánuðum eftir aðgerðina.

„Ég hef verið að æfa undanfarnar fjórar vikur en verið hálfgert súkkulaði á æfingum. En nú í vikunni fékk ég grænt ljós frá læknum liðsins að ég mætti beita mér að fullu aftur,“ sagði Ólafur Ingi.

„Ég spila með varaliðinu til að byrja með og svo munum við sjá til. Ég tel það bónus ef ég næ leik með aðalliðinu áður en deildin fer í frí í júní næstkomandi.“

Ítarlegt viðtal við Ólaf Inga má finna á Vísi.is. - esá



**JOHN TERRY** Sýndi að hann er drengur góður eftir leikinn gegn Barcelona. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Þjálfari Barca um John Terry:

# Hann er heiðursmaður

**FÓTBOLTI** Pep Guardiola, þjálfari Barcelona, hrósaði John Terry, fyrirliða Chelsea, eftir leik liðanna í meistaradeildinni í gær.

Viðbrögð leikmanna Chelsea við dómgæslunni í gær hafa verið fyrirferðarmikil í fjölmiðlum í dag þar sem Didier Drogba hefur fengið mest pláss eftir glórulausa hegðun sína eftir leikinn.

Minna hefur þó farið fyrir því sem fyrirliðinn John Terry gerði eftir leikinn, en hann gerði sér ferð inn í búningsklefa Barcelona þegar honum rann reiðin og tók í hönd allra leikmanna og þjálfara spænska liðsins.

„Ég vil þakka John Terry fyrir að koma inn í klefann hjá okkur og óska okkur til hamingju. Hann er sannur heiðursmaður,“ sagði Guardiola.

Barcelona-mennirnir klöppuðu fyrir Terry þegar hann fór út úr klefanum. - bb



Norski dómarinn Tom Henning Øvrebø fer varla í sumarfrí til London:

# Smyglað úr landi í lögreglufylgd

**FÓTBOLTI** Norski dómarinn Tom Henning Øvrebø stóð í stórræðum á miðvikudagskvöld. Eftir leik Chelsea og Barcelona þurfti hann að skipta um hótel og lögreglan þurfti að fylgja honum úr landi. Óttast var að stuðningsmenn Chelsea myndu taka málin í sínar hendur eftir leikinn.

Leikmenn Chelsea voru bálreiðir út í Øvrebø og töldu hann hafa kostað liðið sigurinn. Didier Drogba og Michael Ballack gengu hvað lengst í mótmælum sínum.

Barcelona komst eins og kunnugt er áfram í Meistaradeildinni en Chelsea vildi fá allt að fjórar vítaspyrnur í leiknum og hefði að ósekju mátt fá að minnsta kosti tvær slíkar.

Lögreglan í Ósló hefur einnig fylgst náið með hótunum sem hafa verið gerðar í garð Øvrebø á netinu. Meðal þeirra eru líflátshótanir.

„Við höfum fylgst grannt með því sem hefur verið skrifað á netinu. Allt sem hægt er að túlka sem ógnun við hans öryggi verður tekið mjög alvarlega,“ sagði talsmaður lögreglunnar.

Honum bárust fjölmargar hótanir á netinu nú í gærmorgun, ekki síst á vefsamfélaginu Facebook. Nægir að slá inn nafn norska dómarans í leitarstiku Facebook til að sjá hvaða hópar (e. groups) hafa verið stofnaðir um Øvrebø.

Flestir hafa þann tilgang að lýsa vonbrigðum sínum með dómarann, fá hann rekinn eða hreinlega dauðan.

Einn hópurinn ber nafnið „KILL TOM HENNING OVREBO“, annar „TOM HENNING OVREBO MUST DIE“ og svo framvegis.

Einn ákvað að klæða Øvrebø í búning Barcelona en flestir láta sér þó nægja að lýsa óánægju sinni með frammistöðu dómarans í leik Chelsea og Barcelona í gær.

- esá



**ÓVINSÆLL** Stuðningsmenn Chelsea munu aldrei gleyma Tom Henning Øvrebø. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



**HLJÓP Á SIG** Bosingwa sá eftir ummælum sínum. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Jose Bosingwa:

## Dró ummæli sín til baka

**FÓTBOLTI** Bakvörðurinn Jose Bosingwa hjá Chelsea sér eftir því að hafa kallað norska dómarann Tom Henning Ovebro þjóf eftir tap liðsins gegn Barcelona í meistaradeildinni í gær.

Leikmenn Chelsea voru brjálaðir yfir frammistöðu Norðmannsins eftir leikinn í gær og vildu meina að þeir hefðu átt að fá fjórar vítaspyrnur í leiknum.

Bosingwa lýsti því yfir í viðtali við portúgalska sjónvarpsstöð að hann vissi ekki hvort dómarinn væri dómari eða þjófur, því hann hefði rænt enska liðið farseðlinum í úrslitaleikinn.

„Við vorum allir vonsviknir og svekktir eftir leikinn, en ég sé eftir því að hafa kallað dómarann þjóf. Ég hef hugsað málið betur og mig langar að draga þessi orð mín til baka,“ sagði Bosingwa í samtali við portúgalska fjölmiðla í dag.

- bb

Felix Magath:

## Tók tilboði hæstbjóðanda

**FÓTBOLTI** Það er ekki á hverjum degi sem menn í íþróttaheiminum viðurkenna að peningar hafi ráðið miklu um ákvarðanir þeirra. Það gerir hins vegar þjálfarinn Felix Magath í Þýskalandi.

Magath er þjálfari Wolfsburg en hefur ákveðið að rifta samningi sínum við félagið ári áður en hann rennur út og taka við Schalke þann 1. júlí í sumar.

Magath segist hafa náð öllum sínum markmiðum með Wolfsburg en neitar ekki að peningarnir sem Schalke veifaði framan í hann hafi ráðið miklu.

„Við erum atvinnumenn og þetta snýst allt um peninga - allt annað er þvættingur,“ sagði Magath.

Stuðningsmenn liðsins eru afar óhressir með þessa ákvörðun þjálfarans og harma að hann sé að fara frá liðinu þó hann geri það jafnvel að þýskum meistara í fyrsta sinn í sögu félagsins. Magath lætur sér fátt um finnast.

- bb





Gott í MATINN

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA -09-0192

SÓSUKOKKAR ATHUGIÐ!

Nú eru gráðaostur og piparostur fáanlegir í handhægum plastöskjum. Sparaðu tíma og fyrirhöfn við að rífa niður þessa sígildu sósuosta og galdraðu fram fljótandi meistaraverk.

Kjúklingur
MEÐ SINNEPSSÓSU OG SÆTKARTÖFLUGRATÍNI



KJÚKLINGUR
6 stk. kjúklingabringur
3 dl sýrður rjómi
2 msk. sætt sinnep
1 msk. dijon sinnep
3 dl kornflögur
salt og nýmulinn svartur pipar

SÆTKARTÖFLUGRATÍN
1 kg sætar kartöflur
1 stk. meðalstór laukur
100 gr. beikon
4 dl rjómi
100 gr. piparostur rifinn
200 gr. gratínostur
salt

Takið skinnið af bringunum og setjið í smurt form kryddið með salti og nýmuldum svörtum pipar. Blandið saman sýrðum rjóma og sinnepi og smyrjið yfir kjúklinginn. Stráið því næst muldum kornflögum yfir svo þær hylji kjúklinginn vel . Bakið við 185° í u.þ.b. 30 mín eða þar til bringurnar eru gegnumsteiktar. Berið fram með sætkartöflugratíni og fersku brokkolí.

Skrælið og skerið sætar kartöflur í teninga og saxið laukinn. Setjið í eldfast mót. Steikið beikon á pönnu og hellið rjóma yfir, bætið í rifnum piparosti, blandið vel saman, hellið rjómablöndunni yfir kartöflurnar og stráið loks gratínosti yfir. Bakið við 175° í 30–40 mín.



Við sósugerð er mikilvægt að hræra alltaf með jöfnum hraða og mynda áttu með sósupískinum. Þannig næst árangur.

www.ms.is/gottimatinn



> **Jennifer Connelly**

„Þegar ég sé sjálfa mig í kvikmyndum þá finnst mér það ekki vera ég heldur einhver önnur manneskja.“

***Connelly fer með hlutverk í myndinni Dökkt vatn (Dark Water) sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON HOPPAÐI HÆÐ SÍNA AF KÆTI

# *Norskur svikabragur á meistaradeildarkvöldi*

Þegar milljarðalið Chelsea mætir á Anfield og leikur við Liverpool taka stuðningsmenn Rauða hersins yfirleitt á móti þeim með einföldum söng. „You have no history“, kyrja þeir og drepa þannig niður stolt stuðningsmanna bláa liðsins yfir velgengni undanfarinna ára. Lið Chelsea átti vissulega sitt blómaskeið fyrir hálfri öld eða svo en liðinu hefur vaxið fiskur um hrygg eftir að moldríkur Rússi ákvað að fara í Championship Manager með alvöru leikmönnum.

Þess vegna sló hjartað á miðvikudagskvöldinu með Barcelona þegar liðin reyndu að tryggja sér sæti í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu gegn Manchester United. Þetta forna stórveldi frá Katalóníu, sem borgar UNICEF fyrir auglýsinguna á búningi þess, sem háði harða baráttu við einræðisherrann Franco þegar hann tók ástfóstri við Real Madrid, hefur alltaf átt sérstakan stað í hjarta mínu. Kannski vegna þess að liðið leikur yfirgengilega skemmtilega knattspyrnu. Kannski vegna þess að Michael Laudrup lék eitt sinn með liðinu. En það voru hvorki Frank Lampard né Lionel Messi sem skráðu nöfn sín í sögubækurnar því norski dómarinn Tom Henning Övrebo sá til þess að leiksins yrði ætíð minnst fyrir blindu og sérstaka kunnáttu á því hvað má og hvað má ekki í fótbolta.

Af einhverjum undarlegum ástæðum vorkenndi ég leikmönnum Chelsea þó ekki neitt. Og hef ég þó verið duglegur við að taka upp hanskann fyrir þá sem eru órétti beittir. Viðbrögð þeirra við vítaspyrnuleysinu sýndu að þeir áttu vart skilið að komast í úrslitin. Því sannur sigurvegari er ekki dæmdur af því hvernig hann tekur við gullverðlaunum og bikurum heldur er hann fyrst og fremst metinn af því hvernig hann bregst við ósigri. Og liðsmenn Chelsea sýndu það og sönnuðu að þeir eru ekki sigurvegarar, heldur bara milljarðalið frá London.



**SENUÞJÓFUR** Andreas Iniesta hefði átt að vera stjarna kvöldsins en dómarinn Tom Henning Övrebo stal senunni með ótrúlegri blindu.

## FÖSTUDAGUR



▶ **19.15 Auddi og Sveppi** STÖÐ 2



▶ **20.00 The Sopranos** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.00 PGA Tour 2009, beint** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.15 Talið í söngvakeppni** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00 Spjallið með Sölva** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**15.20 Meistaradeildin í hestaíþróttum** (e)

**15.50 Leiðarljós** (e)

**16.30 Leiðarljós** (e)

**17.10 Táknmálsfréttir**

**17.20 Spæjarar** (17:26)

**17.42 Músahús Mikka** (54:55)

**18.05 Sápugerðin** (Moving Wallpaper) (1:12) Leikin bresk gamanþáttaröð um framleiðslu sápuóperunnar Bergmálsstrandar sem sýnd er á eftir þættinum. (e)

**18.30 Bergmálsströnd** (Echo Beach) (1:12) Bresk sápuópera um Susan og Daniel, fyrrverandi kærustupar í strandbænum Polnarren á Cornwall-skaga. (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.15 Talið í söngvakeppni** (3:3) Upphitun fyrir Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva sem fram fer í Moskvu 12.-16. maí.

**20.45 Vaskir varðliðar** (The B.R.A.T. Patrol) Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1986 um krakka sem komast að ráðabruggi um að stela dýrmætum tækjum úr herstöð. Aðalhlutverk: Sean Astin og Tim Thomerson.

**22.20 Dökkt vatn** (Dark Water) Bandarísk bíómynd frá 2005. Nýfráskilin kona flyst með dóttur sína í hrörlega íbúð og þar gerast undarlegir atburðir. Aðalhlutverk: Jennifer Connelly, John C. Reilly, Ariel Gade, Tim Roth og Dougray Scott. (e)

**00.05 Söngvaskáld** (Björn Jörundur) (e)

**00.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**06.25 Fíaskó**

**08.00 Who Framed Roger Rabbit**

**10.00 Nanny McPhee**

**12.00 Batman & Robin**

**14.00 Fíaskó**

**16.00 Night at the Museum**

**18.00 Nanny McPhee**

**20.00 Batman & Robin**

**22.00 So I Married an Axe Murderer**

**00.00 House of the Dead**

**02.00 Die Hard**

**04.10 So I Married an Axe Murderer**

**06.00 She's the One**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone krakkarnir, Litla risaeðlan, Hlaupin og Nornafélagið.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Project Runway** (14:15)

**11.00 Extreme Makeover. Home Edition** (2:25)

**11.50 60 mínútur**

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (185:260)

**13.25 Wings of Love** (56:120)

**14.10 Wings of Love** (57:120)

**14.55 Wings of Love** (58:120)

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Saddle Club og Nornafélagið.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** Rachel kemur sér í vandræði þegar hún fer í atvinnuviðtal á laun á veitingastað en lendir á borði við hliðina á yfirmanni sínum. Phoebe er að hugsa um að breyta eftirnafninu sínu í eitthvað meira spennandi. Joey finnst hann einn og yfirgefinn þar sem Monica og Chandler eru í fasteignahugleiðingum.

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

▶**19.15 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.

**20.00 Idol stjörnuleit** (12:14) Úrslitin eru nú hafin í Smáralindinni og það er á valdi áhorfenda að skera úr um hverjir komast áfram með símakosningu.

**21.10 Stelpurnar** Það er óhætt að segja að Stelpurnar hafi slegið í gegn með nýstárlegu gríni og glensi en vinsældir þeirra virðast ekkert ætla að dvína.

**21.35 Idol stjörnuleit** Niðurstöður símakosningar í Idol stjörnuleit kunngjörðar og þar með upplýst hver fellur úr leik að þessu sinni.

**22.00 Parenthood**

**00.00 In the Mix**

**01.35 Hustle & Flow**

**03.30 One Last Ride**

**04.55 Stelpurnar**

**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 HSV - Werder Bremen** Útsending frá leik í Evrópukeppni félagsliða.

**15.25 Shakhtar Donetsk - Dynamo Kyiv** Útsending frá leik í Evrópukeppni félagsliða.

**17.05 Upphitun** Hitað upp fyrir Úrvalsdeild karla. Íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport rýna í sumarið framundan ásamt sérfræðingum.

**18.05 Fréttaþáttur spænska boltansH** Hver umferð fyrir sig skoðuð í bak og fyrir. Leikir helgarinnar skoðaðir og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**18.35 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**

**19.05 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.

**19.30 Barcelona** Sýnt frá æfingum liðanna fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Barcelona.

▶**20.00 PGA Tour 2009** Bein útsending frá The Players Championship mótinu í golfi.

**23.00 Ultimate Fighter - Season 9** Allir fremstu bardagamenn heims mæta til leiks og keppa um titilinn The Ultimate Fighting Champion.

**23.45 NBA 2008/2009 - Playoff Games** Bein útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**15.20 Portsmouth - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**17.00 Chelsea - Fulham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**18.40 Preston - Sheffield Utd.** Bein útsending frá fyrri leik í undanúrslitum ensku 1. deildarinnar.

**20.50 Premier League World** Enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.

**21.20 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum. Farið yfir viðureignir helgarinnar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**21.50 PL Classic Matches** Svipmyndir frá leik Norwich og Southampton leiktíðina 1993-1994.

**22.20 PL Classic Matches** Svipmyndir frá leik Liverpool og Blackburn leiktíðina 1994-1995.

**22.50 Premier League Preview**

**23.20 Preston - Sheffield Utd** Útsending frá fyrri leik í undanúrslitum ensku 1. deildarinnar.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**07.20 Game Tíví** (14:15) (e)

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Óstöðvandi tónlist**

**12.00 Game Tíví** (14:15) (e)

**12.40 Óstöðvandi tónlist**

**17.35 Rachael Ray**

**18.20 Káta maskínan** (13:13) (e)

**18.50 The Game** (6:22)

**19.15 One Tree Hill** (15:24) (e)

**20.05 Ljósmyndaleikur Iceland Express** (5:5) (e)

**20.10 Survivor** (11:16) Bandarísk raunveruleikasería þar sem venjulegt fólk þarf að þrauka í óblíðri náttúru og keppa innbyrðis þar til aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari.

▶**21.00 Spjallið með Sölva** (12:12) Nýr og ferskur umræðuþáttur, þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spyr þá spjörunum úr.

**22.00 Battlestar Galactica** (12:20) Framtíðarþáttaröð þar sem fylgst með klassískri baráttu góðs og ills. Þessir þættir hafa fengið frábæra dóma og tímaritin Time og The Rolling Stone hafa sagt hana bestu þáttaröðina sem sýnd er í sjónvarpi.

**22.50 Painkiller Jane** (13:22) Spennandi þáttaröð um ódrepandi hörkukvendi. Jane Vasko er lögreglukona sem boðið er starf með leynilegri sérsveit sem berst við hættulegt fólk með yfirnáttúrlega hæfileika.

**23.40 Law & Order. Criminal Intent** (7:22) (e)

**00.30 Brotherhood** (1:10) (e)

**01.20 The Game** (2:22) (e)

**01.45 The Game** (3:22) (e)

**02.10 Jay Leno** (e)

**03.50 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Heimstjórn stöðvarinnar; Jón Kristinn Snæhólm, Hallur Hallsson og Ármann Kr. Ólafsson ræða stöðu stjórnmála.

**21.00 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm ræðir við ferðafrömuði um ferðamannalandið Ísland.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


LÍNAN

LAGERSALA AKRALIND 9

VIÐ HÖFUM DREGIÐ SAMAN SEGLIN TÍMABUNDIÐ OG LOKAÐ VERSLUNINNI Í BÆJARLIND. VIÐ MUNUM EINGÖNGU SELJA VÖRUR OKKAR Á LAGERSÖLU Í AKRALIND 9

EINGÖNGU OPIÐ UM HELGAR

LÍTIL YFIRBYGGING = LÆGRA VERÐ







OPIÐ UM HELGINA
FÖSTUDAG 12 - 18
LAUGARDAG 12 - 16
SUNNUDAG 13 - 16

sófar - sófasett - stólar - sófaborð - borðstofuborð - eldhúsborð
eldhússtólar - sjónvarpsskápar - skápar - púðar - vasar

ALLAR VÖRUR Á 40 - 50% AFSLÆTTI

Akralind 9
201 Kópavogur
Sími 553 7100
www.linan.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.00

**Idol-stjörnuleit**

Það er komið að æsispennandi undanúrslitum í Idol-stjörnuleit. Þrjár stórglæsilegar söngkonur etja kappi og er þema kvöldsins Eurovision. Það eru þær Lísa, Hrafna og Anna Hlín sem stíga á svið í Smáralindinni á morgun – og allar eiga þær möguleika á að sigra í Idol-keppninni og verða tveimur milljónum króna ríkari. Gestur í þættinum verður Eiríkur Hauksson og verður hann sérstakur álitsgjafi ásamt því að koma fram og flytja gamla GCD-lagið Sumarið er tíminn. Sem fyrr ráðast úrslitin í símakosningu og er nánari upplýsingar að finna á Idol-vefnum á Vísi.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Parenthood**

### Stöð 2 kl. 22.00

Sígild gamanmynd frá leikstjóranum Ron Howard með Steve Martin í aðalhlutverki. Steve leikur föður í stórri og vægast sagt skrautlegri fjölskyldu sem lætur ekkert sérlega vel að hans stjórn. Gildir þar einu hvort um er að ræða börnin, unglingana, furðulegu frænkuna eða afa gamla.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin heldur áfram
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Höfuðlausn
**15.30** Stofukonsert
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Fimm fjórðu
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stjörnukíkir
**21.10** Flakk
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.15 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru.
**16.45 Hollyoaks** (184:260)
**17.15 Hollyoaks** (185:260)
**17.40 The Sopranos** (11:13)
**18.30 Lucky Louie** (7:13) Bráðskemmtilegir gamanþættir um draumóramanninn Louie og hans skrautlega fjölskyldulíf.
**19.00 Hollyoaks** (184:260)
**19.30 Hollyoaks** (185:260)
▶**20.00 The Sopranos** (11:13) Fjölskyldumaðurinn og mafíuforinginn Tony Soprano hefur átt mikillar velgengni að fagna í starfi og á góða fjölskyldu. Þrátt fyrir það er hann þjáður á sálinni og á stöðugt í vandræðum með að finna jafnvægi milli vinnu og einkalífs.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.00 The Mentalist** (13:23) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína. Þrátt fyrir það er hann ekki í náðinni hjá lögreglunni, ekki síst fyrir það að hafa aflar sér frægðar sem sjónvarpsmiðill.
**22.45 Twenty Four** (15:24) Ný ógn steðjar nú að bandarísku þjóðinni og heimsbyggðinni allri og Jack Bauer er að sjálfsögðu sá eini sem er fær um að bjarga málunum.
**23.30 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.
**00.00 Lucky Louie** (7:13)
**00.30 Fréttir Stöðvar 2**
**01.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.05** Jonathan Creek **10.55** Jonathan Creek **11.45** My Hero **12.15** The Weakest Link **13.00** EastEnders **13.30** My Hero **14.00** Blackadder the Third **14.30** The Weakest Link **15.15** Jonathan Creek **16.05** Jonathan Creek **16.55** My Hero **17.25** The Weakest Link **18.10** My Hero **18.40** Blackadder the Third **19.10** Rob Brydon's Annually Retentive **19.40** Lead Balloon **20.10** Extras **20.40** The Catherine Tate Show **21.10** Rob Brydon's Annually Retentive **21.40** Lead Balloon **22.10** Extras **22.40** The Catherine Tate Show **23.10** My Hero **23.40** Blackadder the Third **00.10** Rob Brydon's Annually Retentive

## DR 1

**10.10** OBS **10.20** Mission. Baby **10.50** DR1 Dokumentaren **11.50** Søren Ryge præsenterer **12.20** Hun så et mord **13.45** Brugte løver **15.30** Sigurds Bjørnetime **16.00** Når gorillaen bygger rede **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Cirkusrevyen 2007 **19.00** TV Avisen **19.15** Det bli'r ikke bedre **21.30** Undercover **23.10** Conviction **23.50** Boogie Mix

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Migrapolis **10.40** En dannelsesreise i seks akter **11.00** NRK nyheter **11.05** Berlin, Berlin **11.30** Danske vidundere **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** Frilandshagen **13.00** NRK nyheter **13.05** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Dyrisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Ugleskogen **16.10** Mamma Mirabelle viser film **16.25** Tøfferud **16.35** Lykke er **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Showbiz. Finale **18.55** Nytt på nytt **19.25** Grosvold **20.10** Detektiv Jack Frost **21.00** Kveldsnytt **21.15** Detektiv Jack Frost **22.00** Friidrett. Qatar Super Grand Prix **22.55** Bill. mrk. The Monkees

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Debatt **10.50** Flyttlasset går **11.20** Mat och grönt på Friland **12.10** Rania, drottningen av Youtube **13.00** Babben & co **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Niklas mat **15.25** Mitt i naturen **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Så ska det låta **19.00** Panic Room **20.50** Kulturnyheterna **21.05** The Upside of Anger **23.00** Rania, drottningen av Youtube **23.50** Sändningar från SVT24




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er Gullfoss á Radisson SAS-hótelinu. Þeir eru með hádegisverðartilboð á kræklingi í skel sem er algjör snilld. Þetta er hollt, gott og ódýrt.“*

Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir leikkona

# Jörundur Ragnarsson lokaður inni

„Mér líst bara ljómandi vel á þetta, fyrsti dagurinn gekk vel og ég held að okkur eigi bara eftir að takast vel upp,“ segir leikarinn Jörundur Ragnarsson. Tökur á Fangavaktinni hófust á miðvikudag, búið er að byggja fangelsi í upptökuveri úti í bæ en eins og komið hefur fram í fjölmiðlum mun þriðja og síðasta þáttaröðin um þá Daníel, Ólaf Ragnar og Georg gerast að mestu leyti á Litla-Hrauni. Jörundur var að koma sér vel fyrir í fangaklefanum sínum þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði og virtist ekkert sérstaklega hrifinn af vistarverunum.

Leikarar Fangavaktarinnar hafa verið tíðir gestir á hinu raunverulega Litla-Hrauni og Jörundur kveðst hafa rætt við nokkra fanga þar inni til að undirbúa sig sem best fyrir hlutverkið. „Ég lét þó ekki loka mig inni, mér fannst alveg nóg að sjá aðra lokaða inni.“

Jörundur hefur nú verið Daníel í ein þrjú ár, nánast samfleytt. Og sú törn sem nú gengur í garð verður sú lengsta og mesta. Því um leið og tökum á sjónvarpsþáttunum er lokið hefst undirbúningur og gerð kvikmyndarinnar, Bjarnfreðarson. „Það verður gott að klára þetta og kveðja þessa karaktera, ekki það að ég sé kominn með leiða á þeim, allir góðir hlutir verða bara að taka einhvern enda,“ segir Jörundur.

Og frændi Jörundar, stórleikarinn Ingvar E. Sigurðsson, leikur einnig í seríunni, er fangi á Hrauninu sem tekur Jörund að sér á fyrstu dögunum. „Og svo þróast samband þeirra á óútreiknanlegan hátt sem ég ætla að segja sem minnst um,“ segir Jörundur og er ljóst að aðdáendur Vakt-þáttanna mega búast við öllu í þessari síðustu seríu. **- fgg**



**LOKAÐUR INNI** Jörundur Ragnarsson virðir fyrir sér vistarverurnar á Litla-Hrauni en tökur á Fangavaktinni hófust á miðvikudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**LÁRÉTT**
**2.** hvetja, **6.** tveir eins, **8.** bók, **9.** sjór, **11.** tveir eins, **12.** ofan á brauð, **14.** verður, **16.** skóli, **17.** ferð, **18.** meðvitundarleysi, **20.** grískur bókstafur, **21.** fyrr.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þurrka út, **3.** tveir eins, **4.** vitsmunamissir, **5.** sigað, **7.** hjáguð, **10.** skammstöfun, **13.** gifti, **15.** hljómsveit, **16.** af, **19.** í röð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** örva, **6.** ff, **8.** rit, **9.** mar, **11.** tt, **12.** álegg, **14.** skalt, **16.** fg, **17.** för, **18.** rot, **20.** pí, **21.** áður.
**LÓÐRÉTT: 1.** afmá, **3.** rr, **4.** vitglöp, **5.** att, **7.** falsgoð, **10.** rek, **13.** gaf, **15.** tríó, **16.** frá, **19.** tu.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Illugi Gunnarsson.
2. Andrés Iniesta.
3. Nítján plötum.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

SIGMAR GUÐMUNDSSON: FATALAUS SJÓNVARPSSTJARNA Í MOSKVU

# Kjóll Jóhönnu Guðrúnar vakti athygli á stóra sviðinu

Kjóllinn sem Jóhanna Guðrún mun klæðast í forkeppni Eurovision á þriðjudagskvöld vakti mikla athygli á æfingum í Moskvu í gær. Mikil leynd hefur hvílt yfir honum en það er fatahönnunartvíeykið Andersen & Lauth sem á heiðurinn að honum. Óhætt er hægt að segja að frumsýningin á honum hafi gengið vonum framar því erlendir blaðamenn stóðu nánast á öndinni yfir glæsileika íslensku Eurovision-stjörnunnar. Fjölmargir bláir litir prýða hann og steinar en hann þykir nokkuð mikill um sig að neðan en er þröngur að ofan. Mátti nánast heyra saumnál detta þegar Jóhanna birtist fyrst á sviðinu í dressinu sem skiptir ekkert minna máli en lagið sjálft. Sjálf var Jóhanna hæstánægð þegar Fréttablaðið náði af henni tali: „Þetta gekk alveg frábærlega vel og ég gæti ekki verið ánægðari. Það hefur allt gengið eins og í sögu og við erum mjög vel undirbúin. Ég hef ekki heyrt annað en lof og hrós fyrir kjólinn.“

Ekki hafa allir Moskvufarar hins vegar verið eins heppnir með föt sín og stjarnan Jóhanna. Sigmar Guðmundsson sjónvarpsmaður, sem lýsir keppninni beint á RÚV, var svo óheppinn að farangurinn hans varð eftir í London. „Þetta er bara svona, vonandi kemst hann til skila í kvöld,“ segir sjónvarpsmaðurinn

En það voru ekki bara föt Sigmars sem urðu eftir á Heathrow-flugvellinum. Kjóll sem Jóhanna Guðrún hugðist nota fyrir vegleg samkvæmi var nefnilega meðal þeirra hluta sem sjónvarpsmaðurinn átti að flytja frá Íslandi til Rússlands. „Sem betur fer, eða svo skilst mér, er þetta ekki keppniskjóllinn, þá hefði verið verulega illt í efni,“ útskýrir Sigmar og er augljóslega létt. Hann segist reyndar sjá mest eftir nikótínúðanum sem hafi verið pakkað niður í Reykjavík því ekki sé hægt að fjárfesta í slíkum varningi þar ytra. Til að bæta gráu ofan á svart er Rússland mikið skriffinnskuveldi og það er ekkert grín að týna ferðatöskum. „Nei, mér leið eins og ég væri að sækja um ríkisborgararétt, þurfti að fylla út einhverjar fjörutíu til fimmtíu skýrslur í þríriti en það verður vonandi til þess að blessuð taskan kemst í réttar hendur.“ **freyrgigja@frettabladid.is**



**Í KEPPNISKJÓLNUM Á ÆFINGU** Jóhanna Guðrún æfði í kjólnum eftir Andersen & Lauth í fyrsta skipti í gærkvöldi. Æfingin gekk vel og vakti íslenski hópurinn sem fyrr talsverða athygli. Jóhönnu var mikið hrósað fyrir kjólinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ALMA



**FATALAUS OG ÁN NIKÓTÍNÚÐA** Sigmar Guðmundsson verður að treysta á guð og lukkuna ef taskan með fötunum hans á að komast til skila. Samkvæmiskjóll Jóhönnu var meðal þeirra muna sem Sigmar átti að flytja frá Íslandi til Rússlands.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Ingvi Hrafn Jónsson** er kominn heim frá Flórída og í síðasta þætti Hrafnaþings fitjaði hann upp á sérkennilegri deilu sem er risin milli hans og Bubba Morthens. Ingvi Hrafn var hvass í viðtali við DV þegar hann talaði um framferði Glitnismanna í veiðihúsi við Langá, þeir hafi migið og skitið í rúm sín dauðadrukknir og Bubbi spilað undir. Bubbi sagði í kjölfarið réttast að Ingvi Hrafn færi í meðferð. Ingvi Hrafn sagðist ekkert ætla að svara þessum ummælum en hafði sérkennilegan hátt á því: Þetta væri sérkennilegt komandi frá manni sem væri nú réttur og sléttur farandtónlistarmaður sem væri að snapa gigg hér og þar en á sínum tíma hafi hann selt sálu sína útrásarvíkingum.



Fréttablaðið hefur fylgst ítarlega með gerð kvikmyndarinnar Dead of Night enda skartar hún íslensku Hollywood-stjörnunni **Anitu Briem** í einu aðalhlutverkanna. Blaðamenn iesb.net heimsóttu tökustað fyrir nokkru og hápunktur þeirrar ferðar var þegar Aníta bauð þeim inn í hjólhýsi sitt og spilaði fyrir þá á gítar og söng á íslensku.

Nokkrar stórstjörnur hafa boðað komu sína í úrslitaþátt Idolsins enda ekki á hverjum degi sem óþekkt söngkona gengur heim með tvær milljónir í farteskinu. Einn þeirra sem hyggst koma fram er áðurnefndur **Bubbi Morthens** og hljómsveit hans Egó. Eins og frægt er orðið var ákveðið að skipta út allri dómefndinni í Idolinu fyrir þessa þáttaröð og það mæltist víst misvel fyrir hjá þeim sem sátu þá í dómarasætinu, þeirra á meðal var einmitt Bubbi. **- jbg, fgg**



Parki INTERIORS
PLASTPARKET TILBOÐ
PARKI.IS / DALVEGI 10 - 14 / S:5643500

# Mindgroup í útrás

Leikritið Þú ert hér sem hefur verið sýnt í Borgarleikhúsinu að undanförnu er nú á leið af fjölunum. Síðasta sýning er í kvöld en Mindgroup-hópurinn, sem stendur að baki sýningunni, er síður en svo af baki dottinn. Jón Atli Jónasson, einn meðlima Mindgroup, upplýsir nefnilega að hópurinn eigi í viðræðum við leikhús á Norðurlöndunum og í Þýskalandi um að setja verkið upp þar.

„Já, og þau vilja gjarnan fá okkur. Hins vegar segir það kannski mest um hvernig litið er á Ísland um þessar mundir að leikhúsin hafa mestar áhyggjur af því hvernig við ætlum að ferðast. Það eru nefnilega sumir sem halda að það sé ekki hægt að fljúga á Íslandi, að allt millilandaflug hafi verið lagt niður,“ segir Jón Atli og hlær, bætir því síðan við að þetta sé langt frá því það fáranlegasta sem hann hafi heyrt í kringum kreppuna, ónefndur bókaútgefandi hafi nefnt það við hann fyrir nokkru að einhverjir Íslendingar hafi fengið matarsendingar að utan. Jón Atli bætir því við að þeir hafi ekki tekið ákvörðun um hvort þeir sýni á íslensku á Norðurlöndunum, viðurkennir að það gæti verið spennandi kostur enda séu töluvert margir Íslendingar sem hafa þar aðsetur og eru hálfgrunlausir um hvað er hér í gangi.

Fullvíst má telja að Þú ert hér á eftir að vekja mikla athygli utan landsteinanna enda fjallar verkið um hrunið, kreppuna og eftirmál góðærisins. Ísland hefur verið samfleytt í sex mánuði í kastljósi heimspressunnar vegna þessara hluta. „Reyndar fara menn að hlæja þegar við segjum hvaða hluti okkur vantar fyrir sýninguna,“ útskýrir Jón en það munu vera lúxusjeppi og kampavín. **- fgg**



**TIL ÚTLANDA** Þú ert hér er engin venjuleg leiksýning en þar er efnahagshrunið á Íslandi tekið fyrir.



**ER FLOGIÐ?** Jón Atli Jónasson segir útlendinga hafa undarlegar hugmyndir um Ísland; þeir hafi til að mynda áhyggjur af því hvernig leikhópurinn komist milli landa.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Mið 6/5 | Kl. 20 | UPPSELT | Fös 15/5 | Kl. 20 | UPPSELT | Fös 22/5 | Kl. 20 | UPPSELT | Mán 1/6 | Kl. 16 | Örfá sæti | Fös 12/6 | Kl. 20 | Örfá sæti |
| Fim 7/5 | Kl. 20 | UPPSELT | Lau 16/5 | Kl. 16 | UPPSELT | Lau 23/5 | Kl. 20 | UPPSELT | Mið 3/6 | Kl. 20 | UPPSELT | Lau 13/6 | Kl. 14 | Örfá sæti |
| Fös 8/5 | Kl. 20 | UPPSELT | Sun 17/5 | Kl. 16 | UPPSELT | Sun 24/5 | Kl. 16 | UPPSELT | Fim 4/6 | Kl. 20 | UPPSELT | Sun 14/6 | Kl. 16 | UPPSELT |
| Lau 9/5 | Kl. 20 | UPPSELT | Sun 17/5 | Kl. 20 | UPPSELT | Mið 27/5 | Kl. 20 | Örfá sæti | Fös 5/6 | Kl. 20 | Örfá sæti | | | |
| Sun 10/5 | Kl. 20 | UPPSELT | Mið 20/5 | Kl. 20 | UPPSELT | Fim 28/5 | Kl. 20 | UPPSELT | Lau 6/6 | Kl. 20 | UPPSELT | | | |
| Mið 13/5 | Kl. 20 | UPPSELT | Fim 21/5 | Kl. 16 | UPPSELT | Fös 29/5 | Kl. 20 | UPPSELT | Sun 7/6 | Kl. 16 | UPPSELT | | | |
| Fim 14/5 | Kl. 20 | UPPSELT | Fim 21/5 | Kl. 20 | UPPSELT | Lau 30/5 | Kl. 20 | UPPSELT | Fim 11/6 | Kl. 20 | UPPSELT | | | |

**FYRSTUR KEMUR**
**FYRSTUR FÆR!**

Sett upp í samstarfi við

VISA

Miðasala er í síma **568 8000**
og á **borgarleikhus.is**

Borgarleikhúsið

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**Tæki færi** í mars

Bæklingur fylgir með inni í blaðinu í dag

**SMITH & NORLAND**
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is




**BAKÞANKAR**

Þórgunnar Oddsdóttur


## *Vorhreingerningin*

Til allrar hamingju hef ég aldrei þurft að taka til í ríkisfjármálum, sópa út spillingu eða pakka niður úr sér genginni hugmyndafræði. Mig grunar samt að í grunninn sé ekki svo mikill munur á því að gera stórhreingerningu heima hjá sér og að taka til í heilu þjóðarbúi. Sömu lögmál hljóta að eiga við – að halda sér vel að verki og beita sjálfan sig aga því það er freistandi að gefast upp í miðjum klíðum og sópa bara öllu undir mottu.

**ÞAÐ** var ekki laust við að ég vorkenndi ráðamönnum þjóðarinnar svolítið þar sem ég stóð á stofugólfinu heima um daginn og reyndi að hefjast handa við að pakka niður búslóðinni vegna tímabundinna flutninga. Smámál miðað við tiltektina sem ríkisstjórnin stendur frammi fyrir en verðugt verkefni engu síður. Ég hóf verkið af krafti en strax á fyrsta degi missti ég einbeitinguna og sökkti mér ofan í gamlar dagbækur sem fundust niðri í skúffu frekar en að þrífa klósett eða þvo glugga. Á öðrum degi hafði ég síðan alveg gleymt stað og stund, það var ekki fyrr en ég opnaði skápinn í svefnherberginu sem raunveruleikinn læddist aftan að mér og ég mundi hvernig ástandið í þjóðfélaginu er og hvers vegna ég var að taka til á annað borð.

**ÞARNA** blöstu við mér í röðum, jakkaföt, skyrtur og bindi í öllum regnbogans litum, áþreifanleg sönnun þess að einu sinni var góðæri á Íslandi og þá bjó bankastarfsmaður á heimilinu sem þurfti á svona fatnaði að halda. Þetta var árið 2008. Ekki svo langt síðan en samt fannst mér ég vera að handfjatla hálfgerða fornmuni þegar ég tíndi herlegheitin út úr skápnum. Það þurfti að koma þessum góðærisleifum úr augsýn enda ástæðulaust að láta jakkaföt fylla út í fataskápinn vorið 2009.

**SVO** hófst burðurinn. Óteljandi ferðir niður í geymslu með fangið fullt af bankamannsfötum. Mér fannst þetta taka heila eilífð og var dösuð en glöð á eftir þegar ég virti fyrir mér plássið sem myndaðist í fataskápnum þegar þessi ósköp voru horfin.

**KANNSKI** eru stjórnvöld að mikla tiltektina svolítið fyrir sér. Það þarf bara að ganga til verks, troða góðærisleifunum inn í geymslu og byrja upp á nýtt með tóma skápa.

**AUÐVITAÐ** þarf svo að taka til í geymslunni á endanum en það má bíða betri tíma.



**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er föstudagurinn 8. maí, 128. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.36 | 13.24 | 22.15 |
| Akureyri | 4.05 | 13.09 | 22.15 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Ný lausn í heimabanka Byrs




Þú getur sparað
**milljooo.ooonir**
með niðurgreiðslu íslenskra lána!
**– það er fjárhagsleg heilsa!**







**Milljóna sparnaður með 10.000 króna aukagreiðslu á mánuði**

Tökum sem dæmi 11 milljón króna verðtryggt íbúðalán sem tekið var í september 2007. Með því að greiða 10.000 krónur aukalega á mánuði, sparast 10.671.376 krónur á lánstímanum. Miðað er við 6% vexti og 5% verðbólgu á 40 ára lánstíma. Aukagreiðslan bætist við mánaðarlega afborgun og lækkar höfuðstól lánsins. Höfuðstóllinn lækkar hraðar en upphaflegar afborganir gera ráð fyrir og við það sparast milljónir í vaxtakostnaði og verðbótum.

**Það er einfaldara en þú heldur!**

- **Einföld aðgerð í heimabanka Byrs þér að kostnaðarlausu**
- **Stakar eða fastar mánaðarlegar greiðslur**
- **Ekkert uppgreiðslugjald á íslenskum lánum undir 50 m.kr. hjá Byr**

**Sjáðu hvað þú sparar á byr.is**

**Nýttu þér persónulega þjónustu og faglega ráðgjöf í sparisjóðnum**

Lausnir með fjárhagslegri heilsu

Fjármálanámskeið á mannamáli ▪ Stöðumatið mitt og Heimilisbókhald ▪ Fjármálapróf ▪ Heilsupróf og ráðgjöf ▪ Lenging lána ▪ Greiðslujöfnun húsnæðislána ▪ Fyrirframgreiðsla Lífsvals ▪ Frysting erlendra lána ▪ Niðurgreiðsla lána

BYR SPARISJÓÐUR
www.byr.is | sími 575 4000